

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek spyr hvort menn myndu biðja parkettlagningarmann að vinna vinnuna sína frítt. 25



**MENNING** Það má mikið vera ef Hvítfeld er ekki upphafið að ferli stórbrotins skáldsagnahöfundar. 46



**SPORT** Cristiano Ronaldo snýr aftur á sinn gamla heimavöll í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar. 64




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
21. desember 2012
300. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

## LÍFIÐ



### Hvað gerist 2013?

Völva Lífsins skoðar framtíð lands og þjóðar á komandi ári.

## FRÉTTIR

**Áfengismælar á skólaböll** Foreldrar og lögregla á Akranesi telja drykkju á skólaböllum fara vaxandi. Við því verði að sporna. 2

**Þungir dómar** Annþór Karlsson var í gær dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir þrjár líkamsárásir. Börkur Birgisson hlaut sex ára dóm. Átta aðrir fengu einnig þunga dóma í málinu. 16

**Húsaleigan hækkar** Leiguverð á húsnæði hefur hækkað um 7,6% á milli ára á höfuðborgarsvæðinu. Hæsta verðið ekki lengur í miðborg og Vesturbæ. 18




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | NA | 7 |
| Akureyri | 4° | A | 6 |
| Egilsstaðir | 4° | ASA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | A | 10 |
| Reykjavík | 6° | NA | 11 |

**Rigning eða skúrir** sunnan- og austanlands með strekkingsvindi en hægari annars staðar og úrkomulítið fyrri hluta dags. Hiti 2 til 8 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk









**SVEINKAR Í SMÁRALIND** Fjöldi fólks leggur leið sína í verslunarmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu þessa síðustu daga fyrir jólin. Þeir sem gengu um ganga Smáralindar í gær gátu vænst þess að rekst á jólasvein eða tvo. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samstaða um að höft verði ótímabundin

**Þverpólitísk nefnd vill að gjaldeyrishöftin verði ótímabundin og að afnám þeirra verði tengt efnahagslegum skilyrðum. Nefndin telur óráðlegt að samþykkja nauðasamninga gömlu bankanna og vill auka vald stjórnvalda yfir framgangi þeirra.**

**EFNAHAGSMÁL** Gjaldeyrishöft verða ekki lengur tímabundin heldur verður þeim lyft þegar ákveðin efnahagsleg skilyrði sem tryggja fjármálalegan stöðugleika verða til staðar, samkvæmt tillögu nefndar fulltrúa allra þingflokka um afnám gjaldeyrishafta. Samkvæmt gildandi lögum á að afnema höftin í lok næsta árs. Þá þykir óráðlegt að samþykkja nauðasamninga gömlu bankanna við núverandi ástæður.

Þetta kemur fram í bréfi sem nefndin sendi formönnum allra stjórnmálaflokka í gær. Í bréfinu er óskað eftir fundi með formönnunum fyrir jól til að ræða tillögurnar. Fréttablaðið hefur bréfið undir höndum.

Í nefndinni, sem starfað hefur frá því í september 2011, sitja sex manns. Þar á meðal er Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Huginn Freyr Þorsteinsson, aðstoðarmaður Steingríms J. Sigfússonar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkir algjör samstaða meðal nefndarmanna um þær tillögur sem settar eru fram í bréfinu.

Í bréfi nefndarinnar er komið á framfæri þeirri tillögu að gildistíma haftanna verði breytt, en þau á að afnema fyrir árslok 2013 samkvæmt gildandi lögum. Í bréfinu segir að nú liggi fyrir að sá tímarammi hafi ekki reynst nægjanlegur og að „fastar tímasetningar henta illa til að ná fram réttum hvötum við að tryggja árangursríkan framgang afnámsáætlunarinnar. Nefndin leggur því til að hið svo kallaða sólarlagsákvæði verði fellt brott og að í staðinn verði lögunum breytt þannig að losun fjármagnshafta verði tengd efnahagslegum skilyrðum sem þurfa að vera til staðar til þess að losun hafta ógni ekki fjármálalegum stöðugleika“.

- þsj / sjá síðu 6

### → Nefnd um afnám gjaldeyrishafta

Björn Rúnar Guðmundsson
Huginn Freyr Þorsteinsson
Tryggvi Þór Herbertsson
Sigurður Hannesson
Bolli Héðinsson
Jón Helgi Egilsson

Hannar fyrir skammdegið:

## Endurskin fyrir fullorðna

**TÍSKA** „Ég byrjaði að horfa í kringum mig og sá að enginn var með endurskinsmerki,“ segir Alice Olivia Clarke sem flutti hingað til lands frá Kanada fyrir 20 árum. Hún segist hafa verið löt við að ganga með glitmerki og því fengið þá hugmynd að hanna eitthvað áberandi og flott fyrir íslenska skammdegið. Útkoman er handhekluð blóm úr lopa og endurskinsþráðum. - hva / sjá síðu 70






## SPURNING DAGSINS



Ólöf, er jólakettinum þá ekki hætt við meltingartruflunum?

**„Jú, ef hann borðar yfir sig eða kemst í koníakslagaða humarsúpu eins og einn annar köttur lenti í.“**

Ólöf Loftsdóttir dýralæknir varar gæludýraeigendur við því að gefa dýrunum sínum af jólamatnum sem getur farið illa í þau.

Afkoma í íslenskum sjávarútvegi á árinu 2011 sú besta í manna minnum:

# Milljarða tugir í hagnað

**SJÁVARÚTVEGUR** Afkoma í sjávarútvegi var afburðagóð á árinu 2011, samkvæmt samantekt Hagstofunnar. Framlegð sjávarútvegsins nam rétt tæpum 80 milljörðum króna á árinu 2011 fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) auk greiðslu á 3,7 milljörðum króna í veiðigjald. Samsvarandi tölur ársins 2010 eru tæpir 64 milljarðar króna árið 2010 og 2,3 milljarðar í veiðigjald. EBITDA-framlegðin batnaði því um tæp 26% á milli ára.

**80** milljarðar króna er framlegð sjávarútvegs á árinu 2011 fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta.

Í tilkynningu frá atvinnuvegaráðuneytinu kemur fram að í forsendum fyrir álagningu veiðigjalds fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 var gert ráð fyrir 72 milljarða króna EBITDA-framlegð. Þar er því spáð að 2012 verði að líkindum einnig gott rekstrarár fyrir sjávarútveginn. Það er byggt á því að gengi krónunnar hefur haldist veikt, þorskkvótinn var aukinn talsvert og veiðar og vinnsla á uppsjávarfiski hafa gengið vel á árinu. Á móti hefur verð á erlendum mörkuðum lækkað, ekki síst á botnfiskafurðum. Veiðigjald á árinu 2012/2013 er áætlað af stjórnvöldum um 12,5-13,0 milljarðar. - shá

Öryggisráð SÞ:

# Innrás í N-Malí samþykkt í gær

**MALÍ** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gærkvöldi að sameinaður her frá ýmsum Afríkuríkjum beiti „öllum nauðsynlegum ráðum“ til þess að koma íslamistum frá völdum í norðurhluta Malí.

Vestur-afrísk ríki segjast hafa 3.300 hermenn sem eru tilbúnir til að fara til Malí nú þegar. Ráðið samþykkti að gefa herliðinu ár til að koma íslamistum frá og hjálpa stjórnvöldum að ná norðurhluta landsins aftur á sitt vald. - þeb



**ALLRA MANNA ELSTUR** Japaninn Jiroemon Kimura er elsti einstaklingur heims, 115 ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Elsti maður heims fagnaði 115 ára afmæli í vikunni:

# Síðasti karlinn frá 19. öldinni

**JAPAN Hinn 115 ára gamli Jiroemon Kimura var í vikunni formlega útnefndur elsti lifandi einstaklingur heims. Hann er auk þess síðasti lifandi karlinn sem fæddist á nítjándu öld, að því er segir á vef Berlingske.**

**Kimura, sem er japanskur, fæddist árið 1897 og starfaði hjá póstþjónustunni. Hann tók við titlinum af hinni bandarísku Dinu Manfredini, sem var fimmtán dögum eldri og bar titilinn aðeins í tvær vikur áður en hún lést á mánudag.**

**Endist Kimura ævin út þetta ár, verður hann eldri en vitað er um að nokkur annar karlmaður hafi áður orðið.** - þj

# Beiti áfengismælum stífar á skólakrakka

Foreldrar á Akranesi segja Framhaldsskóla Vesturlands skapa nemendum tækifæri til að vera ofurölvi í skjóli skóladansleikja. Hefja verði reglulega notkun áfengismæla á ný því drykkjan vaxi. Skólastjórinn segir engin gögn um aukna drykkju.

**ÆSKULÝÐSMÁL** „Foreldrar og lögregla eru sammála um að enn á ný sé drykkjan á skólaböllum að aukast,“ segja foreldrar á Akranesi í bréfi til skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Bréfið til Atla Harðarsonar skólameistara er frá félaginu Skagaforeldrar og Foreldrafélagi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA). Kemur fram að þegar fyrir ári hafi stjórn Skagaforeldra lýst óánægju með að hætt hafi verið reglulegri notkun áfengismæla á vegum nemendafélags fjölbrautaskólans (NFFA).

„Margir nýnemar töluðu um að með því að láta alla blása létti það á spennunni og tók af þeim þá pressu að „verða að drekka“ á skólaballi,“ segja foreldrarnir. Ástandið hafi á sínum tíma breyst mikið til hins betra þegar áfengismælunum var beitt. Nú sé drykkjan aftur að aukast.

„Einnig hafa foreldrar haft á orði að gæsla sé ekki jafn öflug og hún var og slakað hafi verið á því að hringt sé í foreldra til að sækja drukkin börn 18 ára og yngri á dansleiki. Það hlýtur að vera stefna skólans að útrýma áfengisdrykkju á skóladansleikjum,“ segja foreldrarnir.

Fram kemur að Skagaforeldrar hafi kannað notkun áfengismæla í öðrum framhaldsskólum. Mælarnir séu notaðir í þrettán skólum eftir mismunandi reglum. „Það er algjör synd að að tapa niður þeim árangri sem náðst hefur,“ segja foreldrarnir. Þó að börn undir átján ára séu á ábyrgð foreldranna sé ábyrgð skólans mikil „með því að skapa nemendum tækifæri til að skemmta sér ofurölvi í skjóli þess að um skóladansleik er að ræða“.

Atli Harðarson skólameistari segir áfengismælingar ekki hafa verið lagðar af. Framkvæmdinni hafi hins vegar verið breytt.

„Áður fékk yngri hluti nemenda ekki inngöngu á ball nema sanna að hann væri edrú. Umboðsmaður Alþingis sagði þessa framkvæmd ekki í samræmi við lög. Hins vegar væri okkur heimilt að gefa nemendum sem væru sérstaklega grunaðir um að vera undir áhrifum kost á að sanna sakleysi sitt með því að nota áfengismæli eða vera vísað frá vegna ölvunar,“ segir Atli. Þetta verklag sé nú við lýði.

Atli segir að nú blási í raun fleiri í áfengismælinn en áður því settur hafi verið upp edrúpottur með happdrættisvinningum. Mælirinn sé því einnig notaður af eldri nemendum.

Að sögn Atla eru engin gögn til um að drykkjan hafi aukist eða minnkað. „En ég veit að erfiðum málum sem hafa komið inn á borð skólastjórnenda vegna drykkju hefur fækkað ári frá ári,“ segir skólameistarinn. gar@frettabladid.is



**FJÖLBRAUTASKÓLI VESTURLANDS** Foreldrar á Akranesi segja unglingadrykkju hafa aukist á ný eftir að framhaldsskólinn í bænum hætti að láta nemendur blása í áfengismæla á skólaböllum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Framhaldsskólar með áfengismæla

- Borgarholtsskóli.
- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ.
- Fjölbrautaskólinn í Mosfellsbæ.
- Fjölbrautaskólinn við Ármúla.
- Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.
- Flensborgarskóli.
- Framhaldsskólinn Húsavík.
- Iðnskólinn í Hafnarfirði.
- Menntaskólinn á Akureyri.
- Menntaskólinn í Reykjavík.
- Tækniskólinn.
- Verkmenntaskólinn á Akureyri.
- Verzlunarskóli Íslands

HEIMILD: SKAGAFORELDRAR

Eldsupptök ókunn:

# Lést í eldsvoða

**GRUNDARFJÖRÐUR** Rúmlega fertugur maður lést í eldsvoða í Grundarfirði aðfaranótt fimmtudags. Ekki er ljóst hvað olli brunanum sem varð við Grundargötu í Grundarfirði á þriðja tímanum. Nágranni varð eldsins var og hringdi á slökkviliðið, sem fann manninn.

Maðurinn sem lést var eini íbúi hússins, en hann bjó á neðstu hæð þess. Þar til fyrir skemmstu bjó fólk á efri hæð. Lífgunartilraunir báru ekki árangur og var maðurinn úrskurðaður látinn.

Eldurinn var ekki mjög mikill að sögn slökkviliðsstjóra í Grundarfirði og einangraðist við eitt herbergi í húsinu, sem var mjög mikið skemmt. - þeb

Ekki talinn farinn úr landi:

# Matthías Máni enn ófundinn

**LÖGREGLUMÁL** Matthías Máni Erlingsson, sem strauk af Litla-Hrauni á mánudag, var enn ófundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Hans var leitað áfram í nágrenni Litla-Hrauns í gær. Björgunarsveitarmenn röktu fótspor sem fundust á miðvikudag.

Ýmsar ábendingar hafa borist lögreglu vegna hvarfs hans. Ekki er talið að Matthías hafi farið úr landi, að sögn Arnars Rúnars Marteinssonar, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Leitin að honum miðast því við að hann sé enn hér á landi. - þeb






Hollande Frakklandsforseti viðurkenndi að Frakkar hefðu verið grimmir í Alsír:

# Baðst samt ekki afsökunar

**ALSÍR, AP** „Ég viðurkenni þær þjáningar sem nýlendukerfið olli íbúum í Alsír,“ sagði François Hollande Frakklandsforseti í Algeirsborg í gær, þar sem hann var í opinberri heimsókn.

Hann baðst þó ekki afsökunar fyrir hönd Frakklands, eins og margir höfðu gert sér vonir um.

Hann dró þó ekkert undan og nefndi sérstaklega fjöldamorðin sem Frakkar frömdu í sjö ára stríði er lauk með endurheimtu sjálfstæði Alsírs árið 1962, eftir 132 ára hernám.

„Söguna verður að segja, jafnvel þótt hún sé sorgleg og jafnvel þótt hún sé sársaukafull fyrir bæði löndin okkar,“ sagði Hollande í ávarpi á þjóðþingi Alsírs, og sagði Alsíringa hafa mátt búa við „gífurlega ranglátt og grimmilegt nýlendukerfi“ þau 132 ár sem Frakkar réðu í landinu.

Hann sagði jafnframt að nú hæfist nýtt tímabil í samskiptum ríkjanna. Meðal annars hefur verið ákveðið að frönsku bílaverksmiðjurnar Renault hefji starfsemi í Alsír í samstarfi við alsírsk fyrirtæki. - gb



**TAKA Í HÖNDINA Á HOLLANDE** Frakklandsforseti gaf sér tíma til að heilsa upp á almenning í Algeirsborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

0 kr. Nova í Nova: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 690 kr. í áskrift og þá fylgir 100 MB netnotkun á mánuði.
Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

**GENGIÐ**
**20.12.2012**

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,1 | 125,7 |
| Sterlingspund | 203,46 | 204,44 |
| Evra | 165,66 | 166,58 |
| Dönsk króna | 22,201 | 22,331 |
| Norsk króna | 22,445 | 22,577 |
| Sænsk króna | 19,108 | 19,22 |
| Japanskt jen | 1,489 | 1,4978 |
| SDR | 193,16 | 194,32 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
227,3988

Útlit fyrir tap Íslandspósts vegna afgreiðslu og dreifingar um allt land þrátt fyrir einkaleyfi:

# Aðhald frekar en hækkun póstgjalda

**SAMGÖNGUR** Taprekstur vegna minnkandi póstmagns kallar á að dregið verði úr kostnaði Íslandspósts vegna alþjónustu. Með alþjónustu er meðal annars átt við rekstur póstafgreiðslna um land allt og dreifingu pósts alla virka daga um land allt. Þetta kemur fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar þingmanns.

Íslandspóstur hefur einkarétt á póstsendingum allt að 50 grömmum að þyngd. Einkarétturinn hefur til þessa staðið undir kostnaði Íslandspósts vegna alþjónustu, sem nemur nú um 400 til 600 milljónum króna á ári, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar. Í svari ráðherra kemur hins vegar fram að vegna minnkandi póstmagns sé útlit fyrir að í ár verði tap hjá fyrirtækinu vegna alþjónustunnar.

Til að draga úr þörf Íslandspósts til að hækka gjaldskrár vinnur innanríkisráðuneytið nú að því að meta möguleikana í stöðunni.

Spurning Einars varðaði áform stjórnvalda vegna tilskipunar ESB um opnun póstmarkaða og þar með afnám einkaréttarins. Ráðherra segir að ekki standi til að taka upp tilskipunina fyrr en ljóst sé að þessi mál heyri sannarlega undir EES-samninginn.

Hvort sem einkarétturinn verður afnuminn eða ekki, getur engu að síður reynst nauðsynlegt að draga úr kostnaði vegna alþjónustunnar, segir ráðherra. **- þj**




**TAP ÞRÁTT FYRIR EINKARÉTT** Útlit er fyrir að tap verði á alþjónustu Íslandspósts í ár, en innanríkisráðherra segir unnið að lækkun kostnaðar.

Ný lög frá Alþingi:

## Gildistími vegabréfa lengdur

**FERÐALÖG** Gildistími íslenskra vegabréfa, fyrir átján ára og eldri, hefur verið lengdur úr fimm árum í tíu ár. Lög þess efnis voru samþykkt á Alþingi í vikunni.

Gildistími var tíu ár áður en hann var styttur árið 2006. Skýringin sem þá var gefin var sú að verið var að taka upp ný vegabréf með örflögu í, og framleiðendur gátu ekki tryggt að þau myndu endast í tíu ár.

Nú er hins vegar ljóst að svo er, og þótti því ástæða til að lengja gildistímann að nýju. **- þj**

Með sjúkragögn í gíslingu:

## Tölvuþrjótar kúga spítala

**ÁSTRALÍA Rússneskir tölvuþrjótar halda sjúkraskrám ástralsks spítala í gíslingu eftir að þeir brutust inn í tölvukerfi spítalans og dulkóðuðu allar sjúkraskýrslurnar.**

**Ekki hefur tekist að rjúfa dulkóðunina og því verður spítalinn að borga gjaldið eða nota gömul afrit til að byggja aftur upp skrárnar. Tölvuþrjótarnir krefjast 4.000 ástralskra dollara, um 550 þúsund íslenskra króna. Stjórnendur spítalans segja upphæðina svo lága að líklega borgi sig að borga lausnargjaldið.** **- bj**



**MISVÍSANDI** Stefna borgarinnar undanfarin ár hefur verið að leggja ekki gangbrautir yfir götur heldur hægja á umferð með hraðahindrunum og þrengingum. Til stendur að endurskoða þá stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HÆTTULEGAR GÖNGULEIÐIR

Akandi eiga forgang

**MIKLABRAUT** Yfir fráreinar á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar eru aðeins merktar línur þvert á götuna en engin gangbrautarskilti.

**KALKOFNSVEGUR** Gangbrautin yfir Kalkofnsveg til móts við Hörpu er ekki rétt merkt, svo þrátt fyrir að gangbrautarmerki séu við götuna eiga gangandi ekki forgang. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SAFAMÝRI** Gönguleið yfir Safamýri liggur eftir hraðahindrun þar sem gatan hefur verið þrengd. Þarna er engin gangbraut svo bílarnir eiga réttinn, en þessi hönnun þykir bjóða upp á rugling.

Gangandi eiga forgang

**KRINGLUMÝRARBRAUT** Réttur gangandi vegfarenda er tryggður með gönguljósum og línum þvert yfir Kringlumýrarbraut.

**LAUGAVEGUR** Varasamt er að leggja gangbraut þvert á tveggja akreina veg. Þrátt fyrir að gangbrautin sé rétt merkt og gangandi eigi réttinn býður þetta hættunni heim.

**HAMRAHLÍÐ** Rétt merkt gangbraut liggur eftir hraðahindrun yfir Hamrahlíðina. Þverrendur eru yfir götuna og umferðarmerki taka af allan vafa.

Hætta vegna misvísandi ...

**UMFJÖLLUN** Fjallað var um mismunandi merkingar yfir gönguleiðir í Fréttablaðinu í vikunni.

## Íhuga samráð á höfuðborgarsvæðinu

Í skýrslu um gönguleiðir yfir götur sem unnin var fyrir Vegagerðina er gagnrýnt að mikill munur sé á merkingum við gönguleiðir yfir götur milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem valdi ruglingi hjá bæði gangandi og akandi.

Stefán Agnar Finnsson, yfirverkfræðingur Reykjavíkurborgar, segir að hingað til hafi ekki verið talin ástæða til að hafa samráð milli sveitarfélaga um þessi mál. Hin sveitarfélögin hafi gjarnan fylgt fordæmi borgarinnar í sambærilegum málaflokkum. Í kjölfar ábendinga í skýrslu Vegagerðarinnar sé mögulega ástæða til að íhuga slíkt samráð við endurskoðun á stefnu borgarinnar í þessum málaflokki.

# Borgin endurskoðar gönguleiðir yfir götur

Borgaryfirvöld ætla að endurskoða stefnu sína um gangbrautarmerkingar í kjölfar gagnrýni í skýrslu Vegagerðarinnar. Mismunandi merkingar við gönguleiðir yfir götur valda ruglingi. Lengi verið umdeilt hvort gangbrautir auki öryggi gangandi.

**SAMGÖNGUR** Borgaryfirvöld ætla að endurskoða þá stefnu sína að leggja helst ekki gangbrautir. Það verður gert í kjölfar harðrar gagnrýni á misvísandi merkingar við gönguleiðir yfir götur sem sett var fram í skýrslu sem unnin var fyrir Vegagerð Íslands.

Í skýrslunni var bent á að margar ólíkar útfærslur væru á merkingum á algengum gönguleiðum yfir götur. Það geti valdið því að bæði gangandi og akandi séu óvissir um hver eigi réttinn, eins og fram kom í umfjöllun Fréttablaðsins í vikunni.

Dæmi um þetta eru algeng gerð gönguleiða yfir götur þar sem lögð er hraðahindrun og gatan jafnvel þrengd. Margir halda að þær gönguleiðir séu gangbrautir þar sem gangandi eiga réttinn, þó svo sé ekki raunin.

Gangandi eiga aðeins réttinn á gangbraut sem merkt er með bæði gangbrautarmerki og merkingum í götu, annað hvort hvítum samhliða línum langsum á vegi (sebrabraut) eða tveimur þverröndum yfir veg.

Skortur á hefðbundnum gangbrautarmerkingum á sér langa sögu, segir Stefán Agnar Finnsson, yfirverkfræðingur hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Hann segir að átak hafi verið gert í að fjarlægja gangbrautir yfir fjögurra akreina götur fyrir tveimur áratugum, enda séu þær taldar hættulegar. Því er höfundur skýrslunnar sem unnin var fyrir Vegagerðina sammála.

Stefán segir að lengi hafi verið umdeilt hvort gangbrautir yfir vegi með eina akrein í hvora átt séu til þess að auka öryggi eða draga úr því. Þess vegna hafi borgaryfirvöld ákveðið að reyna frekar að draga úr hraða með þrengingum og hraðahindrunum til að auka öryggi gangandi í umferðinni.

Nú segir Stefán ástæðu til að endurskoða þá stefnu. „Ég held að við munum fara í stefnumörkunarvinnu til að ákveða hvernig við viljum hafa þetta,“ segir Stefán. Hann nefnir þar sérstaklega ábendingu í skýrslu Vegagerðarinnar um mikilvægi gangbrauta fyrir sjónskerta. **brjann@frettabladid.is**



**FÉKK SÉR NORSKAN BJÖRGUNARBÁT** Pieter van der Meer reiknar varla með meiri hamförum en flóði. NORDICPHOTOS/AFP

Hollendingur býr sig undir heimsendi í dag:

## Kemur 35 manns fyrir í örkinni

**HOLLAND Pieter van der Meer, íbúi í bænum Kootwijkerbroek í Hollandi, taldi rétt að hafa varann á og fékk sér norskan björgunarbát, fari svo að heimsendir verði í dag.**

**Bátnum, eða örkinni eins og hann kallar fleyið, hefur hann komið fyrir í garði sínum og segist geta komið 35 manns fyrir um borð. Hann reiknar þó greinilega ekki með því að heimsendir þýði mikið meira en stórflóð.**

**Töluvert stór hópur fólks virðist hafa raunverulegar áhyggjur af því að heimsendir verði í dag, og telur sig geta lesið það út úr tímatali Maya í Suður-Ameríku, en í dag lýkur rúmlega fimm þúsund ára tímabili í tímatali þeirra. Þeir sem kynnt hafa sér tímatal Maya benda þó á að þegar einu tímabili lýkur tekur annað við.** **- gb**

ÓBYGGÐALEIÐIR Á ÍSLANDI




Spennandi og fáfarnar ferðaleiðir um hálendi Íslands. Bók sem allir fjallamenn verða að hafa í bílnum.

Hinn fullkomni ferðafélagi!

SKRUDDA
www.skrudda.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Strekkingur með S- og NA-ströndinni annars hægari.




**Þorláksmessa**
Strekkingur eða hvasst S- og V-lands annars hægari.

**NOKKUÐ VINDASAMT** verður á landinu næstu daga og rigning sunnan- og austanlands. Á Þorláksmessu kólnar og þá má búast við slyddu með suðurströndinni. Á aðfangadag kólnar enn með éljum norðan og austan til en sunnanlands léttir til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Berlín | -1° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 23° | New York | 8° | París | 9° |
| Aþena | 10° | Billund | 2° | Gautaborg | 0° | London | 9° | Orlando | 19° | San Francisco | 14° |
| Basel | 1° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 14° | Ósló | -5° | Stokkhólmur | -4° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# ÞÚ FÆRÐ EINFALDLEGA
# ALLT TIL JÓLANNA Í HAGKAUP




**DANSKIR OSTAR Í ÚRVALI**

- Castello svartur
- Castello hvítur
- Castello blár
- Höng himmelblá
- Castello Marquis
- Höng Camembert









**FRANSKIR OSTAR Í ÚRVALI**

- Petit Sapin
- Munster
- Chevre d´Argental
- Camembert Normandy
- Chablis Chalancey
- Buchette de chévre Cendrée
- Búchette de Chévre Nature
- Mini delice d´Argental



Ný sending af sælkeraáleggi frá Ítalíu og Spáni.

Ný sending af ostum frá Frakklandi og Danmörku.



sælkeraborð
HAGKAUPS
KRINGLUNNI

Ostar fyrir öll tilefni • Brauð og bakkelsi • Hráskinka • Salami










24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er skrifstofustjóri Alþingis?
**2.** Hvað heitir Benni, eigandi Bílabúðar Benna?
**3.** Hver skrifaði barnabókina Víti í Vestmannaeyjum?

**SVÖR**
**1.** Helgi Bernódusson. **2.** Benedikt Eyjólfsson. **3.** Gunnar Helgason.

Risaverkefni verkfræðistofunnar Mannvits fær 40 milljónir evra í styrk frá framkvæmdastjórn ESB:

# Þróar nýtt jarðvarmakerfi fyrir Ungverja

**ORKUMÁL** „Þetta er mikil viðurkenning fyrir okkur en sýnir ekki síður traust á íslensku hugviti í orkumálum,“ segir Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri verkfræðistofunnar Mannvits, um styrk upp á 40 milljónir evra, jafngildi hátt í sjö milljarða króna, úr NER300-áætlun framkvæmdastjórnar ESB til að þróa jarðvarmaverkefni í Ungverjalandi. Verkefnið var eitt af 23 grænum orkuverkefnum sem hlutu styrk að þessu sinni.

Heildarkostnaðurinn við verkefnið, sem hefur verið í undirbúningi í tæp tvö ár, er um 100 milljónir evra. Hinn hluti fjármögnunarinnar kemur frá ungverska fjárfestingafyrirtækinu EU-Fire, en verkefnið er einnig unnið í samstarfi við stjórnvöld þar í landi.

Í því felst að hanna kerfi þar sem borað er niður í heitt berg þar sem eru boraðir út vatnsgangar. Vatni er svo dælt þar niður í gegnum það upp aftur í hringrás í lokuðu kerfi. Varmann á svo að nota til raforkuframleiðslu og hitunar húsa.

„Þetta skiptir sköpum fyrir okkur og við miðum að því að hefja boranir á næsta ári. Það er vonandi að það takist,“ segir Eyjólfur. Hann segir gert ráð fyrir að tíu til fimmtán megavött fáist úr hverri holu.

„Það er ef til vill ekki mikið fyrir okkur Íslendinga en þegar miðað er við aðstæður hér í Ungverjalandi, þar sem notað er gas, munar það nokkru. **- þj**



**FRÁ BÚDAPEST** Mannvit fékk veglegan styrk frá framkvæmdastjórn ESB til að þróa jarðvarmaverkefni í Ungverjalandi, sem gæti meðal annars nýst til raforkuframleiðslu. NORDICPHOTOS/GETTY







# Dýrari vörur munu brátt komast í gegn

Hámarksverðmæti tollfrjálsra vara verður hækkað og hámark á stökum hlutum verður afnumið í tollinum, nái tillögur meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar fram að ganga. Ísland er með mun lægra viðmið í tollalögum en önnur lönd.

**NEYTENDUR** Hámarksverð á innfluttum tollfrjálsum varningi verður hækkað úr 65 þúsund krónum í 88 þúsund krónur og hámark á verðmæti einstaks hlutar verður afnumið.

Svo hljóða breytingartillögur meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar sem voru lagðar fram í gær við frumvarp til laga um breytingar á vörugjöldum og tollalögum er varða hámarksverðmæti á tollfrjálsum varningi sem ferðamenn koma með til landsins.

Íslendingar sem ferðast út fyrir landsteinana mega í dag taka tollfrjálsan varning inn í landið að hámarksverðmæti 65 þúsund krónur og verðmæti einstaks hlutar má ekki vera meira en 32.500 krónur. Þá eru sérstakar takmarkanir á því hve mikið af matvöru, áfengi og tóbaki má taka með inn í landið. Hámarkið er hvergi eins lágt í nágrannalöndunum og hér á landi. Innan ríkja Evrópusambandsins (ESB) er sambærilegt hámark 430 evrur, jafngildi ríflega 71.500 króna, en taka skal fram að milli tveggja ESB-ríkja eru allar vörur tollfrjálsar ef frá er skilið áfengi og tóbak.

Fram kemur í nefndaráliti meirihlutans að fjárhagsviðmiðið hafi haldist óbreytt síðan í lok árs 2008 en gengi íslensku krónunnar hafi hríðlækkað. Því segi það sig sjálft að ferðamenn geti ekki komið með eins mikið af verðmætum inn í landið og áður. Síðan síðustu breytingar voru gerðar hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæplega þriðjung og gengi krónunnar veikst um ríflega þriðjung. Þannig væri 65 þúsund króna hámarkið ríflega 100 þúsund krónur hefði það haldið í við gengisþróun krónunnar á móti Bandaríkjadal.

Efnahags- og viðskiptanefnd fékk fjölda hagsmunaaðila og annarra sem málin varða á fund til sín, meðal annars forsvarsmenn frá embætti tollstjóra, ráðuneytinu, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og embætti Landlæknis. Þá barst nefndinni einnig fjöldi umsagna um málið.

magnus@frettabladid.is
sunna@frettabladid.is




**HLUTIR MEGA KOSTA MEIRA** Lög um hámarksverðmæti tollfrjálsra vara hafa verið eins frá árinu 2008, þrátt fyrir gengishrun íslensku krónunnar.

## Tollur af reiðhjólum verði afnuminn

Meirihluti nefndarinnar leggur einnig til að tollur á reiðhjólum verði afnuminn. Sú aðgerð muni þó kosta ríkið um 30 milljónir króna. Í nefndarálitinu segir að það sé gert með það að markmiði að „efla vistvænar samgöngur og til samræmis við tillögur í skýrslu nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins frá september 2011, sem og nýlegar niðurfellingar, endurgreiðslur og lækkanir á opinberum gjöldum á vistvænar bifreiðar“.

Nefnd fulltrúa allra þingflokka um afnám gjaldeyrishafta:

# Vill bíða með nauðasamninga

**EFNAHAGSMÁL** Nefnd fulltrúa allra þingflokka um afnám gjaldeyrishafta hefur áhyggjur af fyrirhuguðum nauðasamningum Glitnis og Kaupþings og telur óráðlegt að samþykkja þá fyrr en heildrænstefna um afnám hafta og samningsafstaða liggur fyrir. Þetta kemur fram í bréfi sem nefndin sendi formönnum allra stjórnmálaflokka í gær. Fréttablaðið hefur bréfið undir höndum.

Nefndin kemur einnig fram áhyggjum sínum af því að Glitnir og Kaupþing stefni að frágangi nauðasamninga og skipulegri útgreiðslu í kjölfar þeirra. Í bréfinu segir að það sé skoðun nefndarmanna „að við þessar aðstæður sé rétt að bíða átekta og meta stöðuna ítarlega áður en slíkum nauðasamningum er veitt brautargengi. Einnig er mikilvægt að mati nefndarmanna að ákvörðunarrammi stjórnvalda í tengslum við jafn mikilvægt mál og hér um ræðir sé styrktur frá því sem nú er og kæmi í því sambandi til álita að breyta núgildandi lagaákvæðum. Í því felst meðal annars að létta þrýstingi af Seðlabankanum um að setja reglur sem varða undanþágur gömlu bankanna til gjaldeyrisviðskipta“.



**UMSÓKN** Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að slitastjórn Glitnis hefði sótt um undanþágu frá gjaldeyrishöftum vegna nauðasamnings bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nefndin undirstrikar að lokum þörf fyrir heildstæða áætlun um losun hafta og telur óráðlegt að gera róttækar breytingar á núverandi starfsumhverfi gömlu bankanna fyrr en slík liggur fyrir. **- þsj**

# JÓLAVÖRUÚTSALA

GILDIR 21.12 - 24.12

ALLUR JÓLAPAPPÍR
3 FYRIR 2
3 RÚLLUR Á VERÐI 2

JÓLAVARA
30-70%
AFSLÁTTUR

OPIÐ TIL KL. 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA!

23% AFSLÁTTUR

Koddi
50 x 70 sm.
3.995

KRONBORG OF DENMARK

SÆNG + KODDI

SÆNG + KODDI FULLT VERÐ: 16.945

12.995

135 X 200 SM.

60°

**KRONBORG LUX ANDADÚNSÆNG**
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C.
Stærð: 135 x 200 sm. **12.950** 135 x 220 sm. **14.950**

KLAPPSTÓLL

1.495

**THOMAS KLAPPSTÓLL**
Klappstóll, fæst í svörtu, grænu, bláu og hvítu.

ÚTIKERTI VERÐ FRÁ:

159

**ÚTIKERTI**
Mikið úrval af útikertum. Frábær verð!

KRONBORG OF DENMARK

HREIN EFNI

FRÁBÆR HANDKLÆÐI

**MAIN HANDKLÆÐI**
Einstaklega vönduð og góð handklæði úr 100% bómullarfrotté. Nokkrir litir.
Einlit handklæði: 30 x 30 sm. **199**
40 x 60 sm. **499** 50 x 100 sm. **995**
70 x 140 sm. **1.995** 100 x 150 sm. **2.995**
Röndótt handklæði, fást í nokkrum litum.
50 x 100 sm. **995** 70 x 140 sm. **1.995**

STÆRÐ: 30 X 30 SM.

199

40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 7.995

4.795

**FJARSTÝRÐUR JEPPI**
Með ljósum í dekkjum.

25% AFSLÁTTUR

250 X 260 SM. FULLT VERÐ: 10.950

7.995

**EBBA RÚMTEPPI**
Fallegt og meðfærilegt rúmteppi, fáanleg í svörtu og hvítu. Einnig fást púðar í stíl. Stærðir:
250 x 260 sm. **10.950** nú **7.995**
290 x 260 sm. **13.950** nú **10.395**
Púði 40 x 40 sm. **1.495** nú **1.095**

FULLT VERÐ: 2.495

1.995

20% AFSLÁTTUR

**UNI DE LUXE BAÐSLOPPUR**
Efni: 100% polyester-míkrófíber.
Fæst í 4 litum.
Stærðir S/M og L/XL.

23% AFSLÁTTUR

EINSTÖK GÆÐI

SÆNGURVERASETT FYRIR 2 ÁÐUR: 12.995

9.995

**ARIEL SÆNGURVERASETT**
Vönduð og glæsileg sett úr 100% bómullarsatíni. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm. 2 stk. sængurverasett saman í gjafapakkningu **12.995** nú **9.995**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**FOCUS GESTARÚM**
Góð lausn er gest ber að garði. 10 sm. þykk dýna með BONNELL gormum. Stærð: B80 x L190 sm.

40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 16.950

9.950

SVARTI SAUÐURINN OG AÐRAR FABÚLUR EFTIR AUGUSTO MONTERROSO

ÖRSÖGUR



Augusto Monterroso frá Guatemala (1921-2003) er konungur örsagnanna.

Kristín Guðrún Jónsdóttir kynnir hann hér fyrir íslenskum lesendum.

BJARTUR

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag

BREYTINGAR Á VÖRUGJÖLDUM

# Hætta við hækkun á bjórnum og bensíninu

**Fallið verður frá hækkunum á bensín-, olíu- og bifreiðagjaldi, sem og áfengis- og útvarpsgjaldi. Þýðir 1,6 milljarða króna minni hækkun. Í staðinn verður skattur á vaxtagreiðslur úr landi ekki afnuminn. Sterkt vín og tóbak hækkar eftir sem áður.**



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

Fallið verður frá hækkunum á gjöldum sem nema 1,6 milljörðum króna, samkvæmt tillögu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar. Helgi Hjörvar formaður greindi frá þessu skömmu fyrir atkvæðagreiðslu um fjárlög. Stjórnarandstaðan gagnrýnir að tillagan hafi ekki komið fyrr fram.

Meirihlutinn leggur til að horfið sé frá hækkun á bifreiðagjöldum, á vörugjaldi á bensíni, á sérstöku bensíngjaldi og á olíugjaldi. Þá verði hætt við hækkanir á bjór og léttvíni og hækkun á útvarpsgjaldi. Þetta þýðir að skatttekjur ríkisins dragast saman um 1.590 milljónir króna.

Til að mæta því leggur meirihlutinn til að fallið verði frá afnámi afdráttarskatts á vöxtum sem greiddir eru úr landi. Það skilar 1.600 milljóna króna tekjum.

„Breytingarnar draga úr neikvæðum verðlagsáhrifum fjárlagafrumvarpsins um liðlega 0,1 prósent og þar með hækka verðtryggðar skuldir heimilanna um hátt í tveimur milljörðum króna minna en annars hefði orðið en heildarniðurstaðan er jákvæð um 10 milljónir króna fyrir ríkissjóð,“ sagði Helgi þegar hann kynnti tillöguna á þingi í gær.

Hann sagði breytingarnar hafa lítils háttar áhrif á útkomu fjárlaganna. Efnislegar umræður færu fram þegar við aðra umræðu um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði það forkastanleg vinnubrögð að koma fram með mál sem hefði áhrif á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins rétt áður en það væri samþykkt.

„Það eina sem við, fulltrúar minni hlutans á Alþingi, höfum fengið að heyra um þessar tillögur er ræða háttvirts þingmanns rétt áðan sem stóð yfir í þrjár mínútur. Slík vinnubrögð eru til skammar fyrir Alþingi og það veit háttvirtur þingmaður Helgi Hjörvar.“

## Heimsmet í sköttum á bílaleigur

Pétur H. Blöndal, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og viðskiptanefnd, gagnrýnir vinnubrögðin varðandi breytingarnar mjög. Hann segir veigamiklar breytingar á skattkerfinu hafa verið kynntar og rifnar út með hasti. Þetta einkenndist af því að kosningar væru í nánd. Þá þýddu nýir skattar á bílaleigur að Íslendingar ættu nú heimsmet.

„Svo er þarna ýmislegt gott sem bendir til þess að kosningar séu í nánd, eins og til dæmis að lækka á gjaldið á Ríkisútvarpið aftur, það á sem sagt að hækka það og svo á að lækka það aftur, og sama máli gegnir um vörugjald á bensíni, olíugjald, áfengisgjald og vegagjöld og svo framvegis. Skuldir heimilanna hækka þá ekki eins mikið, sem sumir hafa gaman af að reikna út.

En ég rak augun í að komnir eru þrír nýir skattar á bílaleigur. Einn af þeim er hækkun á virðisaukaskatti í 27 prósent, nýtt heimsmet, frú forseti.“

> **Svo er þarna ýmislegt gott sem bendir til þess að kosningar séu í nánd, eins og til dæmis að lækka á gjaldið á Ríkisútvarpið aftur.**
>
> *Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

## BREYTINGARTILLÖGUR NEFNDARINNAR




Wii U™ Nintendo SPENNA · SNERPA · SNILLD

ER KOMIN AFTUR Í VERSLANIR!



Wii U er nýjasta tækniUndrið frá Nintendo
Þessi flotta leikjatölva sameinar spilun í sjónvarpi og á skjáborði og skapar algjörlega nýja leið til að spila tölvuleiki.

NINTENDO 3DS Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU Í HEIMI LEIKJATÖLVA
NINTENDO 3DS



Verð: 39.900 kr

Wii U
STJÓRNBORÐIÐ:
6,2" SNERTISKJÁR
HREYFISKYNJARI, INNBYGGÐ MYNDAVÉL,
INNBYGGÐUR HLJÓÐNEMI
STERÍÓ HÁTALARAR,
HLEÐSLURAFHLAÐA
TÖLVAN:
8 GB (HVÍT) EÐA 32 GB (SVÖRT)
INNBYGGT MINNI. FULL-HD UPPLAUSN (1080P)
ÞRÁÐLAUST NET (TENGIST NETINU Á HEIMILINU)
SPILAR NINTENDO WII U OG NINTENDO WII LEIKI
IBM FJÖLKJARNA ÖRGJÖRVI
AMD RADEON HÁSKERPU GRAFÍSKT SKJÁKORT

Wii - LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET



Verð: 33.900 kr

Tölvuleikir hafa aldrei verið jafn skemmtilegir!

HELKO Sími 544 4000
ORMSSON Lágmúla 8 · Reykjavík · Sími 530 2800 · ormsson.is
VERSLANIR UM LAND ALLT
BT Sími 550 4444

# Glæsileg nettó jól



## JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
MJÓDD | BORGARNESI
EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI

OPIÐ 7. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið

ÍSLENSKUR KALKÚNN
**1.392** KR/KG




AFTER EIGHT
COLLECTION
143 G
**1.349** KR/PK

LINDT SWISS LUXURY SELECTION
215 G



**1.698** KR/PK

CADBURY ROSES
200 G
**649** KR/PK







VIÐSKIPTASPIL JÓAKIMS
**4.998** KR

Frozen Planet
Attenbourough
4 dvd diskar
**4.998**kr




## Opnunartímar

**HVERAFOLD SALAVEGUR**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. fim | 10 - 22 | 27. fim | 10 - 19 |
| 21. fös | 10 - 22 | 28. fös | 10 - 19 |
| 22. lau | 10 - 22 | 29. lau | 10 - 22 |
| 23. sun | 10 - 23 | 30. sun | 10 - 22 |
| 24. mán | 10 - 13 | 31. mán | 10 - 15 |
| 25. þri | Lokað | 1. þri | Lokað |
| 26. mið | Lokað | | |

**MJÓDD**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. fim | dag&nótt | 27. fim | frá kl. 10 |
| 21. fös | dag&nótt | 28. fös | dag&nótt |
| 22. lau | dag&nótt | 29. lau | dag&nótt |
| 23. sun | dag&nótt | 30. sun | dag&nótt |
| 24. mán | til kl. 13 | 31. mán | til kl. 15 |
| 25. þri | Lokað | 1. þri | Lokað |
| 26. mið | Lokað | | |

**Tilboðin gilda 20. - 23. des**

www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## HEIMURINN




### Komu áhorfendum á óvart

**1 KÍNA** Kínverskir sjónvarpsáhorfendur ráku upp stór augu þegar kvikmyndin „V for Vendetta“ var sýnd þar nýverið. Í myndinni er fylgst með uppreisn stjórnleysingja gegn alræðisstjórn og fólk hvatt til að óttast ekki stjórnvöld. Margir höfðu talið að þessi mynd væri á bannlista í Kína, enda var hún aldrei sýnd þar í kvikmyndahúsum. „Við bjuggumst ekki við svona miklum viðbrögðum,“ sagði talskona ríkissjónvarpsins, hálfundrandi.

### Talabani í Þýskalandi



**2 ÞÝSKALAND** Jalal Talabani, forseti Íraks, er kominn á sjúkrahús í Þýskalandi þar sem færustu sérfræðingar sinna honum. Hann fékk heilablóðfall í vikunni og óvíst er um batahorfur. Hann er þó sagður aðeins vera að hressast: „Hann er að byrja að ná áttum. Hann finnur til sársauka, og það er batamerki,“ segir Hoshyar Zebari, utanríkisráðherra Íraks.

### Kauphöllin seld

**3 NEW YORK** Kauphöllin í New York, sem starfað hefur í meira en tvær aldir, verður seld til kauphallarinnar Intercontinental Exchange Inc., eða ICE, fyrir átta milljarða dala. Höfuðstöðvar nýju kauphallarinnar verða bæði í New York og í Atlanta. Stjórnir beggja fyrirtækja hafa samþykkt kaupin, en bandaríska fjármálaeftirlitið á enn eftir að leggja blessun sína yfir þau.

Deila hjúkrunarfræðinga:

## Niðurstaða ekki í sjónmáli

**VINNUMÁL** Lausn er ekki í sjónmáli í kjaradeilu hjúkrunarfræðinga við Landspítalann. Samstarfsnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Landspítalans fundaði síðast á miðvikudag. Ekki liggur fyrir tímasetning næsta fundar.

„Viðræðurnar eru vingjarnlegar og við skiljum hver afstöðu annarra,“ segir Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítalans og formaður kjara- og launanefndar spítalans. „En forsenda lausnar er peningar og ekki komin nein niðurstaða enn þá.“ Hún segir hugmynd hafa verið reifaða á fundinum á miðvikudag og ákveðið að hittast aftur þegar búið væri að skoða hana. „En við fastsettum það ekki hvenær við myndum hittast.“ - óká

Nýtt öryggisforrit Google stenst ekki kröfur:

## Grípur bara 15 prósent vágesta

**UPPLÝSINGATÆKNI** Ný öryggisviðbót Google fyrir nýjustu útgáfu Android-stýrikerfisins (JellyBean 4.2) sem vinsa á óværu úr þeim fjölda smáforrita (appa) sem í boði eru reynist hafa takmarkaða virkni.

Viðbótin, App Verification Service, greinir aðeins 15 prósent þekktrar óværu, eins og fram hefur komið í prófunum. Smáforrit frá vírusvarnafyrirtækjum sem í boði eru fyrir snjallsíma og tölvur með Android-stýrikerfi grípa aftur á móti frá 51% til allrar óværu.



Óværa í gervi smáforrita getur verið margvísleg, allt frá því að breyta tækinu í dreifistöð fyrir ruslpóst í að stela notendaupplýsingum og til þess að njósna um notanda tækisins.

Sé fólk með kveikt á öryggisviðbótinni þá eru send boð í netský Google áður en smáforrit eru sett upp og síðan kemur viðvörun á skjá símans eða tölvunnar ef forritið er vafasamt eða uppsetning er stöðvuð ef um þekkta óværu er að ræða.

Samanburður öryggisviðbótarinnar, sem unninn var við tölvunarfræðideild ríkisháskóla Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, við fjölda vírusvarnaforrita leiðir hins vegar í ljós að notendum nægir ekki virknin ein til að tryggja öryggi tækja sinna. Í úttektinni er bent á að öryggisviðbótin styðjist ekki við gögn frá Total Virus, vírusvarnafyrirtæki í eigu Google, sem standi sig mun betur en viðbótin ein. - óká



**RÚSSNESKA ÞINGIÐ** Margir Rússar eru ósáttir við ættleiðingar rússneskra barna til Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Rússar svara með ættleiðingarbanni

**Meirihluti er á rússneska þinginu fyrir því að banna bandarískum foreldrum að ættleiða rússnesk börn. Viðbrögð við nýrri löggjöf í Bandaríkjunum um refsiaðgerðir vegna mannréttindabrota í Rússlandi.**

**RÚSSLAND, AP** Dúman, neðri deild rússneska þingsins, samþykkti í gær með yfirgnæfandi meirihluta lagafrumvarp sem felur í sér bann við því að Bandaríkjamenn ættleiði börn frá Rússlandi.

Þetta var aðeins önnur umræða um frumvarpið af þremur og alls óvíst hvort meirihluti fæst í þriðju umferð. Efri deild þingsins á eftir að fjalla um það áður en það verður sent til Vladimírs Pútíns forseta til undirritunar.

Samtals greiddu hins vegar 388 þingmenn af alls 450 atkvæði með frumvarpinu í annarri umferð, sem sýnir að ríkur vilji er fyrir því á þingi að þetta bann verði að veruleika.

**388 af 450**

greiddu atkvæði með frumvarpinu í annarri umferð, sem sýnir að ríkur vilji er fyrir því á þingi að þetta bann verði að veruleika.

Með þessu eru rússnesku þingmennirnir að svara bandarískum lögum sem Barack Obama Bandaríkjaforseti undirritaði í síðustu viku. Þar ákvað Bandaríkjaþing að rússneskir embættismenn sem framið hafa mannréttindabrot verði beittir refsiaðgerðum.

Undir niðri hefur auk þess lengi verið kraumandi reiði í Rússlandi gagnvart ættleiðingum rússneskra barna til Bandaríkjanna. Þessi reiði hefur magnast upp eftir að fréttir bárust af því að ættleidd börn frá Rússlandi hefðu sætt illri meðferð af hálfu bandarísku foreldranna og jafnvel látið lífið. Auk þess þykir mörgum Rússum að í ættleiðingum til Bandaríkjanna felist hugmyndir um að Rússar geti ekki sinnt eigin börnum nógu vel.

Pútín forseti segist ekki hafa tekið endanlega ákvörðun um það hvort hann staðfesti lögin, en segir áhyggjur þingmanna réttlætanlegar. Hann segir að þótt flestir Bandaríkjamenn sem ættleiða rússnesk börn séu gott og heiðarlegt fólk þá sé börnunum ekki tryggð nægileg vernd gegn illri meðferð.

Rússneska frumvarpið er nefnt eftir Dima Jakovljev, rússneskum dreng sem ættleiddur var til Bandaríkjanna en lét þar lífið eftir að stjúpfaðir hans skildi hann eftir einan í bifreið í nokkrar klukkustundir í steikjandi hita. Faðirinn var reyndar sýknaður síðar af ákærum um manndráp af gáleysi.

Tilefni bandarísku laganna er hins vegar mál rússneska lögfræðingsins Sergei Magnitskí, sem var handtekinn í Rússlandi og sakaður um stórfelld skattsvik. Honum var ítrekað neitað um læknishjálp og lést í rússneska fangelsi árið 2009. Mannréttindasamtök saka rússnesk stjórnvöld um að hafa ekki sótt til saka þá sem báru ábyrgð á örlögum hans.

gudsteinn@frettabladid.is




Því oftar sem þú veifar ÓB-lyklinum á Olís stöðvum í desember, því oftar fer þitt nafn í pottinn. Alla daga í desember verða ótrúlega góð jólatilboð á Olís fyrir handhafa ÓB-lykla. Allir sem kaupa tilboð dagsins á Olís fara í pott. Daglega drögum við út Gull-lykil ÓB sem gefur 20 kr. afslátt í 10 skipti. Jólatilboð dagsins finnur þú á Facebooksíðu ÓB.




**Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð!**

# Jóladagatal ÓB

**Á aðfangadag drögum við út 200.000 kr. eldsneytisinneign hjá ÓB.**




**Starfsfólk ÓB óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!**



Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís.

ÓB

PIPAR\TBWA · SÍA · 123232



# Skíðasvæði víða opin yfir hátíðarnar

Skíðafæri virðist ágætt um land allt. Áhugafólk ætti að geta fundið opin svæði yfir hátíðarnar. Opnunartími er misjafn eftir svæðum. Alls staðar lokað á jóladag. Eftir hátíðarnar verður nær alls staðar opið samkvæmt venju.

**ÚTIVIST** Öll helstu skíðasvæði landsins eru opin vikuna fyrir jól, nema í Oddskarði og Skálafelli. Alls staðar er einhver opnun yfir hátíðarnar, en mismikil þó.

Hvað höfuðborgarsvæðið varðar þá er opið í Bláfjöllum og ágætisfæri þótt þar hafi undanfarna daga þurft að loka svæðum vegna hvassviðris. Ekki er enn búið að opna í Skálafelli, en ákveðið hefur verið að hafa þar opið um helgar frá og með 1. febrúar og fram yfir páska. „Nú aukast líkurnar talsvert á að hægt sé að skella sér í fjöllin um helgar þar sem stundum er hægt að vera með opið í Bláfjöllum en ekki Skálafelli vegna veðurs, og öfugt,“ segir á vef Skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Einna mest opnun yfir hátíðarnar er svo í Hlíðarfjalli á Akureyri þar sem bara er lokað á aðfangadag og jóladag, en opið alla aðra daga fram á nýárið. Í Oddskarði er aftur lokað fram að öðrum í jólum og verður þá opið til 30. desember. Lokað er á gamlaárs- og nýársdag en annan janúar hefst venjuleg opnun.

Skíðasvæðið í Skarðsdal á Siglufirði verður opið bæði á Þorláksmessu og aðfangadag, sem og á gamlársdag. Þar hefur verið opið, fyrir utan lokanir vegna veðurs fyrripart vikunnar.

Skíðasvæðið í Tindastóli á Sauðárkróki var opnað í gær, fimmtudag, og verður opið fram á Þorláksmessu, þegar er hátíðaropnun, að því er fram kemur á vef skíðasvæðisins.

Í Böggvisstaðafjalli á Dalvík er lokað á hátíðisdögum, en opið vikuna milli jóla og nýárs. Síðan verður opnað aftur strax annan janúar og „opið daglega meðan veður leyfir“, samkvæmt upplýsingum frá umsjónarmanni skíðasvæðisins.

olikr@frettabladid.is




➜ **Skíðasvæði og opnunartími yfir hátíðar**





GAMLA GÓÐA
COCOA PUFFSIÐ
KOMIÐ AFTUR
Í ALLAR BÚÐIR!
Cocoa Puffs
With Whole Grain First Ingredient
General Mills
Naturally and Artificially Flavored Frosted Corn Puffs

GLEÐILEGA HÁTÍÐ
2012

# HÁTÍÐ Í MIÐBORG OG BÆ

## *Jólaopnun miðborgar er hafin!*

**Opið til kl. 22:00 öll kvöld til jóla**
**og til 23:00 á Þorláksmessu.**

## *Jólabærinn Ingólfstorgi*

**Kíktu við í jólabæinn Ingólfstorgi, þar sem þú finnur**
**notalegar verslanir og mikla jólastemningu.**
**Opinn til 22.00 frá 20. desember.**

## *Næg bílastæði*

**Víðsvegar um miðborgina og í bílahúsum**
**við Hörpu, Tollhús, Arnarhól og í Grjótaþorpi.**

*Jólagjöfin sem öllum hugnast!*

**Munið Gjafakort Miðborgarinnar okkar.**
Fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgar.

MIÐBORGIN OKKAR

Global Blue

**Verum, verslum og njótum**
**— þar sem jólahjartað slær.**
**www.midborgin.is**



# Meðal viðburða um helgina

**Föstudagur 21. des.**

**Ingólfstorg — kl. 17:00**
**Jólatríó/Raunar og Grýla.**

**Skólatorg — kl. 17:00**
**Kvika.**

**Laugatorg — kl. 17:00**
**Drengjatríóið Norrington.**

**Laugardagur 22. des.**

**Hlemmur — kl. 15:00.**
**Jónas Sig. og Ómar Guðjóns.**

**Ingólfstorg — kl. 17:00**
**Langholtsdætur/Raunar og Grýla.**

**Skólatorg — kl. 17:00**
**Nemendur Kristjáns.**

**Laugatorg — kl. 17:00**
**Kvika.**

**Þorláksmessa 23. des.**

**Ingólfstorg — kl. 14:00–15:00**
**Lunch Beat**

**Hlemmur — kl. 18:00**
**Friðargangan hefst.**
**Hamrahlíðarkórinn syngur.**

**Ingólfstorg — kl. 19:00**
**Dagskrá Friðargöngu.**

**Ingólfstorg — kl. 21:00**
**Jóhann Friðgeirsson, Garðar Thor Cortes og Snorri Wium syngja við undirleik Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur.**

**Jólasveinar, sönghópar, lúðrasveitir og kórar verða á ferð um miðbæinn og skapa hina sönnu jólastemningu.**

**Finndu jólavættirnar! Taktu þátt í skemmtilegum ratleik. Fæst í fjölmörgum verslunum.**



Brandenburg

DÓMUR FALLINN Í MÁLI ANNÞÓRS OG BARKAR

# Fengu samtals 20 ár í fangelsi

**Annþór Karlsson, Börkur Birgisson og átta aðrir fengu þunga dóma fyrir aðild sína að þremur líkamsárásum. Dómari segir Annþór og Börk ekki eiga sér neinar málsbætur. Verjendur segjast líklega munu áfrýja.**



**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is

Fjölskipaður Héraðsdómur Reykjaness kvað í gær upp dóm yfir tíu mönnum vegna hrottafenginna líkamsárása. Fangelsisrefsing þeirra nemur í heild 20 árum og þremur mánuðum.

Þyngstu dómana hlutu Annþór Kristján Karlsson, sjö ár, og Börkur Birgisson, sex ár. Aðrir sakborningar fengu eins og hálfs til tveggja ára dóm, utan eins sem fékk fimmtán mánaða dóm sem bundinn er skilorði.

Annþór og Börkur, sem hafa verið duglegir að sækja öll þinghöld í málinu frá því á rannsóknarstigi, voru ekki viðstaddir dómsuppkvaðninguna í gær. Eini sakborningurinn sem lét sjá sig var Sigmundur Geir Helgason, betur þekktur sem Simbi, sem mætti í fylgd föður síns.

**Þrjár hrottafengnar árásir**

Réttarhöldin í málinu voru gríðarlega mikil að vöxtum, tóku rúmlega þrjá daga, og viðbúnaðurinn í Héraðsdómi Reykjaness var fordæmalaus. Þrettán lögreglumenn stóðu vörð í þinghúsinu þegar mest lét. Ástæðan var sú að Annþór og Börkur höfðu orðið uppvísir að slæmri hegðun bæði í fangelsi og í dómshúsum mánuðina á undan.

Málið sem allt snýst um var þríþætt; ákært var fyrir þrjár líkamsárásir, framdar frá því í október 2011 og fram í janúar 2012. Sakfellt var fyrir alla ákæruliðina í málinu.

Fyrsta árásin var framin á sólbaðsstofu Annþórs í Hafnarfirði í október í fyrra. Kaj Anton A. Larsen og sakborningurinn sem fékk vægustu refsinguna í málinu öllu færðu þá tvo menn á sólbaðstofuna í því skyni að fá Annþór til að „ræða við“ þá um skuld.

Þar tók Annþór á móti þeim og beitti þá báða ofbeldi. Þessi ákæruliður var sá eini sem Annþór viðurkenndi að hluta, þótt hann segðist ekki hafa gengið jafnlangt og ákæruvaldið fullyrti. Ekki var tekið mark á þeim athugasemdum og mennirnir þrír allir sakfelldir.

Önnur árásin var framin í Jötnaborgum í Grafarvogi um miðjan desember í fyrra. Þar réðust Annþór og Börkur inn á heimili í félagi við aðra, slógu tvo menn með bareflum og neyddu þann þriðja til að kasta af sér vatni yfir annan þeirra.

Annþór og Börkur sögðu þennan ákærulið uppspuna en dómurinn tekur ekkert mark á þeim. „Framburður ákærðu Annþórs og Barkar er í öllum atriðum ótrúverðugur,“ segir þar um.

Hópur manna veitti þeim liðsinni við árásina, en aðeins Jón Ólafur Róbertsson og áðurnefndur Sigmundur Geir voru ákærðir fyrir hlutdeild í brotinu. Þeir voru báðir sakfelldir. Ástæða árásarinnar mun hafa verið sú að einn þolendanna hafði látið það út úr sér að réttast væri að skjóta fæturna undan Annþóri og Berki.

Þriðja og síðasta árásin var framin í blábyrjun þessa árs. Þar eru Annþór og Börkur dæmdir, ásamt sjö öðrum sakborningum, fyrir að hafa ruðst inn á heimili að Háholti í Mosfellsbæ og gengið í skrokk á mönnum sem þar voru inni. Einn þolendanna hlaut opið beinbrot á sköflungi.

Annþór og Börkur neituðu alfarið að hafa haft sig nokkuð í frammi við árásina – þeir hefðu verið á staðnum í öðrum erindagjörðum. Á þetta fellst dómurinn ekki og telur „alveg ljóst“ að nímenningarnir hafi tekið ákvörðun um árásina í sameiningu. Annþór og Börkur hafi farið fyrstir inn til að kanna hvort öðrum væri óhætt að ráðast til atlögu.

Ljóst þykir að Annþór hafi litlu ofbeldi beitt sjálfur, hins vegar telur dómurinn ljóst að „tilviljun ein réð því hver gerði hvað“. Börkur hafi tekið þátt í árásinni, en Annþór léð árásinni „aukið vægi með nærveru sinni“.



**Á SAKAMANNABEKK** Þar sem Annþór og Börkur huldu í öllum tilvikum andlit sín á leið í dómsal brá Fréttablaðið á það ráð að fá teiknarann Halldór Baldursson til að bregða upp mynd af þeim. Þeir sjást hér, sitjandi á bak við verjendur í málinu.



**ÚR DÓMSAL Í GÆR** Verjendur voru mættir, ásamt Sigmundi Geir Helgasyni, sem situr hér lengst til vinstri við hlið föður síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Þessir hlutu dóma í málinu:

7 ÁR
Annþór Kristján Karlsson



6 ÁR
Börkur Birgisson



2 ÁR
Jón Ólafur Róbertsson
Smári Valgeirsson
Viggó Emil Berglindarson

1,5 ÁR
Kaj Anton A. Larsen
Sigmundur Geir Helgason
Sindri Kristjánsson
Viktor Hrafn Einarsson

Tíundi maðurinn hlaut 15 mánaða skilorðsbundinn dóm.

> **Framburður ákærðu Annþórs og Barkar er í öllum atriðum ótrúverðugur**
> *Úr dómi Héraðsdóms Reykjaness*

**Virða ekki skilorð**

Annþór og Börkur eiga sér báðir langa afbrotasögu. Annþór hefur hlotið ellefu refsidóma frá árinu 1993, meðal annars þriggja ára dóm fyrir líkamsárás árið 2005 og fjögurra ára fangelsi fyrir fíkniefnasmygl árið 2009.

Börkur hefur sjö sinnum verið dæmdur til refsingar frá árinu 1997, meðal annars fékk hann sjö og hálfs árs fangelsisdóm árið 2005 fyrir manndrápstilraun með öxi á veitingastaðnum A. Hansen í Hafnarfirði.

Báðir hafa þeir ítrekað rofið skilorð. „Virðast varnaðaráhrif skilorðsdóma eða reynslulausnar engin áhrif hafa á ásetning [ákærðu] til afbrota,“ segir í dómnum.

Þeir eru, eins og áður er lýst, dæmdir fyrir ítrekaðar hættulegar líkamsárásir, frelsissviptingar, nauðung, hótanir og fjárkúgun og eiga sér engar málsbætur að mati dómsins.

Saksóknari fór fram á átta ára dóm yfir Annþóri og sjö ára dóm yfir Berki.

Verjendur eru engu að síður óánægðir með niðurstöðuna og telja dómana allt of þunga. Þeir sögðu við fjölmiðla að lokinni dómsuppkvaðningunni í gær að niðurstöðunni yrði að öllum líkindum áfrýjað til Hæstaréttar.







WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
Domino's Pizza
DOMINOS DAGUR
HEIMS-
ENDING
21.12.12
Birgðu þig upp af pizzum
eins og enginn sé morgundagurinn.
DOMINO'S EXTRA PEPPERONI, SKINKA, NAUTAHAKK, SVARTAR ÓLÍFUR, GRÆN PAPRIKA, EXTRA OSTUR, LAUKUR, SVEPPIR
Kynntu þér afgreiðslutíma Domino's
um hátíðarnar á dominos.is!
(Ef spáin klikkar)
FÍTON / SÍA

LEIGUVERÐ HÚSNÆÐIS

## HÖFUÐBORGIN



**Reykjavík, vestan Kringlumýrarbrautar og Seltjarnarnes**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 132.975 | 147.825 | ↑ 11,2% |
| **3 herbergi** (100m²) | 177.800 | 185.900 | ↑ 4,6% |
| **4 herbergi** (140m²) | 202.860 | 210.560 | ↑ 3,8% |

**Reykjavík milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 140.625 | 138.900 | ↓ -1,2% |
| **3 herbergi** (100m²) | 142.300 | 189.800 | ↑ 33,4% |
| **4 herbergi** (140m²) | 179.760 | 200.060 | ↑ 11,3% |

**Kópavogur**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 107.250 | 129.450 | ↑ 20,7% |
| **3 herbergi** (100m²) | 139.300 | 149.300 | ↑ 7,2% |
| **4 herbergi** (140m²) | 180.600 | 171.500 | ↓ -5,0% |

**Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 116.925 | 123.675 | ↑ 5,8% |
| **3 herbergi** (100m²) | 130.600 | 152.100 | ↑ 16,5% |
| **4 herbergi** (140m²) | 171.360 | 169.820 | ↓ -0,9% |

**Kjalarnes og Mosfellsbær**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 116.625 | 143.250 | ↑ 22,8% |
| **3 herbergi** (100m²) | 134.000 | 171.400 | ↑ 27,9% |
| **4 herbergi** (140m²) | 161.980 | 111.300 | ↓ -31,3% |

**Grafarvogur, Grafarholt, Árbær, Norðlingaholt og Úlfarsárdalur**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 125.700 | 136.200 | ↑ 8,4% |
| **3 herbergi** (100m²) | 154.600 | 157.900 | ↑ 2,1% |
| **4 herbergi** (140m²) | 189.000 | 181.160 | ↓ -4,1% |

**Breiðholt**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 123.900 | 124.875 | ↑ 0,8% |
| **3 herbergi** (100m²) | 134.300 | 149.700 | ↑ 11,5% |
| **4 herbergi** (140m²) | 153.720 | 176.820 | ↑ 15,0% |

## LANDSBYGGÐIN



**Vestfirðir**

| | 2011 |
|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 81.675 |

**Vesturland**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 76.350 | | |
| **3 herbergi** (100m²) | 110.100 | 113.600 | ↑ 3,2% |
| **4 herbergi** (140m²) | 112.980 | 113.680 | ↑ 0,6% |

**Suðurnes**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 80.325 | 86.250 | ↑ 7,4% |
| **3 herbergi** (100m²) | 101.500 | 108.500 | ↑ 6,9% |
| **4 herbergi** (140m²) | 118.720 | 130.900 | ↑ 10,3% |

**Akureyri**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 118.350 | 94.950 | ↓ -19,8% |
| **3 herbergi** (100m²) | 122.600 | 120.700 | ↓ -1,5% |
| **4 herbergi** (140m²) | | 138.040 | |

**Norðurland nema Akureyri**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 81.525 | | |
| **3 herbergi** (100m²) | | 97.100 | |

**Austurland**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 85.200 | | |
| **4 herbergi** (140m²) | | 129.500 | |

**Suðurland**

| | 2011 | 2012 | Munur |
|---|---|---|---|
| **2 herbergi** (75m²) | 84.150 | 91.575 | ↑ 8,8% |
| **3 herbergi** (100m²) | 101.600 | 117.300 | ↑ 15,5% |
| **4 herbergi** (140m²) | 106.120 | 112.280 | ↑ 5,8% |

# Miðborgin er ekki lengur dýrust

Leiguverð á húsnæði hefur hækkað um 7,6 prósent milli ára á höfuðborgarsvæðinu. Verðið hækkar mest í Reykjavík á svæðinu milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar. Miklar sveiflur eru í leiguverði á landsbyggðinni þar sem hækkunin er minni en í borginni.



**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

Leiguverð er orðið hærra í Reykjavík milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar en í miðborginni og Vesturbænum. Leiguverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um að meðaltali 7,6 prósent á síðustu tólf mánuðum.

Þetta má lesa úr samantekt Þjóðskrár Íslands á leiguverði íbúða í nóvember síðastliðnum. Þar kemur fram að leigan hafi að meðaltali hækkað um 0,6 prósent milli október og nóvember, og um 0,3 prósent síðustu þrjá mánuði.

Meðalleiguverð á hvern fermetra í Reykjavík milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar er nú um 1.882 krónur á hvern fermetra. Það er nærri fjórðungs hækkun frá nóvember í fyrra þegar verðið var að meðaltali um 1.527 krónur.

Setja verður fyrirvara við samanburðinn þar sem í sumum tilvikum eru fáir leigusamningar að baki meðaltalinu. Þá er aldur og gerð húsnæðis einnig mismunandi, sem hefur áhrif á leiguverðið.

Á sama tíma hefur leiguverð í miðborginni og vesturbænum því sem næst staðið í stað. Meðalverðið á hvern fermetra er nú 1.814 krónur, en var 1.820 krónur í nóvember í fyrra.

Miðborgin er þó enn örlítið dýrari en önnur svæði þegar litið er fram hjá verði á allra minnstu íbúðunum, þó svæðið milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar sé að verða svipað dýrt.

Miklar breytingar eru einnig á öðrum svæðum á höfuðborgarsvæðinu, en sveiflurnar skýrast að miklu leyti af því hversu fáir leigusamningar eru gerðir í hverjum mánuði. Leiguverð á tveggja og þriggja herbergja íbúðum hefur rokið upp á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ, um 23 prósent á minni íbúðum en 28 prósent á þriggja herbergja íbúðum. Á móti kemur að leiguverð á fjögurra herbergja íbúðum hefur lækkað um 31 prósent á tólf mánuðum.

Á meðan verðið hækkar á höfuðborgarsvæðinu hefur leiguverð á húsnæði lækkað verulega víða á landsbyggðinni. Á Akureyri hefur leiguverð lækkað um að meðaltali 23 prósent. Lækkunin er litlu minni á Austurlandi, um 18,6 prósent, og á Vesturlandi, 16,7 prósent.



**MIÐBORGIN** Meðalleiguverð á hvern fermetra var lægra í miðborginni en á svæðinu milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU

# Verið velkomin í Bónus

# Opið í dag frá 10-21

Starfsfólk Bónus




## Gjafakort Bónus er tilvalin jólagjöf

Nú er hægt að fá Bónus gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar

**Greiðslumöguleikar**

Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar eða á skrifstofu Bónus.

**Skrifstofa Bónus:**

Opin alla virka daga frá kl. 9-16

Skútuvogur 13 sími 527-9000

## AFGREIÐSLUTÍMI í Bónus í desember

| | | |
|---|---|---|
| 21.des | föstudagur | **10-21** |
| 22.des | laugardagur | **10-22** |
| 23.des | sunnudagur | **10-22** |
| 24.des | mánudagur | **10-14** |

**LOKAÐ 25 /26 des**

| | | |
|---|---|---|
| 29.des | laugardagur | **10-19** |
| 30.des | sunnudagur | **10-20** |
| 31.des | mánudagur | **10-15** |

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# ÚRVALIÐ

## OPIÐ TIL KL 22




Full HD 1080p

**Philips 50PFL3807T**
50" Full HD 1080p Smart LED TV með Digital Crystal Clear. 100 Hz Perfect Motion Rate. Smart TV með YouTube. Wifi möguleiki. Ljósnemi fyrir rými. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 2x USB, 3x HDMI, Ethernet, Coax út, VGA, CI rauf, EasyLink, heyrnatólstengi, o.fl.

VERÐ **249.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips CD2901W**
Þráðlaus DECT sími með handfrjálsum möguleika. HQ-Sound. Baklýstur 2" LCD Amber skjár. MySound hljóð. 100 nafna skrá. 17 tímar í notkun og 220 í bið. Endurval í 20 númer. 50 númera birtir. Fjöltóna hringitónar.



VERÐ **8.995** FRÁBÆRT VERÐ



Lenco AUDIO-VIDEO

**Lenco MPBlaster Snoopy**
Flottur MP3 spilari með innbyggðum hátalara og 2ja GB minni (allt að 500 lög), USB tengingu og microSD kortarauf fyrir viðbótarminni.

VERÐ **4.995** FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips SHL3000**
DJ heyrnartól fyrir kröfuharða. Stilla má og snúa hátölurum. Neodymium 32mm hátalarar skila kraftmiklum hljómi. Mjúkir og þægilegir púðar. Tíðnisvið: 20Hz til 20000 Hz. 24 Ohm.Næmni: 106dB.

VERÐ **5.995** FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips DVP3600**
Einfaldur DVD spilari sem spilar DivX, MP3, WMA og JPEG myndir. Spilar CD, CD-R/CD-RW, Video CD/SVCD, DVD, DivX, DVD+R/+RW, DVD-R/-RW, DVD-Video Videoformat: MPEG 1/2 DivX 3,11/4/5/6.0.

DVD VIDEO

TILBOÐ **9.995** VERÐ ÁÐUR 11.995



PHILIPS

**Philips AJ3270D**
Flottur FM/AM útvarpsvekjari með iPod/iPhone vöggu. Stór LCD skjár. Stigvaxandi hringitónn. 2 vekjarar. Svefnrofi. Stillir tímann við Iphone/Ipod.

Made for iPod iPhone iPad

VERÐ **14.995** FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips BDP2900**
Full HD Blu-ray spilari með 1080p DVD uppskölun. 24FPS fyrir kvikmyndahúss upplifun. Dolby True HD, Dolby Digital Plus, DTS, Dolby Digital. Audio L/R, Ethernet, Composite, Digital Coaxial, USB og HDMI.

Blu-ray Disc

TILBOÐ **19.995** FULLT VERÐ 24.995



Panasonic

**Panasonic SCHC17**
Míkrósamstæða með MASH CD spilara, stafrænu RDS útvarpi með 30 minnum, D.Bass, tónjafnara, klukku með vekjara og svefnrofa, Music Port tengi o.fl.

TILBOÐ **29.995** VERÐ ÁÐUR 32.995



CASIO MEÐ ÁSLÁTTARNÆMNI

**Casio CTK3200**
5 áttunda hljómborð með LCD skjá, 61 nótu, ásláttarnæmni, 400 hljóðum, 150 ryþmum, 48 nótna pólifóníu, 110 lögum, 3ja skrefa kennslu, LCD skjá og Pitch bend hjóli. Tengi: USB, MIDI, heyrnatól, MP3 og fótstig. Spennubreytir fylgir.

VERÐ **34.995** FRÁBÆRT VERÐ

*TASKA OG 4GB MINNISKORT FYLGJA!*



Panasonic

**Panasonic DMCSZ1**
Myndavél 16,1 milljón punkta upplausn. Venus Engine IV og iAuto stillingar. LEICA DC VARIO-ELMAR linsa 10x Optical og 20x I.R Digital Zoom. 3" LCD skjár. MEGA O.I.S hristivörn í linsu. Sonic Speed fókuskerfi o.fl.

VERÐ **39.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS *VAR AÐ LENDA*

**Philips HTB5150**
550w RMS 3D Soundbar heimabíósett. Blu-Ray 3D spilari með CinemaPerfect HD. Þráðlaust bassabox. Smart TV nettenging. Skype ready. DTS-HD og Dolby TrueHD 5.1 Surround Sound. Dolby Digital, Dolby Prologic II, DTS, Ambisound, Dolby True HD. Video uppskölun í 720p/1080i/1080p. iPod/iPhone vagga. Snjallsíma App. Þráðlaus Wi-Fi. FullSound. USB 2.0 Flash drif. USB. 2x HDMI. MP3 line-in o.fl.

VERÐ **179.995** FRÁBÆRT VERÐ






www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# ER HJÁ OKKUR

## OPIÐ Á ÞORLÁKSMESSU TIL KL 23

KENWOOD
multipro compact



**Kenwood FPM250**
Ltil og nett 750w matvinnsluvél úr burstuðu stáli. Skálin tekur 2,1 lítra og blandarinn sem fylgir tekur 1,2 lítra og með fylgir sítruspressa, þeytari, hnoðari og þrjú rifjárn.

VERÐ
**19.995**
FRÁBÆRT VERÐ

DēLonghi



**DeLonghi ESAM4000**
1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn með grófleikastillingu. Býr til gufu fyrir flóaða mjólk og heita drykki. Með Cappucino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino.

VERÐ
**79.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MEDISANA®
made for Life

3ja ára ábyrgð!



**Medisana 51067**
Einfaldur mælir á úlnlið sem sýnir blóðþrýsting og púls. Lætur vita um óreglulegan hjartslátt.

VERÐ
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PRINCESS

**Princess 132600**
700w kúlupinnakökujárn sem býr til 12 kökur í einu og lætur vita með ljósi þegar þær eru tilbúnar.

VERÐ
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Sonicare tæknin tryggir betri árangur en með venjulegum tannbursta**

PHILIPS

**Philips HX5350**
Sonicare tannbursti með hleðslu.

2 SAMAN Á 10.995

VERÐ
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Ariete

**Ariete 1784**
Einföld 500w matvinnsluvél með 2ja lítra skál. 2 hraðar og púls. Stál hnífur.

VERÐ
**8.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips FC6091**
Handryksuga með 19w sogstyrk. 10 mínútna notkun á fullri hleðslu. HEPA filter kerfi. 1,4kg.

VERÐ
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA®
made for Life

**Medisana 88940**
Nuddtæki fyrir axlir, háls og læri. 10 stillanlegir styrkleikar. Hentar fyrir háls, herðar, fætur og mjaðmir. 5 nudd taktar. Auðvelt og þægilegt í notkun.

3ja ára ábyrgð!

VERÐ
**14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



DēLonghi

**DeLonghi CG298**
Vandað 1800w mínútugrill með hitastilli og hitaljósi. Efri hluti aðlagast í hæðina. 3 grillstöður. Létt þrif með Non-Stick.

VERÐ
**14.995**
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD

**Kenwood BL650**
Öflugur 600w blandari með 2 lítra glerskál, þremur hröðum, forstillingum fyrir drykki, súpur, dýfur, sósur og ís.

Burstað ál



VERÐ
**12.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips HD4467**
Vandað 2000w heilsugrill með hitastilli, lausum grillplötum og safabakka. Hægt að nota grillið á 3 mismunandi vegu. Lokað – Hálf opið – Full opið. Rifflaðar grillplötur. Hægt að geyma upprétt.

TILBOÐ
**19.995**
VERÐ ÁÐUR 22.995

**6 VERSLANIR**
**REYKJAVÍK - REYKJANESBÆR - AKUREYRI**
**SELFOSS - HÚSAVÍK - EGILSSTAÐIR**

**Heimilistæki**
SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**VIRTU HÚSIN FYRIR SÉR** Börn á leikskólanum Stakkaborg fóru í vettvangsferð í Ráðhúsið í vikunni og skoðuðu fjöldann allan af piparkökuhúsum sem nú eru þar til sýnis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allt er að verða klárt fyrir jólin

Nú eru aðeins þrír dagar til jóla og fer hver að verða síðastur að gera allt klárt fyrir barnahátíðina. Ljósmyndarar Fréttablaðsins fönguðu stemninguna á ferð sinni um höfuðborgarsvæðið í gær.



**JÓLATRÉÐ KEYPT** Ingibjörg og Svanbjörn Orri Thoroddsen fengu hjálp frá Kertasníki við að ganga frá jólatrénu sem þau höfðu keypt hjá Flugbjörgunarsveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SKRAUTLEGUR** Þessi strætisvagn stendur hátíðlegur við Vesturlandsveginn þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**PAKKAFLÓÐ Í KRINGLUNNI** Mikill fjöldi pakka er kominn undir jólatréð í Kringlunni en fólk var hvatt til að kaupa einn aukapakka sem fer svo til Mæðrastyrksnefndar og Fjölskylduhjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Starfsfólk Veitingasviðs IKEA þakkar viðskiptavinum sínum fyrir ánægjulegt ár og frábæra jólatörn. Á þessu ári höfum við afgreitt á aðra milljón gesti, og gefið 90.000 barnamáltíðir. Miðað við þessar tölur kom hver Íslendingur fjórum sinnum til okkar á árinu að meðaltali sem gerir Veitingastað IKEA að vinsælasta veitingastað landsins. Markmið okkar er að bjóða upp á bragðgóðan og heilsusamlegan mat sem hæfir magamáli, bragðlaukum og pyngjum sem flestra og hefur árangurinn að okkar mati verið góður.

Við ætlum að slá botninn í jólafjörið með glæsibrag og bjóða upp á jólaveislu laugardag og sunnudag. Frá 9 til 11:30 verður hátíðarhlaðborð á Veitingastaðnum á frábæru IKEA verði. Boðið verður upp á þjóðlegar sem og skandínavískar kræsingar eins og síld, lax, tartalettur með hangikjöti og kalkún, salöt, brauð og eftirrétti svo eitthvað sé nefnt – og jólabland að drekka með.

Allt þetta á einungis 695 krónur á mann og börn 12 ára og yngri borða að sjálfsögðu frítt!

Jólakveðja,
Starfsfólk Veitingasviðs IKEA

**Opnunartími:**
**Laugardag – Verslun 9:30-21 – Veitingastaður 9-20:30**
**Sunnudag – Verslun 9:30-18 – Veitingastaður 9-18 – www.IKEA.is**

Skólarnir skipta sköpum varðandi umhverfisvitund:

# Virðing fyrir næstu kynslóð

Ein af frumskyldum þeirra sem byggja jörðina hverju sinni er að skila henni áfram til niðja sinna í jafngóðu ástandi og við henni var tekið, þ.e. að nýting á gæðum jarðar hverju sinni dragi ekki úr möguleikum þeirra sem landið erfa á að nýta og nota.

Hugtakið sjálfbær þróun var skilgreint til að ná utan um þessa hugsun. Hugtakið er skilgreint sem mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í þessu sambandi oft notað hugtakið jafnrétti kynslóða og leggur þar með áherslu á að ekki sé með nýtingu á hverjum tíma gengið á rétt þeirra sem eftir koma.



**Steinunn Stefánsdóttir**
steinunn@frettabladid.is

Íslensk ungmenni hafa ekki eins miklar áhyggjur af því hvernig mennirnir umgangast jörðina og jafnaldrar þeirra í öðrum Evrópulöndum hafa að meðaltali. Þetta sýnir nýleg Pisa-könnun þar sem meðal annars er spurt um áhyggjur af loftmengun, orkuskorti og útrýmingu plantna og dýra.

Engan skyldi undra áhyggjuleysi ungmennanna því áhyggjuleysi fullorðinna Íslendinga birtist hvarvetna dag hvern. Þótt eingöngu sé litið til frétta allra síðustu daga birtast dæmin; skólpmál og meðferð sorps hafa til dæmis verið umfjöllunarefni í fréttaskýringum hér í blaðinu síðustu daga.

Hér virðist lenskan vera sú að Íslendingar þurfi ekki að hafa áhyggjur af umhverfistengdum málefnum vegna þess hversu stórt landið er, það sé sama hversu illa við umgöngumst landið því það hverfur meira og minna í flæminu. Þessa sýn verður að uppræta.

Skólar, og þar með talin öll skólastig, skipta sköpum hvað þetta varðar. Fyrrnefnd könnun leiddi einmitt í ljós að viðhorf ungmenna til umhverfismála mótast fremur af skólanum en viðhorfum foreldra þeirra.

Sjálfbærni er enda einn sex skilgreindra grunnþátta menntunar ásamt læsi, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og sköpun í aðalnámskrá allra skólastiga. Þetta leggur vitanlega skyldu á hendur skólunum.

Skólunum er í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir sinna skyldu sinni um að uppfræða nemendur um sjálfbærni. Hins vegar felst bæði aðhald og stuðningur í því að taka þátt í sameiginlegu verkefni eins og Grænfánaverkefni Landverndar. Nú taka rúmlega 200 skólar á öllum skólastigum þátt í því verkefni. Markmið þess er að veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál en einnig að bæta umhverfi skólanna, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.

Ógnir sem steðja að umhverfinu eru margháttaðar. Sums staðar í heiminum stafa þær af fátækt en annars staðar af ofgnótt. Alls staðar er verkefnið að kenna börnum og ungu fólki að umgangast jörðina af virðingu jafn brýnt því það er órjúfanlegur þáttur af því að vera ábyrg manneskja.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nágirndin eina bjargráðið?

Hallur Hallsson horfði á skoska sjónvarpsþáttinn Taggart á þriðjudag og það varð honum efni í pistil í Morgunblaðinu í gær. Þar mærir hann Taggart í bak og fyrir. „Gott hjá Taggart að takast á við váfuglinn djúpt, djúpt í myrkviðum mannlegrar vitundar," segir Hallur og vill fá Taggart til Íslands. Það er fallegt að fylgjast með barnslegri uppljómun Halls vegna umrædds þáttar og því er það með sorg í hjarta að honum er bent á þá staðreynd að umræddur Taggart hefur legið í gröf sinni síðan árið 1995, þegar hann var jarðaður í upphafi eins þáttarins. Illa er fyrir Íslendingum komið ef rotinn skoskur nár er eina bjargráðið.



### Europhobia

Til eru ýmiss konar fóbíur, en það útleggst sem órökrænn ótti við eitthvað. Til eru þeir sem hræðast köngulær meira en allt, eða opin rými, lyftur og jafnvel trúða. Hallur tilheyrir þeim sem eru haldnir europhobiu, en það eru þeir sem óttast ESB meira en nokkuð annað. Fyrir þeim verður ljúf stund yfir skoskum krimma tilefni greinaskrifa um váfuglinn sem Evrópusambandið er í þeirra huga.



### Lagst gegn hreinsunum

Jón Kristjánsson, fyrrum þingmaður Framsóknarflokksins, er ósáttur við fyrrverandi formann flokksins, Guðna Ágústsson. Jón segir í grein í Morgunblaðinu að sér hafi brugðið við skrif síns gamla formanns, en Guðni hafði fagnað því að Framsóknarflokkurinn væri „búinn að hreinsa sig" af ESB-draumnum. Jón segir að á þeim fjórutíu árum sem liðin eru síðan hann hóf afskipti af stjórnmálum hafi hann aldrei heyrt talað um „hreinsanir" innan Framsóknarflokksins. Mættu margir taka yfirvegun Jóns sér til fyrirmyndar í umræðu dagsins.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Misskilningur verður blaðagrein

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR



**Sigurður Erlingsson**
forstjóri Íbúðalánasjóðs

Grein Hreiðars Más Hermannssonar í Fréttablaðinu þann 18. desember, „Þegar viðskipti verða fjárfesting", byggir að miklu leyti á þeim grundvallarmisskilningi að eignir Íbúðalánasjóðs eigi að leigja út á kostnaðarverði. Það er rangt, því slíkt hefur aldrei staðið til. Leiguverð Íbúðalánasjóðs fylgir markaðsverði á leigumarkaði, sem byggt er á upplýsingum úr þúsundum þinglýstra leigusamninga.

Atriði í greininni sem þarfnast leiðréttingar lúta aðallega að eftirfarandi:

- Íbúðalánasjóður er ekki gjaldþrota
- Íbúðalánasjóður hefur þegar heimild til að leigja út íbúðir. Stofnun félags er því ekki forsenda þess
- Leiguíbúðir Íbúðalánasjóðs eru og verða leigðar út á markaðsverði – ekki kostnaðarverði
- Í 750 af 880 leiguíbúðum sjóðsins búa fjölskyldur eða einstaklingar sem bjuggu í íbúðunum við nauðungarsölu
- Nýtt leigufélag verður tímabundið í eigu Íbúðalánasjóðs en samkvæmt lögum verður rekstur þess og stjórn fullkomlega aðskilin frá sjóðnum

Fullnustueignir Íbúðalánasjóðs eru hlutfallslega flestar á Suðurnesjum, en þar á sjóðurinn tæp 8% íbúða á svæðinu, ekki 20% eins og dæmisagan í greininni tiltekur.

**➜ Unnið er faglega og lögum samkvæmt að því að leysa þann vanda fólks sem hægt er að leysa …**

Íbúðalánasjóður hefur þurft að leysa til sín margar eignir frá hruni og 2.193 íbúðir eru nú í eigu sjóðsins. Unnið er faglega og lögum samkvæmt að því að leysa þann vanda fólks sem hægt er að leysa og bjarga þeim verðmætum sem hægt er að bjarga. Eignir eru skipulega undirbúnar og skráðar í sölu í gegnum fasteignasölur landsins, án þess að vera merktar sérstaklega. Við sölu eignanna er Íbúðalánasjóður ekki eingöngu að gæta eigin hagsmuna, því hærra söluverð eignar þýðir lægri skuld þess sem missti hana.

Íbúðalánasjóður gerir sitt ýtrasta til að gæta jafnræðis og meðalhófs í öllum aðgerðum. Ómögulegt er að þóknast öllum sjónarmiðum, sem sést best á því að sjóðurinn hefur undanfarið fengið jöfnum höndum gagnrýni fyrir að leigja of lítið, að leigja of mikið, að selja of hratt og að selja of hægt.

Eina svar starfsmanna Íbúðalánasjóðs við þessari gagnrýni úr öllum áttum er að ástunda fagmannleg og hlutlæg vinnubrögð við þetta verkefni, hér eftir sem hingað til.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Allir að hamra inn nagla

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ég er aurvaldssinni. Það er svona míní-auðvaldssinni. Mér finnst það ekki endilega óendanlega magnað að til sé fólk sem hefur orðið ríkt af því að breyta rafmagni í ál eða fundið olíu og tekist að selja hana.

Ekki að segja að það sé eitthvað sem „allir geta“ eða að þeir sem það geri séu vont fólk. En það er ekki í frumframleiðslunni sem sköpunarkraftur hins frjálsa markaðar kemur hvað skýrast fram. Jafnvel í ömurlegu, miðstýrðu hagkerfi gæti einhver líkegast framleitt ál og grætt á því.

Öllu merkilegra er þegar menn breyta engu í eitthvað. Að einhver skyldi geta fengið pening fyrir að teikna klúrar spýtukallamyndir, semja tónlist eða halda uppi bloggi, það er virkilega merkilegt. Allir, sem reynt hafa að fá pening fyrir að gera eitthvað sniðugt með hausnum, vita að það er fáranlega erfitt. Enn erfiðara er að fá nóg til að geta lifað af því, hvað þá að fá nógu mikið til að verða ríkur (og þá sjálfkrafa öfundaður fyrir að fá borgað fyrir að „gera ekki neitt“).

**Hilla hátt uppi**

Nái menn einhverjum vinsældum fylgir þeim þó gjarnan ákveðin virðing. En sú hilla liggur hátt uppi. Úti um allt er fullt af fólki sem er ekki jafnsniðugt og Hugleikur og er ekki með jafngrípandi lag og Of Monsters and Men en er samt að reyna og mætir oft takmörkuðum skilningi. Ég er ekki endilega að tala um að ríkið vilji ekki gefa þessum frumkvöðlum nógu mikinn pening (eins og oft er átt við þegar „takmarkaðan skilning“ ber á góma). Ég á við að samborgarar þessa fólks viðurkenna stundum ekki að það sem þeir gera sé yfirhöfuð vinna. Það birtist með ýmsum hætti.

Tökum dæmi. Grafískur hönnuður er beðinn um að hanna heimasíðu. Líklegt er að hann sé spurður 1. hvort hann vilji gera það frítt 2. hvort hann taki virkilega svona mikið fyrir þetta 3. hvort hann geti virkilega ekki gert þetta frítt, heimasíðan er ekki fyrir neitt gróðafélag og hann fær góða auglýsingu út á þetta 4. hvort hann geti ekki komið með nokkrar hugmyndir sem síðan verður valið úr 5. hvort það þurfi samt að borga honum ef þetta verður ljótt 6. hvort hann muni ekki örugglega líka hanna lógóið, gera fullt af öðrum hlutum og hvort það kosti nokkuð aukalega.

**Frítt parkett**

Setjum nú upp sama dæmið með parkettlagningarmanni. Myndu menn biðja hann um að vinna vinnu sína frítt? Myndu menn spyrja hann hvort þeir þyrftu að borga ef þeim fyndist parkettið ljótt? Myndu menn, eftir að verkinu er lokið, biðja um að fá að sjá hvernig þetta lítur út með öðru gólfefni? Myndu menn svo biðja hann um að bæta við parketti í svefnherbergið nokkrum mánuðum síðar og vera hissa á því að það kosti meira?

> Allir, sem reynt hafa að fá pening fyrir að gera eitthvað sniðugt með hausnum, vita að það er fáranlega erfitt

Nú er auðvitað ekki útilokað að iðnaðarmenn lendi í einhverju af þessu. Til dæmis að kúnnar borgi ekki ef þeir eru ósáttir. En það er síður algengt að menn hringi í iðnaðarmann, biðji hann um að gera eitthvað og geri ráð fyrir að honum mistakist það. Iðnaðarmaðurinn er líka síður líklegur til að vera reglulega beðinn um að leggja frítt parkett hjá hinum og þessum með þeim orðum að þetta sé allt rosalega „góð auglýsing fyrir hann“.

Þetta er enn augljósara með hráefni. Myndi einhver labba út í búð, sjá hillu fulla af hveiti og spyrja hvort hann mætti ekki kippa með sér einum pakka, án þess að borga, því „það virðist vera nóg til“? Varla.

Fólk skilur að hráefni kostar. Fólk skilur líka að vinna kostar en sumir skilja það minna og minna eftir því sem vinnan er minna líkamleg. Auðvitað er það ekki algilt. Ef enginn vildi borga fólki fyrir að breyta engu í eitthvað mundi enginn gera neitt af slíku.

Raunin er sem betur fer önnur. En stundum þegar ég horfi á suma stjórnmálamenn tala fæ ég þessa tilfinningu: Að sumum finnist engin verðmæti verða til nema einhver sveifli skóflu eða hamri nagla í vegg.







# Erasmus-áætlunin 25 ára

MENNTUN



Ásgerður Kjartansdóttir
sérfræðingur í sendiráði Íslands í Brussel



Guðmundur Hálfdanarson
prófessor við Háskóla Íslands

Tuttugu og fimm ára afmæli Erasmus-áætlunarinnar er haldið hátíðlegt um Evrópu alla í ár, en hún er hluti af menntaáætlun Evrópusambandsins á háskólastigi. Rúmlega 2.500 íslenskir háskólastúdentar hafa tekið hluta af námi sínu við evrópska háskóla á vegum hennar, en íslenskir háskólar fengu aðild að Erasmus-áætluninni árið 1992. Á síðustu árum hafa að meðaltali um 200 íslenskir stúdentar farið utan á hverju ári. Skólaárið 2010-2011 voru yfir 500 erlendir Erasmus-stúdentar við nám í íslenskum háskólum og er það metfjöldi.

Fjölmargir viðburðir hafa verið skipulagðir víða í Evrópu í tilefni afmælisins. Hér á landi var haldið upp á þessi tímamót á Háskólatorgi Háskóla Íslands og í Iðnó hinn 6. september sl. auk þess sem efnt var til ljósmynda- og myndbandasamkeppni núverandi og fyrrverandi Erasmus-nema sem tengjast Íslandi.

Frá 1987 hafa tæpar þrjár milljónir háskólastúdenta og yfir 300.000 háskólakennara tekið þátt í áætluninni og er óhætt að fullyrða að hún er ein vinsælasta og best heppnaða samstarfsáætlun Evrópusambandsins og jafnframt sú stærsta sinnar tegundar í heimi. Markmið hennar er að auka samstarf háskóla í Evrópu. Meginháhersla er lögð á að stuðla að hreyfanleika fólks úr háskólasamfélaginu um álfuna en einnig eru veittir styrkir til sameiginlegra námskeiða, þróunar kennsluefnis, samstarfs háskóla og atvinnulífs og tungumálanámskeiða fyrir skiptistúdenta. Á síðustu árum hafa yfir 250.000 háskólanemendur og 40.000 kennarar tekið þátt í þessu samstarfi.

> ➜ Úttektir á Erasmus áætluninni hafa leitt í ljós að hún hefur haft mikil áhrif

**Mikil áhrif**

Úttektir á Erasmus-áætluninni hafa leitt í ljós að hún hefur haft mikil áhrif, ekki bara á einstaklinga sem hafa tekið þátt í henni heldur líka á háskólaumhverfið í Evrópu. Áætlunin hefur stutt við Bolognaferlið sem miðar að því að skapa samfellt menntasvæði á háskólastigi í Evrópu. Frá 1999 hefur hún t.d. stutt evrópska háskóla í að innleiða ECTS-einingarkerfið. Nánast allar stofnanir á háskólastigi í Evrópu taka þátt í Erasmus eða rúmlega 3.100 háskólar í 31 landi.

Frá árinu 2007 hefur Erasmus verið hluti af menntaáætlun ESB (Lifelong Learning Programme 2007-2013) en um þessar mundir er verið að undirbúa nýjar samstarfsáætlanir ESB fyrir tímabilið 2014-2020. Nýja menntaáætlunin fær að öllum líkindum nafnið Erasmus fyrir alla og mun fela í sér aukin tækifæri fyrir ungt fólk og menntastofnanir í Evrópu.

**Frekari upplýsingar:**

*http://ec.europa.eu/education/lifelong-learning-programme/erasmus_en.htm*
*http://ec.europa.eu/education/erasmus/25thanniversary_en.htm*
*og*
*http://lme.is/page/erasmus_forsida*
*http://lme.is/page/erasmus25ara*



# Nýr áfangi í aðildarviðræðum

ESB-AÐILD





Þorsteinn Gunnarsson
Björg Thorarensen
Stefán Haukur Jóhannesson
formaður og varaformenn samninganefndar Íslands í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið

Í vikunni fór fram ríkjaráðstefna í Brussel þar sem samningar hófust um sex nýja málaflokka í aðildarviðræðum Íslands og ESB. Það er mesti fjöldi samningskafla sem hefur verið opnaður á sama fundi frá því að viðræðurnar hófust, en samanlagt voru opnaðir níu samningskaflar í formennskutíð Kýpur á síðustu sex mánuðum. Kaflarnir sem nú er byrjað að semja um eru flestir utan EES-samstarfsins, eins og evran og byggðamálin, og því má segja að viðræðurnar séu að færast inn á ný svið. Viðræður eru nú hafnar um 27 málaflokka af þeim 33 sem semja þarf um, en það eru um 4/5 allra mála. Þetta er umtalsverður árangur á þeim 18 mánuðum sem liðnir eru frá því að efnislegar samningaviðræður hófust.

### Evrumálin eru mikilvæg

Þegar samningskaflinn um evruna var opnaður á ríkjaráðstefnunni 18. desember sl. kom fram í máli fulltrúa ESB að Ísland hefði fullnægjandi getu til að taka þátt í myntsamstarfinu, og taka upp evruna að uppfylltum ákveðnum efnahagslegum skilyrðum. Þetta greiðir götu fyrir mögulegri þátttöku Íslands í myntsamstarfinu ERM II. Þá gæti íslenska krónan komist í skjól með því að tengjast evrunni og efnahagsramma hennar, og þannig yrði lagður grunnur að auknum efnahagslegum stöðugleika. Um leið benti fulltrúi ESB á að tryggja þyrfti enn betur sjálfstæði Seðlabanka Íslands. Áður en til aðildar gæti komið yrði einnig nauðsynlegt að afnema gjaldeyrishöftin á Íslandi. Sameiginlegur vinnuhópur Íslands, ESB, Seðlabanka Evrópu og AGS skoðar það brýna úrlausnarefni sérstaklega.

### Tækifæri í byggðamálum

Um þriðjungur útgjalda ESB rennur til byggðamála. Markmið byggðastefnu Evrópusambandsins er að jafna stöðu svæða í Evrópu og það er gert með því að styðja við verkefni sem stuðla að atvinnuuppbyggingu og bæta samkeppnishæfni á þeim svæðum sem eiga undir högg að sækja. Þau svæði sem einkum fá stuðning eru þau sem glíma meðal annars við fámenni, strjálbýli, einhæft atvinnulíf, erfitt náttúrufar og almennt harðbýlar aðstæður. Þetta hljómar kunnuglega fyrir okkur hér á Íslandi og það er mat samninganefndarinnar að Ísland uppfylli flest ef ekki öll þessi viðmið. Verkefnið í samningaviðræðunum er að búa þannig um hnúta að íslensk sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki geti nýtt sér þann stuðning sem er í boði innan ESB en í því felast mörg tækifæri. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga þessara aðila að taka þátt í uppbyggingarverkefnum ESB á sviði byggðamála.

### Hvað gerist næst?

Eftir er að hefja viðræður um fimmtung samningskafla. Ísland hefur þegar afhent samningsafstöðu sína í samningsköflum um matvælaöryggi og dóms- og innanríkismál, og boltinn er því hjá Evrópusambandinu í þeim málum. Samninganefndin heldur nú áfram að undirbúa samningsafstöðu Íslands í landbúnaði og sjávarútvegi, og tvo EES-kafla sem fjalla um staðfesturétt, þjónustufrelsi og frjálsa fjármagnsflutninga (og tengjast þannig sjávarútvegskaflanum). Fram undan er að ljúka okkar undirbúningsvinnu á næstu misserum, í nánu samráði við hagsmunaaðila og Alþingi, hér eftir sem hingað til, og hefja svo viðræður um þessa kafla. Þá verða öll málefnin sem semja þarf um komin upp á borðið – þá hefst lokaáfanginn. Hagsmunir Íslands, og færni samningsaðila beggja vegna borðsins við að finna lausnir, munu ráða hraðanum. Þolinmæði og úthald eru mikilvægir eiginleikar í samningum.

### Fagleg framvinda

Samninganefndin hefur leitast við að starfa af fagmennsku. Sérhvert skref í viðræðunum hefur verið vandlega undirbúið að höfðu samráði við fjölmarga aðila og þannig hefur mikilvægum áföngum verið náð. Samvinna við Alþingi hefur verið góð, þótt vissulega séu þar skiptar skoðanir um Evrópumálin eins og eðlilegt er í lýðræðisríki. Öll meiriháttar mál, þ.m.t. samningsafstaða Íslands í öllum köflum, hafa verið rædd í utanríkismálanefnd og eftir atvikum fagnefndum þingsins. Öll gögn málsins hafa verið birt jafnt og þétt og samninganefndin hefur lagt sig fram um að upplýsa skilmerkilega um stöðu og framvindu viðræðnanna. Þannig á það líka að vera því viðræðurnar um aðild Íslands eru grundvallarhagsmunamál sem varðar alla þjóðina. Það er okkar mat að framlag þeirra fjölmörgu hagsmunaaðila, félagasamtaka, stofnana og sérfræðinga sem lagt hafa hönd á plóginn í samningavinnunni hingað til hafi verið ómetanlegt og gert málflutning Íslands áhrifameiri. Verkefni okkar í samninganefnd Íslands er skýrt: Að tryggja hagsmuni Íslands og koma heim með aðildarsamning sem Íslendingar geta tekið afstöðu til í þjóðaratkvæðagreiðslu.

**➜ Hagsmunir Íslands, og færni samningsaðila beggja vegna borðsins við að finna lausnir, munu ráða hraðanum.**

# Regluverk þarf gegn kvótahoppi

EVRÓPUVEFURINN
Er aðildarríkjum takmörk sett við úthlutun kvóta?



Þorvarður Kjerulf Sigurjónsson
verkefnastjóri á Evrópuvefnum

Við inngöngu í Evrópusambandið, án undanþága eða sérlausna vegna sérstakra aðstæðna hérlendis, mundu íslensk stjórnvöld undantekningalaust þurfa að hlíta reglum ESB um fiskveiðar en aðildarríkin hafa framselt sambandinu mikil völd á því sviði.

Að meginreglu hafa aðildarríkin hvert um sig jafnan aðgang að hafsvæðum og auðlindum annars að því gefnu að þau hafi yfir að ráða tilskildum aflakvóta. Samkvæmt annarri meginreglu, um hlutfallslega stöðugar veiðar, byggist hlutdeild hvers ríkis í heildarafla ESB á sögulegri veiðireynslu en einnig er tekið tillit til svæða sem eru sérstaklega háð fiskveiðum.

Reglan um hlutfallslega stöðugar veiðar ætti að tryggja að íslenskar útgerðir héldu hefðbundnum fiskveiðiréttindum sínum innan íslenskrar efnahagslögsögu ef Ísland gerðist aðili að ESB. Þetta leiðir af því að einungis Íslendingar hafa reynslu af veiðum í íslenskri efnahagslögsögu undanfarna áratugi. Einnig er hátt hlutfall svæða hérlendis sem eru sérstaklega háð fiskveiðum. Ísland ætti því að halda óbreyttum veiðiheimildum á staðbundnum fiskistofnum sem og flökkustofnum innan íslenskrar efnahagslögsögu.

Reglan um hlutfallslegan stöðugleika hefur verið í gildi frá því árið 1983. Hún er ekki hluti af sáttmálum Evrópusambandsins heldur sækir hún stoð sína í afleiddan rétt ESB. Með meirihlutaákvörðun í ráðinu væri því hægt að víkja frá reglunni eða afnema hana. Framkvæmdastjórn ESB kannaði afstöðu aðildarríkjanna til reglunnar í aðdraganda yfirstandandi endurskoðunar sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar og voru 26 af 27 aðildarríkjum andsnúin breytingum á reglunni. Hverju sem því líður er óvíst hver afstaða aðildarríkjanna verður í framtíðinni.

### Litlar sem engar hömlur

Veiðiheimildir hvers aðildarríkis eru bundnar við fiskiskip sem sigla undir fána viðkomandi ríkis eða eru skráð í því landi. Sjávarútvegsfyrirtæki í ESB lúta á hinn bóginn þeim reglum sem gilda á innri markaði ESB, þar með talið reglunum um frjálsar fjármagnshreyfingar og staðfesturétt. Sökum þessa eru litlar sem engar hömlur á fjárfestingum í sjávarútvegi í aðildarríkjum ESB. Enn fremur eru engar takmarkanir á rétti ríkisborgara ESB-ríkja til að stofnsetja sjávarútvegsfyrirtæki í öðru aðildarríki og launþegum aðildarríkjanna er frjálst að ráða sig til starfa hjá útgerðarfyrirtækjum hvar sem er innan ESB.

Þetta hefur leitt til þess sem kallað er kvótahopp. Í því felst að útgerðarfyrirtæki frá aðildarríki A fær hlutdeild í landskvóta aðildarríkis B með því annaðhvort að setja á fót útgerð í ríki B, kaupa ráðandi eignarhlut í starfandi útgerð í ríki B eða skrá skip sín í aðildarríki B og landa síðan aflanum í ríki A. Arðurinn af fiskveiðunum skilar sér þar með ekki til þess ríkis sem fékk veiðiheimildunum úthlutað upphaflega. Mörg ríki hafa sett reglur til þess að takmarka möguleikann á að stunda kvótahopp en slíkt þarf að gera í samráði við ESB.

Þótt ekki semdist um undanþágur eða sérlausnir varðandi sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, í aðildarviðræðunum við ESB, má ætla að reglan um hlutfallslega stöðugar veiðar, svo framarlega sem hún heldur gildi sínu, mundi tryggja íslenskum útgerðum áframhaldandi fiskveiðiréttindi sín í íslenskri lögsögu og koma í veg fyrir veiðar togara annarra aðildarríkja á íslenskum miðum þar sem þau skortir veiðireynslu. Möguleikinn á kvótahoppi gæti hins vegar valdið Íslandi efnahagslegum skaða ef ekki yrði mótað sérstakt regluverk til að sporna við því.

**➜ Einnig er hátt hlutfall svæða hérlendis sem eru sérstaklega háð fiskveiðum. Ísland ætti því að halda óbreyttum veiðiheimildum á staðbundnum fiskistofnum sem og flökkustofnum innan íslenskrar efnahagslögsögu.**

www.volkswagen.is




*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy* kostar aðeins frá

2.990.000 kr.

(kr. 2.382.470 án vsk)

Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA


Allir fá þá eitthvað fallegt...
1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM
Verð frá: 2.150.-
Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is
www.epal.is
Verð: 9.850.-
Verð: 4.900.-
Verð: 5.350.-
Verð: stór 19.200.-
lítill 11.650.-
Verð: 20.900.-
Verð: 4.200.-
epal
Verð: 11.800.-
Verð: 9.200.-
Verð: 21.500.-
Verð: 27.800.-
Verð: 25.900.-
ROSENDAHL
GEORG JENSEN
stelton
marimekko®
iittala
ALESSI
Joseph Joseph
eva solo
menu

# Að dæma fólk í örbirgð

ÖRYRKJAR





**Guðmundur Magnússon**
formaður ÖBÍ

**Sigríður Hanna Ingólfsdóttir**
félagsráðgjafi ÖBÍ

Mjög erfitt, ef ekki ómögulegt, er fyrir lífeyrisþega og annað lágtekjufólk að láta enda ná saman. Á þetta einkanlega við um þá sem hafa engar eða litlar aðrar tekjur en greiðslur úr almannatryggingakerfinu og félagslega aðstoð. Tekjuskerðingar eru mjög miklar og þá sérstaklega hjá tekjulægsta hópnum. Við þeirri spurningu hvernig fólk á að geta framfleytt sér á ráðstöfunartekjum á bilinu 156-173 þúsundum króna á mánuði fást engin svör. Þá eru ónefndir þeir sem vegna búsetu erlendis fá enn lægri greiðslur.

Mikilvægt er að hafa það í huga að örorkugreiðslur eru yfirleitt framfærsla til lengri tíma fyrir fólk sem oft á tíðum ber mikinn kostnað vegna fötlunar sinnar og veikinda. Almennt er talið að öryrkjar þurfi 15-30% hærri tekjur en aðrir til að njóta sömu lífskjara, þar sem heilbrigðiskostnaður er meiri hjá þeim og einnig kostnaður vegna kaupa á margvíslegri þjónustu.

### Þróunin síðustu ár

Lífeyrisþegar hafa orðið fyrir miklum tekjuskerðingum síðustu ár og hafa bætur ekki hækkað í samræmi við lög um almannatryggingar, eins og Öryrkjabandalag Íslands hefur margoft bent á. Að auki hafa lífeyrisgreiðslur almennt hvorki fylgt verðlagi né hækkun lágmarkstekjutryggingar í dagvinnu (lægstu taxtar), samanber kjarasamninga milli ASÍ og SA frá maí 2011. Eina undantekningin frá þessari þróun er hækkunin í júní 2011, en þá hækkuðu lífeyrisgreiðslur almannatrygginga á sama hátt og lágmarkstekjutrygging í dagvinnu. Sú hækkun náði þó ekki að leiðrétta skerðingar fyrri ára. Önnur ár voru greiðslur almannatrygginga annaðhvort frystar eða hækkuðu minna en verðlag og/eða launaþróun. Með síðasta útspili, 3,9% hækkun fyrir árið 2013, er þessi þróun enn fest í sessi. Þess má einnig geta að desemberuppbót lífeyrisþega er mun lægri en desemberuppbót launþega.

### Aftur úr lægstu launatöxtum

Ef við skoðum fyrst samanburð við hækkun lágmarkstaxta, þá hækkuðu þeir um 11.000 kr. í febrúar 2012 og munu hækka aftur um sömu krónutölu í febrúar 2013. Á árinu 2012 hækkuðu greiðslur almannatrygginga á bilinu 5.700-6.700 kr. Hækkanirnar í krónutölum eru svipaðar fyrir árið 2013. Árið 2012 fengu bætur til lífeyrisþega sömu prósentuhækkun (3,5%) og samið var um fyrir almennar hækkanir kjarasamninga. Hvað er hliðstætt við að hækka greiðslur til lífeyrisþega um rúmlega 5.000 – 6.000 kr. og meðaltekjur (400.000 kr.) um 14.000 kr.? Af tölunum má sjá að hér er engan veginn um hliðstæða hækkun að ræða, þrátt fyrir tilburði ráðherra til túlkunar í þá veru.

**➜ Önnur ár voru greiðslur almannatrygginga annaðhvort frystar eða hækkuðu minna en verðlag og/eða launaþróun. Með síðasta útspili, 3,9% hækkun fyrir árið 2013, er þessi þróun enn fest í sessi.**

Jafnframt er ljóst að verðbólga fyrir árið 2012 er hærri en 3,9%. Verðbólga hefur verið á uppleið síðustu mánuði og sem dæmi má geta þess að á síðustu þremur mánuðum (september – nóvember) var hún 5,6%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hið opinbera hækki álögur/gjöld um 4,6% í takt við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins og til að fjárhæðirnar haldi raungildi sínu. Bætur lífeyrisþega halda ekki raungildi með 3,9% hækkun.

### Samanburður við verðlagsþróun

Hækkun um 3,9% í janúar 2013 bætir ekki kjör lífeyrisþega, kjör sem hafa versnað mikið síðustu ár. Líklega dylst engum að verðlag, m.a. á ýmsum nauðsynjum, hefur hækkað mikið síðustu ár. Verðbólgan á árinu 2008 var til að mynda 18,6%. Við samanburð á hækkun bóta almannatrygginga og vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2008 til dagsins í dag sést að vísitala neysluverðs hefur hækkað um 42,5% á tímabilinu á meðan bætur almannatrygginga hækkuðu einungis um 27,5%. Hækkun bóta á tímabilinu heldur því engan veginn í við verðlagsþróun.



### Áskorun til stjórnvalda

Mikilvægt er að almannatryggingakerfið geri fólki kleift að lifa með reisn en sé ekki dæmt í ævilanga örbirgð. Brýnt er að draga úr tekjutengingum og hækka frítekjumörk og tekjuviðmið til að koma í veg fyrir að fólk festist í fátæktargildru. Miklar tekjutengingar draga úr sjálfsbjargarviðleitni fólks til að lifa sjálfstæðu lífi, stunda atvinnu, byggja upp varasjóð og stofna fjölskyldu.

ÖBÍ hefur margsinnis skorað á stjórnvöld að virða rétt allra til mannsæmandi lífeyris og hverfa frá þeim innbyggðu fátæktargildrum sem eru í núverandi kerfi. Þá er krafa bandalagsins að stjórnvöld dragi til baka þær skerðingar sem gerðar voru á kjörum öryrkja í kjölfar efnahagshrunsins.

Ekkert um okkur án okkar.

# Hvað segðu menn þá?

OR



**Eiríkur Hjálmarsson**
upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar

Það er hárrétt sem fram kom í grein hér í blaðinu í gær að Orkuveita Reykjavíkur á margt ógert til að endurvinna traust. Við starfsfólkið gerum okkur fulla grein fyrir því og að mörgu leyti höfum við leitað til uppruna veiturekstursins til að finna fjölina okkar.

Vatnsveitan er dýpsta rót veiturefksturs Reykjavíkurborgar; hún varð 103 ára í sumar. Aðgangur að hreinu neysluvatni er réttur íbúa. Til að tryggja þann rétt hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu – hvert og eitt og öll í sameiningu – skilgreint vatnsverndarsvæði kringum vatnsbólin í Heiðmörkinni, sem hátt í 200 þúsund Íslendingar nýta. Samkvæmt skipulagsreglugerð, reglugerð um neysluvatn og reglugerð um varnir gegn mengun vatns þykir ekki réttlætanlegt að leyfa frístundabyggð eða fasta búsetu á þeim svæðum sem næst vatnsbólum eru. Þar rekast auðvitað á hagsmunir; leigjenda sumarhúsalóða og almennings. Ef við lítum nú á Heiðmörkina frá sjónarhóli viðskiptavina vatnsveitunnar og spyrjum okkur: Hvað myndu menn segja ef vatnsveitan sjálf, Orkuveita Reykjavíkur, endurnýjaði samninga um byggðina þrátt fyrir skýr fyrirmæli sveitarstjórnanna og gildandi reglugerða? Skyti það ekkert skökku við? Væri það til þess fallið að endurvekja traust?

... úr fyrir harðgerða Íslendinga
Michelsen Arctic Explorer



MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

# „... ég bara hló eins og vitleysingur.“

*Friðrika Benónýsdóttir / Kiljan*

„... óstjórnlega fyndinn höfundur, mjög vel heppnuð og skemmtileg bók.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Skemmtilegasta bókin sem ég hef lesið á þessari vertíð, ég bara hló eins og vitleysingur.“

Friðrika Benónýsdóttir / Kiljan

„... uppfull af undirfurðulegum húmor og kunnuglegum grátbroslegum vandræðagangi eins og þekkja má úr bestu bókum Braga.“

Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is






MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

## KAFFIKÖNNUR, KAFFIVÉLAR OG BRAUÐRISTAR Í MIKLU ÚRVALI

AEG
*- það segir allt.*



*Gullfallegar kaffikönnur og brauðristar*
***Verð: kr. 5.990,-***

Emile Henry FRANCE

Tagine



**Franska leirvaran frá Emile Henry**
Frönsk matarmenning. Betra bragð og meira næringargildi.



*get together*
Fallegur borðbúnaður.
Hnífaparasett úr burstuðu stáli.

Solis SO.978.79 Solis Smart Grill



**Vandað heilsugrill**
Heilsugrill sem tekur öllu öðru fram.
***Verð: 31.990,-***

Solis SOLIS 921.34

**Blandari**
Hörku flottur og vandaður blandari
FYRIR KRÖFUHARÐA



***Verð: 13.990,-***

Solis OF SWITZERLAND SOLIS 921.16
Hollir ávaxta- og grænmetis-drykkir með safapressunni frá SOLIS.



SAFAPRESSAN VINSÆLA
***Verð kr. 29.900,-***

Solis 921.30
Dásamlegt verkfæri í öll alvöru eldhús!
TÖFRASPROTI
MEÐ AUKAHLUTUM



***Verð: 16.990,-***

*Jamie Oliver*
**Pottar og pönnur**
Tefal *Snilldin ein!*



brabantia



Stálhnífar af bestu gerð.
Eftirsóttir af matgæðingum.
Gott úrval.

Allinox
*Tilvaldir fyrir hangikjötið!*
***7, 10 og 14 lítra stál pottar á frábæru verði!***



AEG *Veldu vandað - það borgar sig alltaf!*

LAVAMAT 60460
- ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
- ÍSLENSKUR LEIÐAVÍSIR



**1200 snúninga · 6 kg ÞVOTTAVÉL af bestu gerð**
~~*Rétt verð: 135.900 kr.*~~
***Jólaverð: 115.515 kr.***

LAVATERM 65270

**7 kg ÞURRKARI af bestu gerð**
~~*Rétt verð: 139.900 kr.*~~
***Jólaverð: 118.915 kr.***

## Hágæða AEG uppþvottavélar

FAVORIT 45010

Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél:
47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A



***Verð: 99.900,- HVÍT***
***Verð: 109.900,- STÁL***

AEG SB 4400



**AEG BLANDARI**
*- það segir allt.*
600 W
1,5 L glerkanna
6 hraðastillingar (+hraðastilling fyrir klaka)
***Sérlega hljóðlátur***
***Verð kr. 18.990,-***



AEG ACE-4122
Draumaryksugan er frá AEG
***Þær gerast ekki betri!***
***Verð frá kr. 19.900,-***

## AEG Espresso kaffivél
*– og hið eina sanna LAVAZZA kaffi*

FAVOLA PLUS LM5200

DÚETT SEM HITTIR BEINT Í MARK!
**LAVAZZA A MODO MIO · Kaffihylki**
Ítalskt Espresso kaffi beint í bollann.
Fjöldi tegunda af kaffi í boði frá LAVAZZA.
**Kaupauki: 24 kaffihylki fylgja hverri vél.**

**2 FYRIR 1**
Þú kaupir einn pakka af kaffi og færð annan frían!



***JÓLATILBOÐ: 29.900,-***

# ORMSSON
**// LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**

| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON AKRANESI SÍMI 530 2870 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|

OPIÐ ÞORLÁKSMESSU FRÁ KL. 11-21

*– í dillandi jólaskapi!*

# „Man pabbi þinn eftir þér?“

HEILBRIGÐISMÁL



Diljá Björg Þorvaldsdóttir
aðstandandi

Árið 2009 greindist pabbi minn með Alzheimer-sjúkdóminn, þá aðeins 49 ára gamall. Það var mikið áfall enda ég þá aðeins 19 ára gömul að klára stúdentinn. Ég hafði áður unnið á hjúkrunarheimili og hélt ég væri ágætlega undirbúin undir framhaldið en það kom annað á daginn. Ég átti eftir að komast að því að ungu fólki hrakar töluvert hraðar en þeim eldri og virðist sem veikindin séu ótrúlega persónubundin. Þegar fólk fréttir af þessum veikindum föður míns kippir það sér yfirleitt ekki mikið upp við það en spyr samt sem áður: „Hvað, man hann alveg enn þá eftir þér?”

Ástæða þess að ég ákvað að senda inn þessa grein var sú að ég vildi segja fólki frá því hvernig þessi sjúkdómur hefur lagst á pabba minn og þannig eyða þessari fegruðu staðalímynd um það að Alzheimer-sjúkdómurinn feli í sér krúttlega gamla karla og konur sem muna ekki alveg hvaða dagur er eða hvar þau lögðu úrið sitt. Alzheimer er hrörnunarsjúkdómur og langt frá því að vera fagur. Það eru þrjú ár síðan pabbi minn greindist og það er því miður ekki mikið eftir af þeim föður sem ég eitt sinn þekkti.

### Mörg tímabil

Ég er enginn sérfræðingur og get aðeins talað út frá eigin reynslu. Í pabba tilfelli gerðist þetta allt mjög hratt. Maður horfir upp á manneskju sem maður elskar fara í gegnum mörg tímabil. Í upphafi vissi pabbi að hann væri veikur en vildi samt enn þá gera þá hluti sem hann var vanur. Smám saman minnkaði getan og verklegt varð sífellt erfiðara. Hlutir eins og að hneppa peysu urðu ógeranlegir.

Samhliða að stunda nám við Listaháskóla Íslands eyddi ég kvöldum mínum við að koma pabba í háttinn og vera ávallt áhyggjufull að hann myndi týnast sem kom reglulega fyrir, því á Íslandi þarftu að vera mjög langt leiddur til að komast á stofnun. Hann komst að lokum tímabundið inn á Landakotsspítala og síðan inn á hjúkrunarheimili þar sem hann býr í dag. Ég vona innilega að enginn annar gangi í gegnum þá reynslu að þurfa að setja foreldri sitt á slíka stofnun þegar viðkomandi er einungis um fimmtugt. Það er engan veginn við hæfi að jafn ungur maður, þrátt fyrir að hafa greinst með hrörnunarsjúkdóm, sé vistaður á hjúkrunarheimili.

### Spurningar

Fólk spyr yfirleitt ekki mikið út í þetta en það kemur þó fyrir. Ein spurning sem ég fæ oft er „Líður honum illa?“ Pabbi er oftast nær mjög hress en færnin til að tjá sig fór snemma. Oftast nær er hann samt hlæjandi og á það til að grínast á sinn hátt. Svo eigi ég að dæma held ég hann hafi það alveg ágætt. Samt sem áður er mjög mikill dagamunur. Aðalspurningin er þó alltaf þessi: „Man hann alveg eftir öllum enn þá?“ Þetta er mjög persónuleg spurning og bendi ég fólki á það að það megi frekar velta fyrir sér hversu langt sjúkdómurinn sé genginn. Það kemur í veg fyrir að sá sem er spurður þurfi að svara óþægilegri spurningu. Ég er þó tilbúin að svara henni í eitt skipti fyrir öll. Í tilfelli pabba míns er spurningin ekki hvort hann muni eftir manni, heldur hversu miklu sambandi maður nær við hann hverju sinni. Stundum upplifir hann ofskynjanir og þá er hann í hrókasamræðum við einhvern og má ekki við því að vera truflaður.

**➜ Alzheimer er hrörnunarsjúkdómur og langt frá því að vera fagur. Það eru þrjú ár síðan pabbi minn greindist og það er því miður ekki mikið eftir af þeim föður sem ég eitt sinn þekkti.**

Allt sem telst til ósjálfráðra viðbragða skapar sjaldnast vandamál, en um leið og hann þarf að fara að hugsa um hvað hann er að gera þá fer að ganga illa. Með tímanum hrörnar honum meira og meira. Ég var vön að fara með honum út að borða a.m.k. einu sinni í viku en núna gengur það ekki lengur. Maður þarf alltaf að aðlaga sig að honum í hvert sinn sem honum versnar. Ég veit ekki hvernig framhaldið verður eða hversu langt hann á eftir en ég veit fyrir víst að það er bara hægt að taka einn dag í einu. Ég vil ekki að þetta sé leyndarmál eða eitthvað sem má ekki tala um. Það er betra að spyrja og hljóma vitlaus í tíu sekúndur en að vera fáfróður allt sitt líf, svo ég vitni í karl föður minn. Ég er líka mjög þakklát þeim sem hafa verið mér innan handar. Maður sér svo sannarlega hverjir standa manni næst þegar eitthvað bjátar á.


# Gefðu góða bók í jólagjöf




Nýja útgáfan af sögunni um Búkollu er nú loksins fáanleg. Sígilt ævintýri sem á erindi inn á hvert heimili.








Myrkfælna tröllið er þjóðlegt íslenskt ævintýri sem hjálpar börnum að sigrast á myrkfælni.




*Geisladiskur fylgir frítt með!*
Tuttugu jólalög sungin af Kór Öldutúnsskóla.






Njótið fallegra jólalaga yfir hátíðirnar.
*Gleðileg jól.*

Óðinsauga


# Hvernig líður þér um jólin?

SAMFÉLAG





Heimir Snorrason
Íris Stefánsdóttir
sálfræðingar á Kvíðameðferðarstöðinni

**➜ Á þessum tímamótum vakna því miður oft minningar um brostnar væntingar og svikin loforð. Slíkum minningum fylgja tilfinningar eins og depurð, kvíði eða vonleysi og við það magnast annað álag tengt þessum tíma til muna.**

Jólin eru tími barnanna. Á jólunum gerum við okkur dagamun, klæðum okkur upp og eigum samveru með fjölskyldu og vinum yfir gjöfum, hátíðarmat, bókum og spilum. Væntanlega geta allir foreldrar tekið undir þá ósk að börn fái að njóta hamingjuríkra jóla. Hins vegar getur það reynst snúið í nútíma samfélagi að uppfylla allar þær væntingar sem gerðar eru til jólahaldsins. Margt getur spilað þar inn í, eins og bág fjárhagsstaða, vinnuálag, ýmiss konar vandamál í fjölskyldu eða erfiðar minningar tengdar jólum. Því jólin eru líka tími tilfinninga og minninga.

Við undirrituð störfum með börnum, unglingum og fullorðnum sem margir hverjir eiga um sárt að binda vegna áfengisdrykkju foreldra og náinna skyldmenna. Í mörgum tilfellum er sú reynsla einna sárust yfir jólahátíðina og merkjum við það í viðtölum sem við eigum við skjólstæðinga okkar. Á þessum tímamótum vakna því miður oft minningar um brostnar væntingar og svikin loforð. Slíkum minningum fylgja tilfinningar eins og depurð, kvíði eða vonleysi og við það magnast annað álag tengt þessum tíma til muna.

### Hnútur í maga

Hvers konar minningar átt þú af jólum æsku þinnar, lesandi góður? Upplifðir þú ef til vill mikið álag, spennu og vanlíðan vegna áfengisneyslu sem var hluti af jólahaldinu? Hlustaðir þú eftir því þegar tappinn fór úr fyrstu flöskunni og fannst þá fyrir hnút í maga – sökk hjartað? Tókst þú eftir því með tilheyrandi kvíða þegar fólk fór að breytast í háttum með aukinni drykkju? Reyndir þú að forða foreldrum frá deilumálum með því að draga athyglina að sjálfum þér? Varst þú sífellt að fylgjast með foreldrum þínum og gast þess vegna ekki notið þín? Varst þú vonsvikinn og dapur yfir því að þínir nánustu gátu ekki veitt þér það öryggi og þá vellíðan sem við öll óskum eftir, sérstaklega á jólunum? Voru gjafirnar ef til vill lítil sárabót fyrir jól vonbrigða og kvíða?

Mögulega kannast þú við einhverjar slíkar lýsingar en telur þína drykkju á jólum í dag ekki vera þess eðlis að börnin þín finni fyrir sömu líðan og þú gerðir í þinni barnæsku. Kannski er þín áfengisdrykkja með öðru sniði en hjá foreldrum þínum og að þínu mati mun hóflegri. Taktu þó stund til að rifja upp þínar minningar um jólahald í æsku. Hugsaðu með þér hvað það var sem gladdi þig mest og hvað olli þér mestu hugarangri. Hvernig hefðir þú viljað hafa pabba og mömmu um jólin? Reyndu svo að líta í eigin barm og spurðu sjálfan þig hvort þú sért mögulega að endurtaka leikinn, kannski bara í örlítið breyttri mynd. Ef áfengisneysla var vandamál í þinni æsku er gott að skapa fjölskyldu sinni nýjar jólahefðir. Við hvetjum þig til þess að gera jólin að sannarlegri hátíð barnanna.

*Gleðileg jól.*

# Umræða um einelti á vitlausri braut

SAMFÉLAG



Matthías Freyr Matthíasson
starfsmaður á skammtímaheimili fyrir unglinga

Ég hugsa að það sé best að ég komi með fyrirvara hér. Einelti er nokkuð sem enginn einstaklingur ætti að þurfa að ganga í gegnum. Það er viðurstyggð og þjóðfélagið allt þarf að taka sig saman í andlitinu.

Að því sögðu er ég á því að umræðan um einelti sé á miklum villigötum. Ég sem einstaklingur upplifði einelti mestalla mína grunnskólagöngu. Ég veit um hvað ég er að tala en ætla þó ekki að halda því fram að ég sé alvitur þegar kemur að þessum efnum. Langt því frá. Takið eftir að ég tala ekki og mun aldrei tala um mig sem fórnarlamb eineltis.

### Eigið fórnarlamb

Ég lít ekki á mig í dag sem fórnarlamb, þeir tímar eru sem betur fer löngu löngu liðnir. Ég hugsa að ég hafi mest í gegnum tíðina verið mitt eigið fórnarlamb – ég var svo fastur í „eineltisfórnarlambshugsuninni“ að ég leyfði mér ekki að losna við mitt sjálfskaparvíti fyrr en ég varð 22 ára gamall. Þegar ég sé alla þá umræðu sem kemur öðru hverju upp í fjölmiðlum um einelti og afleiðingar þess svíður mig þó í hjartað. Ég finn til einhverrar óútskýrðrar samkenndar til handa þeim sem þó sýna kjark

**➜ Þegar ég sé alla þá umræðu sem kemur öðru hverju upp í fjölmiðlum um einelti og afleiðingar þess svíður mig þó í hjartað.**

sinn og stíga fram og segja frá sögu sinni. En mig svíður jafnvel meira að sjá sum þau komment sem koma fram í kommentakerfum fjölmiðlanna.

Þar er fullorðið (mis-fullorðið) fólk að missa sig í bræði og ógeðslegu orðbragði, komið með heygafflana á loft og tilbúið að taka „gerendurna“ og framkvæma hatursfulla hluti gagnvart þeim. Við munum aldrei ná langt í baráttunni gegn einelti ef við höldum umræðunni alltaf á þessum nótum og ef við einsetjum okkur alltaf að finna gerendurna og „refsa“ þeim. Með þessum orðum mínum er ég þó ekki að fría gerendurna og segja að þeir séu englar! En ég er að segja að við þurfum að breyta þessum hugsunarhætti til þess að ná áfram.

Einnig er ekki nóg að útrýma einelti úr grunnskólum. Einelti á vinnustöðum fullorðsins fólks er gríðarlega algengt. Það finnst mér erfiðara að skilja!

# Hjá okkur finnast gjafirnar



Vélin fæst
í mörgum litum.
Verð frá kr. 82.990



KitchenAid®
FOR THE WAY IT'S MADE.®



**JÓLATILBOÐ**
**4.990**

Fjöldi aukahluta á Kitchenaid hrærivélina fáanlegur, sleikiarmur, grænmetiskvörn, hakkavél, berjapressa, sítruspressa, pastagerðavél og fleira.



SEVERIN

**Severin ES3560**
600w safapressa með 1740 ml safaíláti. Öryggisloki Stálsía og stálhnífur. Stál.

VERÐ **12.990**



SEVERIN

**Severin PC3751**
Poppkornsvél sem býr til poppkorn með heitu lofti á 2,5 mínútum.

VERÐ **4.990**



Fissler. Perfect every time.

**Fissler 15730228100**
Vönduð 28cm panna með sterkri viðloðunarfrírri húð. Virkar á allar gerðir af eldavélum.

VERÐ **9.990**



ÅVIKEN

**Aviken 904**
Hágæða 1000w vöfflujárn með hitastilli sem gerir 4 hjartlaga vöfflur. Lætur vita með ljósi þegar vaffla er tilbúin. Jöfn og hröð hitun, vöfflujárn fyrir kröfuharða.

VERÐ **14.990**



SEVERIN

**Severin KA5700**
1450w Café Caprice KAFFIKANNA sem sýður vatnið. Dropastoppari. Tekur 8-12 bolla.

VERÐ **16.990**



SEVERIN

**Severin AS3950**
Áleggshnífur. 130w rafmagnshnífur. Stálhnífur sem sker frá 0-20mm þykkt.

VERÐ **9.990**



Fissler. Perfect every time.

**Fissler 8006608001**
Signum hnífasett með 7 hnífum. 7,5sm Afhýðingarhnífur, 9sm Grænmetishnífur, 11,5sm Tómathnífur, 15sm Úrbeiningarhnífur, 20sm Kjöthnífur, 20sm Alhliðahnífur og 21sm Brauðhnífur.

VERÐ **24.990**



Fissler. Perfect every time.

**Fissler 60030004000**
Vitaquick 4,5 lítra hraðsuðupottur. Hraðari eldun og varðveitir vítamín í mat betur en við venjulega suðu. Má einnig nota sem venjulegan pott.

VERÐ **24.990**



SEVERIN

**SeverinKa5987**
Sjálfvirk 1500w kaffivél. 1,5 lítrar. 15 bör. Hitaplata. Flóunarstútur.

VERÐ **22.990**



Saeco

**Saeco Xsmall**
- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 líter
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ **69.990**



Saeco

**Saeco Intelia**
- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ **79.990**



Saeco

**Saeco Syntia**
- Sjálfvirk stafræn kaffivél
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Sjálfvirk flóunarkanna
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ **129.990**



WilliamBounds salt- og piparkvarnir í úrvali

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Endurteknar rangfærslur um erfðabreytt matvæli

ERFÐABREYTT MATVÆLI



**Jón Hallsteinn Hallsson**
dósent við auðlindadeild Landbúnaðarháskóla Íslands

Í nýlegri grein í Fréttablaðinu heldur Sandra B. Jónsdóttir (Sandra Best) uppteknum hætti og ber á borð fyrir lesendur rangfærslur um erfðabreytt matvæli. Sandra fjallar nú í annað skipti um niðurstöður franskra vísindamanna sem, undir forystu Gilles-Eric Séralini, töldu sig sýna að neysla á erfðabreyttum maís gæti valdið bæði æxlismyndun og ótímabærum dauðsföllum í rottum. Í þessari nýjustu grein sinni segir Sandra „[f]ranska rannsóknin sem Séralini o.fl. gerðu komst að því að taka hefði átt niðurstöður tilrauna Monsanto um eitrunaráhrif mun alvarlegar“ og kallar rannsóknina „vakningu til stjórnvalda og eftirlitsaðila allra landa“. Gallinn er hins vegar sá að franska rannsóknin komst ekki að neinu, um það eru flestir sammála, m.a. eftirlitsaðilar fjölmargra landa. Það er nefnilega þannig að óháð því hvað fólki finnst um tölfræði skiptir hún máli í vísindum og í því tilfelli sem hér um ræðir var tilraunauppsetning og tölfræðileg úrvinnsla með þeim hætti að niðurstöðurnar styðja hvorki ályktanir Séralini né hræðsluáróður Söndru.

### Ómarktækt

Söndru verður tíðrætt um „líftækniiðnaðinn“ í greinum sínum, og má ljóst vera að tilgangurinn er að gera þá sem ekki deila skoðunum hennar tortryggilega í augum lesenda. Í grein sinni segir Sandra „[l]íftækniiðnaðurinn brást hart við frönsku rannsókninni“ og „[h]ið sama gerir gengi nokkurra íslenskra vísindamanna sem auðsjáanlega telja það atvinnu- og fjárhagslegum hagsmunum sínum fyrir bestu“. Dylgjur af þessu tagi dæma sig sjálfar. En ef málið væri nú svo einfalt að líftækniiðnaðurinn væri hér að verja hagsmuni sína í samstarfi við „gengi nokkurra íslenskra vísindamanna“ ætti Söndru að reynast það létt verk að fletta ofan af samsærinu. Mergur málsins er hins vegar sá að mjög fáir hafa tekið til varna fyrir rannsókn Séralini, ef frá eru taldir aðilar sem hafa þá bjargföstu og jafnframt óstaðfestu trú að erfðabreytt matvæli séu stórhættuleg. Fjölmargar evrópskar stofnanir á vegum stjórnvalda hafa sent frá sér umsagnir um rannsókn Séralini og það er fróðlegt að sjá hvort umsagnir þeirra séu samhljóða skoðunum Söndru.

Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) segir um rannsókn Séralini að hún sé „ófullnægjandi hvað varðar tilraunaskipulag, greiningu og birtingu niðurstaðna“. Bundesinstitut für Risikobewertung (BfR) í Þýskalandi segir að niðurstöður rannsóknarinnar styðji ekki ályktanir Séralini „vegna galla í tilraunauppsetningu …“. Danska matvælastofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að ómögulegt sé að draga ályktanir um áhrif erfðabreytinga á heilsu byggt á grein Séralini sem þeir segja af „litlum faglegum gæðum“. ANSES og HCB (Haut Conseil des biotechnologies) fóru yfir málið fyrir frönsk stjórnvöld og niðurstöðurnar voru þær að tilraunauppsetning væri röng, lýsing niðurstaðna ófullnægjandi, ályktanir ekki rökstuddar og því ekki ástæða til að endurskoða áhættumat á umræddum maís (ofangreindar skýrslur má nálgast hér http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/2986.htm). Niðurstöður fjölmargra annarra eftirlitsstofnana eru sambærilegar. Sandra hefur áður gefið í skyn að EFSA hafi óeðlileg tengsl við líftækniiðnaðinn og sé þ.a.l. ekki marktæk í umræðunni, en mikill er máttur líftækniiðnaðarins ef hann hefur tangarhald á öllum þeim stofnunum sem lýst hafa rannsókn Séralini ómarktæka. Samdóma álit þessara opinberu aðila og fjölmargra vísindamanna er einfaldlega að rannsóknin sem um ræðir sé ómarktæk og veiti engar nýjar upplýsingar um áhrif erfðabreyttra matvæla á heilsu.

### Afneitunariðnaðurinn

Eftir því sem reynslan af nýtingu erfðatækni í landbúnaði og matvælaframleiðslu eykst kemur betur og betur í ljós að erfðatæknin er ekki varhugaverð sem slík. Þetta er meðal annars niðurstaða nýlegrar skýrslu Evrópusambandsins (http://ec.europa.eu/research/biosociety/pdf/a_decade_of_eu-funded_gmo_research.pdf). En þrátt fyrir umfangsmiklar rannsóknir og fjölmarga augljósa kosti erfðatækninnar fer mikið fyrir hópi fólks sem grípur sérhvert tækifæri til að halda fram þeirri skoðun að erfðatæknin sé stórhættuleg og að notkun hennar eigi jafnvel að banna með öllu, sér í lagi notkun hennar í landbúnaði og matvælaframleiðslu. Þessar kröfur byggja þó ekki á vísindum heldur áróðri og endurteknum rangfærslum óháð vísindaniðurstöðum. Málflutningurinn líkist þannig helst málflutningi afneitunarsinna sem mikið hefur borið á í umræðunni um loftslagsmál. Það er vonandi að íslensk stjórnvöld sjái í gegnum þennan áróður og styðjist við niðurstöður vísindanna í þessu máli rétt eins og þau hafa ákveðið að gera í loftslagsmálunum.

**➜ Það er vonandi að íslensk stjórnvöld sjái í gegnum þennan áróður og styðjist við niðurstöður vísindanna…**

# Aukið á réttaróvissu

ÞJÓÐLENDUMÁL



**Guðjón Jensson**
bókasafnsfræðingur

Þjóðlendulögin frá 1998 eru að mörgu leyti einkennileg lagasetning. Megintilgangur þeirra var sá að greiða úr þeirri réttaróvissu sem ríkti um eignarhald á hálendi Íslands, eða eins og segir í 2. grein: „Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.“ Komið var á sérstakri nefnd, „Óbyggðanefnd“, sem rannsaka skyldi þessi mál og gera kröfur fyrir hönd ríkisins.

Nefnd þessi hafði mjög ítarlegt vald til að rannsaka og úrskurða um eignarrétt. Verður úrskurðum hennar ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds (14. gr.) heldur skyldi sá sem þótti sig bera halla af úrskurði nefndarinnar höfða einkamál innan 6 mánaða frá því að hann hafði verið birtur í Lögbirtingarblaði (19. gr.).

Þar með er sönnunarbyrðinni snúið við, þ.e. úrskurður Óbyggðanefndar stendur uns honum hefur verið hnekkt. Niðurstaðan getur verið glannaleg, byggð á nokkuð frjálslegri túlkun heimilda. Ber þá þeim sem ekki vill una að stefna ríkisvaldinu um endurheimt eignarréttar síns og færa sönnur fyrir máli sínu. Hafa mörg kostuleg dæmi verið nefnd í þessu sambandi. Má þar nefna svonefndan Geitlandsdóm þar sem norðanverður Kaldidalur er dæmdur þjóðlenda með vísun í Landnámu en eignarréttur Reykholtskirkju hundsaður þrátt fyrir að kirkjan eigi Geitland með skógi, en svo stendur skýrum stöfum í Reykholtsmáldaga, sem er elst varðveitt skjal á Íslandi (elsti hluti hans talinn vera frá 1185, Saga Íslands II:75).

### Geitlandsdómur

Um Geitlandsdóm Hæstaréttar hefur dr. Einar Gunnar Pétursson skrifað: http://www.mbl.is/greinasafn/grein/564037/

Þá má nefna vægast sagt undarlega niðurstöðu Óbyggðanefndar um Lónsöræfi, en fyrir um öld voru eiganda Stafafells í Lóni seld öræfi þessi af sama aðila, ríkisvaldinu, og nú hefur yfirtekið án bóta.

Á slóðinni: http://www.mbl.is/greinasafn/grein/584227/ má lesa óánægju landeigenda í Austur-Skaftafellssýslu um kröfur Óbyggðanefndar á hendur þeim. Þeir telja, sem réttilegt er, að ríkisvaldið sé að ganga á stjórnarskrárvarinn eignarrétt þeirra. Þá er einnig góð grein um Stafafell í Lóni eftir Gunnlaug Ólafsson: http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1138328/

En hvernig er háttað heimildaöflun þeirra sem málið varðar vegna eignarréttar? Í opinberum skjalasöfnum er umtalsvert magn skjala sem varða eignarrétt. Talið er að nálægt 16 þúsund skjöl liggi órannsökuð hjá Árnastofnun, Landsbókasafni og Þjóðskjalasafni. Ekki er ljóst hvort þar kunna að vera heimildir um eignarhald á landi sem dæmt hefur verið sem þjóðlenda. Því kann að vera að síðar komi í leitirnar sönnunargögn um eignarrétt á landi sem ekki var vitað um þegar niðurstaða var fengin í dómsmálum um þjóðlendur á Íslandi. (Heimild: http://landeigendur.is/landbunadur/wgbi.nsf/Attachment/fundargerd_lli_2010_adalfundur/$file/fundargerd_lli_2010_adalfundur.pdf)

Ljóst er að þjóðlendumál hafa fremur aukið á réttaróvissu í mörgum tilfellum en greitt úr. Hefur verið farið af stað meira af kappi en forsjá?

Heimildir um eignarrétt jarða, sveitarfélaga og annarra aðila þarf að rannsaka betur en verið hefur. Veita þarf aukið fé til þessara mála.

**➜ Ljóst er að þjóðlendumál hafa fremur aukið á réttaróvissu í mörgum tilfellum en greitt úr.**

# Ef táknmálstúlkar segja upp fer líf mitt á hvolf

SAMFÉLAG



**Heiðdís Dögg Eiríksdóttir**
formaður Félags heyrnarlausra

Kæru æðstu yfirmenn hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, ég bið ykkur að veita táknmálstúlkum mannsæmandi laun. Ef þeir segja upp fer líf mitt, fjölskyldu minnar, vina minna og margra annarra sem eru mér kærir á hvolf. Nýverið var móðurmál mitt viðurkennt í lögum sem jafnrétthátt íslenskri tungu og er ég stolt af þjóð okkar að stíga það skref.

Mannréttindi, forréttindi eða heppni, ég upplýsi ykkur lesendur góðir, að það að segja mig heppna að fá táknmálstúlk eða að ég ætti að vera þakklát að fá táknmálstúlk er ekki rétt. Ég á rétt á því að vera heil manneskja, móðir barnanna minna, taka þátt í félagslífi þeirra, vera virkur þjóðfélagsþegn og það geri ég með reisn ef borin er virðing fyrir mannréttindum mínum. Ég vil ekki þurfa að vera bogin og skríða til þess að fá að gera þessa hluti í mínu daglega lífi.

Ég og fjölskylda mín njótum lífsins með reisn. Við hjónin erum döff, eigum þrjú yndisleg börn sem hafa alist upp við táknmál frá fæðingu. Við njótum þess að taka þátt í uppeldi þeirra, öllu sem kemur að þeirra daglega lífi. Við sitjum við sama borð og aðrir foreldrar þegar við mætum á viðburði barnanna og táknmálstúlkur túlkar þá, við kynnumst vinum barnanna okkar og foreldrum þeirra, við förum í leikhús með börnunum okkar, ættarmót, fjölskylduboð, fermingu, skírn og allt þetta venjulega sem þið gerið í lífi ykkar. Við erum venjuleg fjölskylda í Kópavoginum sem nýtur þess að vera íslenskir þjóðfélagsþegnar þegar við fáum táknmálstúlk og virðing er borin fyrir mannréttindum okkar til að nota táknmálstúlk óháð stað, stund og kringumstæðum.

Við viljum sinna okkar daglegu skyldum og njóta lífsins á okkar eigin móðurmáli. Hver dagur í bið er dýr fyrir þjóðfélagið og líf okkar, sem og barnanna.

**➜ Við viljum sinna okkar daglegu skyldum og njóta lífsins á okkar eigin móðurmáli.**



# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

2720 kr. Dóttir húshjálparinnar

4190 kr. Sjóræninginn

4299 kr. Kuldi

3990 kr. Reykjavíkurnætur

# JÓLABÆKUR á frábæru verði!

3486 kr. Ég geng ein

4190 kr. Hvítfeld

4399 kr. Skáld

4299 kr. Undantekningin

4390 kr. Hlaupið í skarðið

4490 kr. Húsið

3980 kr. Leyndarmál hundaþjálfunar

8999 kr. Upphafið

10499 kr. Ísland í aldanna rás

1999 kr. Tannburstunarbókin mín

1395 kr. Depill hvað sérðu?

Allir titlar fást í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi, minna úrval í öðrum verslunum. Tilboðin gilda 21.des.- 24. des.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

# Heimsendir eða nýtt upphaf

**Ásdís Olsen fagnar fimmtugsafmælinu sínu í dag. Hún neitar því ekki að afmælið hafi stundum gleymst í jólaundirbúninginum en segist hafa orðið veisluglaðari með aldrinum.**

„Þetta verður annaðhvort heimsendaveisla eða fögnuður á nýju upphafi,“ segir Ásdís Olsen sem fagnar fimmtugsafmælinu sínu í dag.

Ásdís býður 100 fjölskyldumeðlimum og vinum til veislu á heimili sínu í kvöld þar sem hún segir að fagnað verði eins og enginn sé morgundagurinn.

Hún er hvergi bangin við tímamótin stóru. „Þetta er bara spennandi. Ég er viss um að við séum að ganga inn í nýja tíma í kosmósinu, mannúðartíma og að ákveðin uppstokkun muni eiga sér stað. Konur rísa og mjúku gildin verða í hávegum höfð enda löngu kominn tími til,“ segir Ásdís, sem starfar sem kennari í Háskóla Íslands ásamt því að standa fyrir fjölbreyttum námskeiðum í núvitund og hamingju.

Undirbúningur veislunnar hefur ekki verið mikill að sögn Ásdísar, sem segir að fólkið skapi veisluna og hún ætli að njóta þess að hafa allt uppáhaldsfólkið sitt í kringum sig. Hún ætlar að hafa varðeld í garðinum þar sem spáð verður fyrir um framtíðina og nýjum tímum fagnað.

Ásdís segist hafa verið duglegri að halda upp á afmælið sitt. Þegar hún var barn féll afmælið hennar oftar en ekki í skuggann af jólaundirbúningnum. „Allir ættu að eiga einn dag á ári sem snýst um þá sjálfa. Mér líst vel á tímamótin og er þakklát fyrir að fá að bæta við mig árum og vera heilbrigð og sátt.“

alfrun@frettabladid.is



**FAGNAR TÍMAMÓTUM** Ásdís Olsen heldur upp á fimmtugsafmælið sitt með pompi og prakt í kvöld, en hún býður 100 manns heim til sín í veislu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---

†



**JOSEFINE PEREZ JÓNSSON**
**Reykjavíkurvegi 10, Hafnarfirði,**

andaðist hinn 18. desember síðastliðinn á kvennadeild Landspítalans. Bálför fer fram 28. desember kl. 13.00 frá Landakotskirkju. Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks á deild 21A fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldu og skyldmenna,**

**Finnbogi Þórir Jónsson.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu hlýhug og samúð við andlát og útför

**MARÍU RAGNARSDÓTTUR**
**saumakonu frá Akureyri.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri fyrir góða umönnun.

**Ættingjar og vinir hinnar látnu.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ÁSA MAGNÚSDÓTTIR**
**Meistaravöllum 23, Reykjavík,**

lést á heimili sínu laugardaginn 15. desember. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 28. desember kl. 13.00.

**Sævar Gíslason**
**Olav Ingvald Olsen**
**Fjóla Bjarnadóttir**
**Óskar Einarsson**
**Beatrice Aðalsteinsson**
**systkini, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, dóttir, mamma, tengdamamma og amma,

**BRYNHILDUR ÓLAFSDÓTTIR**
**skólastjóri,**
**Kögurseli 4, Reykjavík,**

lést að morgni þriðjudags 18. desember. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Líknardeildinni fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þór Ottesen Pétursson**
**Ólafur Ingvarsson**
**Áslaug Þórsdóttir** **Viktor Örn Guðlaugsson**
**Brynja Þórsdóttir**
**Bjarki Þórsson**
**Hallbjörn E. Þórsson** **Helena E. Ingólfsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞORSTEINU SIGURBJARGAR ÓLAFSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hraunbúða fyrir góða umönnun.

**Gunnar Ólafsson** **Erla Sigurðardóttir**
**Sigurbjörg Ólafsdóttir** **Birgir Pálsson**
**Sigurður Ólafsson** **Birna Jóhannesdóttir**
**Guðbjörg Ólafsdóttir** **Eiríkur Bogason**
**Sesselja Ólafsdóttir** **Gunnar Berg Sigurjónsson**
**Ólöf Erla Ólafsdóttir** **Stig Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

WWW.KVEDJA.IS

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BALDUR BERNDSEN MARÍUSSON**
**Tómasarhaga 24, Reykjavík,**

lést laugardaginn 15. desember síðastliðinn á LSH í Fossvogi. Jarðarför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 28. desember næstkomandi kl. 13.00.

**Inga Cleaver**
**Magnús Bjarni Baldursson** **Sigríður Haraldsdóttir**
**Guðrún Edda og Sigríður Erla Baldursdætur**
**Baldur Karl, Elín Inga og Edda Sólveig**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUÐNI EGILL GUÐNASON**
**frá Suðureyri við Súgandafjörð,**

til heimilis að Sóltúni 5, Reykjavík, andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli að kvöldi mánudagsins 17. desember. Útför hans fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 27. desember klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Parkinson-samtökin.

**Brita Marie Guðnason**
**Jóhann Guðnason** **Rósa Hrund Guðmundsdóttir**
**Guðni Albert Guðnason**
**Ingólfur Guðnason** **Sigrún Elfa Reynisdóttir**
**Kjartan Guðnason** **Sesselja Traustadóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SVANHVÍT STELLA ÓLAFSDÓTTIR**
**húsmóðir,**
**Grundargerði 6, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Hringbraut þriðjudaginn 18. desember. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 28. desember klukkan 13.00.

**Helena Á. Brynjólfsdóttir** **Valur Waage**
**Ólafur Brynjólfsson** **Hrefna Björnsdóttir**
**Eyjólfur Brynjólfsson** **Steinunn Þórisdóttir**
**Kristín Brynjólfsdóttir** **Kristján Jónasson**
**Sverrir Brynjólfsson** **Guðríður Ólafsdóttir**
**Dagný Brynjólfsdóttir** **Gunnar Óskarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**STURLA JÓNSSON**
**Tungusíðu 14, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 18. desember. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 4. janúar kl. 13.30.

**Anna Soffía Þorsteinsdóttir**
**Drífa Björk Sturludóttir** **Steingrímur Benediktsson**
**Atli Þór Sturluson**
**Júlíanna Þöll og Benedikt Sturla**

---

†



Ástkær sambýliskona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐLAUG MARTEINSDÓTTIR**
**Löngumýri 22d, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum Fossvogi að kvöldi mánudagsins 17. desember.

**Gísli Ferdinandsson**
**Katrín Margrét Bragadóttir** **Oddur Fjalldal**
**Eyjólfur Einar Bragason** **Kristín Kristmundsdóttir**
**Stella Bragadóttir** **Michael Whalley**
**Þórir Valgarð Bragason** **Hanna Rúna Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**ÁRMANNS J. LÁRUSSONAR**
**Digranesvegi 20, Kópavogi,**

sem jarðsunginn var 26. nóvember frá Fríkirkjunni Kefas. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki B-7 á Landspítalanum fyrir hlýja og góða umönnun.
Guð blessi ykkur öll.

**Björg R. Árnadóttir**
**Helga R. Ármannsdóttir** **Páll Eyvindsson**
**Sverrir Gaukur Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, laugardag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í laugardagsblaðið færist því fram til kl. 12.30.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## JÓL Í LINDAKIRKJU

**Söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir verður með jólatónleika fyrir alla fjölskylduna í Lindakirkju í Kópavogi í kvöld kl. 19.30. Með henni verða hinir ýmsu hljóðfæraleikarar og kórar. Sungin verða þekkt jólalög. Miðaverð er 2.500 krónur.**


FINLUX

32" LCD SJÓNVARP




**Einfalt en vandað 32" Finlux sjónvarp með stafrænum DVBT móttakara, USB tengi og innbyggðum margmiðlunarspilara.**

**Innbyggður margmiðlunarspilari**
Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og USB tengi, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Styður öll helstu snið, t.d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

**Vel tengjum búið**
Tækið er með öllum helstu tengimöguleikum sem þarf í dag, 2xHDMI, Scart, VGA, Audio In, heyrnartólstengi og USB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heyrnartól og margt fleira við tækið.

**Góð myndgæði**
Tækið er með vönduðum LCD skjá með 1366x768 punkta upplausn og 5ms svartíma með progressive scan sem gefur skarpa og góða mynd.

**CI kortarauf**
Tækið er með innbyggðri CI kortarauf þannig að þeir sem eru með Digital Ísland frá Vodafone geta losnað við afruglarann frá Vodafone Digital Ísland og fengið CA tengi sem er smellt í tækið.

DVB T
USB
HDMI

**Finlux 32FLX905U**

**69.990**

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur appelsínugljáðan hátíðarfugl með byggi, döðlum og trönuberjafyllingu. Tilvalið er að bera fuglinn fram með sellerírótarkartöflumús og góðu grænmeti. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu hátíðarmáltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## APPELSÍNUGLJÁÐUR HÁTÍÐARFUGL

MEÐ BYGGI, DÖÐLUM OG TRÖNUBERJAFYLLINGU

**HRÁEFNI**
1 hátíðarfugl, um 2 kíló

**FYLLING**
6-8 þurrkaðar döðlur, smátt saxaðar
4 skorpulausar brauðsneiðar í litlum teningum
2 egg
½ gráðostshorn í litlum bitum
½ dl appelsínusafi
4 dl soðið bygg
1 dl þurrkuð trönuber
1 dl kasjúhnetur
1 msk. rifinn appelsínubörkur

Öllu hellt í skál og blandað vel saman. Setjið síðan fyllinguna inn í fuglinn.

**SOÐ, SÓSA OG BAKSTUR**
2 dl appelsínusafi
2 dl hvítvín
2 msk. appelsínumarmelaði
1 msk. rifinn appelsínubörkur
1 msk. græn piparkorn
1 msk. kóríanderfræ
1-2 rósmaríngreinar eða 1 tsk. þurrkað
1 msk. kjúklingakraftur
3-4 dl vatn
40 g kalt smjör í teningum
Nýmalaður pipar
Sósujafnari

Setjið fyllta hátíðarfuglinn í steikarpott eða djúpa ofnskúffu ásamt appelsínumarmelaði, appelsínusafa, appelsínuberki, hvítvíni, kóríanderfræjum og rósmarín. Kryddið fuglinn með pipar og setjið lokið á eða álpappír yfir og færið í 150 °C heitan ofn í eina og hálfa klukkustund eða þar til kjarnhiti sýnir 70 °C. Sigtið þá soðið úr steikarpottinum í pott og bætið vatni og kjúklingakrafti út í. Hleypið suðunni upp og þykkið með sósujafnara. Takið pottinn af hellunni og bætið smjörinu saman við. Hrærið þangað til smjörið hefur bráðnað. Eftir það má sósan ekki sjóða.

**HJÚPUR**
2-3 msk. appelsínumarmelaði
2 msk. kóríanderlauf, smátt söxuð
1 tsk. rósapipar, má sleppa
1 tsk. grænn pipar
1 tsk. kóríanderfræ

**AÐFERÐ**
Allt sett í skál og blandað vel saman. Penslið fuglinn með hjúpnum og bakið í 10 mín við 190 °C. Berið fuglinn fram með sósunni og til dæmis sellerírótarkartöflumús og góðu grænmeti.


**Veislur eru okkar fag**

Verð frá **1795 kr.** pr. mann

Panta þarf veislur með minnst dags fyrirvara



Skoðið úrval veisluhugmynda á www.nings.is

Sushi bakkar fyrir áramótapartýið eru útbúnir á gamlársdagsmorgun og afgreiddir á gamlársdag á milli kl. 11 og 14

Allar pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara

**SUSHI PARTÝ**

Sushi partýbakkar fyrir hátíðarnar

**Tilvalið í áramótaveisluna**

*Sushi bakki með...*
*30 bitum kr. 4500*
*50 bitum kr. 7200*

**NINGS**

Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899

# JÓLATÓNLEIKAR Á HLEMMI

**TÓNLEIKAR** *Sérstök jólastemning verður á Hlemmi á morgun þegar síðustu tónleikar í tónleikaröðinni „Hangið á Hlemmi“ verða haldnir.*

Hlemmur hefur verið vettvangur tónleikaraðarinnar „Hangið á Hlemmi“ alla laugardaga í desember. Búið er að skreyta bygginguna í anda jólakvikmyndarinnar alræmdu Christmas Vacation, sem þýðir að sögn skipuleggjenda að meiri áhersla sé lögð á magn jólaskrauts en gæði. Á morgun stíga tónlistarmennirnir Jónas Sig og Ómar Guðjóns á stokk og flytja nokkur laga sinna. Þeir félagar ferðuðust nýlega hringinn kringum landið og héldu fjórtán tónleika saman á jafnmörgum dögum.

Báðir hafa þeir nýlega gefið út nýjar plötur. Jónas Sig gaf út plötuna Þar sem himin ber við haf, en hana vann hann í samvinnu við Lúðrasveit Þorlákshafnar og tónlistarbands eldri borgara í bænum, Tóna og Trix. Platan var nýlega valin sjöunda besta plata ársins hjá Fréttablaðinu. Plata Ómars Guðjóns heitir Útí geim og er hún fjórða sólóplata gítarleikarans.

Tónleikarnir verða þeir síðustu í tónleikaröðinni en áður hafa hljómsveitirnar Tilbury, Agent Fresco og Retro Stefsson haldið tónleika á Hlemmi.

Tónleikaröðin tengist verkefninu Jólaborgin Reykjavík sem Höfuðborgarstofa skipuleggur í samvinnu við fjölda aðila á höfuðborgarsvæðinu. Meginmarkmið verkefnisins er að efla höfuðborgina sem jólaborg um jól og áramót gagnvart íbúum borgarinnar og gestum hennar. Tónleikarnir hefjast um kl. 15 á morgun laugardag og það kostar ekkert inn.



**HANGIÐ Á HLEMMI** Jónas Sig og Ómar Guðjóns spila fyrir gesti á morgun.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427










LAGERSALA
Lagersala Ármúla 22 2. Hæð
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði
Fullt af nýjum vörum
Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19









21. DESEMBER 2012

# Lífið

BAKSVIÐS HJÁ BÓ

JÓLIN HJÁ ATHAFNAKONU

SÆTAR Í HÖLLINNI



# VÖLVA 2013

## VÖLVA LÍFSINS SKOÐAR FRAMTÍÐ LANDS OG ÞJÓÐAR

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Gleðin var svo sannarlega við völd á tónleikunum Hátt í Höllinni sem fram fóru í vikunni. Höllin var þéttsetin og vel mönnuð en þar mátti meðal annars sjá ofur-



parið Oliver og Nönnu Guðbergs ásamt góðum vinum. Söng og leikkonan **Þórunn Lár** dillaði sér við ljúfa tóna, sem og skóhönnuðurinn **Sigrún Lilja Guðjónsdóttir**.



Kertakonan og förðunarmeistarinn **Þórdís Þorleifs** mætti ásamt Ingunni Jóns hönnuði. Hárgreiðslukonan glæsilega Svava Björg Harðardóttir mætti einnig til leiks sem og fleiri flottir.






Lífið

UMSJÓN

Ellý Ármanns elly@365.is

Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Helgi Ómars
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

Módel: Bríet Kristinsdóttir hjá Eskimo Models. Förðun: Hildur Ester Jónsdóttir. Stílistering: Björt Sigfinnsdóttir og Helgi Ómarsson. Myndvinnsla: Harpa Einarsdóttir. Föt & Skart: Ziska & Spútnik.




Björgvin og börnin hans, Svala og Krummi.

MYNDIR/MUMMI LÚ



Mæðgurnar Dísa Jakobs og Ragga Gísla.

# BAKSVIÐS HJÁ BÓ

**Andrúmsloftið var frábært baksviðs á vægast sagt frábærum tónleikum Björgvins Halldórssonar síðustu helgi.**



Valdimar og Bubbi í góðum gír.



Þórunn Antonía myndar Eirík Hauksson með símanum sínum.



Svala ásamt meðlimum úr stúlknakór Kársnesskóla í Kópavogi.


SALON REYKJAVÍK

KYNNIR HÁRLIT ÁN AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic® color systems

- ÞEKUR GRÁTT HÁR 100%
- FALLEGUR LITUR
- SKEMMIR EKKI HÁRIÐ
- FRÁBÆR GLANS
- ENDINGAGÓÐUR
- LÍFRÆNT VOTTUÐ INNIHALDSEFNI* (SOIL ASSOCIATION)
- STENST KRÖFUR UM VEGAN (PETA VOTTAÐ)
- EKKI PRÓFAÐ Á DÝRUM (PETA VOTTAÐ)

*(SUM EFNI)



SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MÁN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305


## HÁTÍÐLEGAR Í HÖLLINNI

**Lífið kannaði tískuna á tónleikunum Hátt í Höllinni í vikunni.**

**Oddný Nanna Stefánsdóttir**



**Feldur** Spaksmannsspjarir
**Jakki** Victoria Secret
**Buxur** Please
**Skór** Donna Karan

**Una Björk Jónsdóttir** | **Svandís Ósk Símonardóttir**



**Peysa** Zara
**Blússa** Einvera
**Skyrta** Max Mara (frá ömmu)
**Skór** Rokk og rósir
**Skór** GS skór




Farmers Market

ICELAND

WWW.FARMERSMARKET.IS

FARMERS & FRIENDS VERZLUN - HÓLMASLÓÐ 2 - GRANDI - 101 REYKJAVÍK - S 552 1960

OPIÐ: FÖS 21.DES KL.10-20 LAU 22.DES KL.10-22 SUN 23.DES KL.10-22 AÐFANGADAG KL.10-12




Kórónur, hattar, flautur og glitrandi borðskraut á vel við í áramótaveislunni.




Hvítt og silfur er alltaf hátíðlegt og flott.



Pallíettukúlur notaðar sem servíettuhringir.



Það er sniðugt að skreyta glösin fyrir partíið.



Blöðrurnar límdar á vegg.

freebird

VOR 2013/*FREEBIRD*

GLEÐILEG JÓL OG GLITRANDI NÝTT ÁR...




HIN UNDURFAGRA FATALÍNA FREEBIRD
ER KOMIN Í TIIA.

Tiia

Tiia, Laugavegi 46 s:571-8383

WWW.FREEBIRDCLOTHES.COM



Fallegustu skreytingarnar eru oftast heimagerðar.

# ER VEISLA?

**Gómsætur matur, flugeldar, flottar skreytingar, fjölskylda og vinir. Hljómar eins og draumauppskrift að góðri áramótaveislu.**

**Eftir Bríeti Guðrúnardóttur, nema í innanhúsarkitektúr.**

Hér má sjá nokkrar hugmyndir til þess að búa til skemmtilega stemningu við veisluborðið, hvort sem er fyrir fjölskylduboðið eða partíið.

Blöðrur, hattar, grímur og ýlur eru einfalt skraut sem klikkar aldrei. Dreifðu þessu af handahófi um húsið svo að gestirnir geti auðveldlega valið og skipt yfir kvöldið.

Vefðu frauðplastkúlur með mismunandi pallíettuborða. Notaðu nál til þess að þræða silfurlitaðan borða í gegnum kúluna og festu saman servíetturnar. Þetta kemur ótrúlega fallega út.

Föndraðu dúska eða skrautborða og hengdu yfir hátíðarborðið eða festu á vegginn.



Hér eru blöðrurnar festar við servíetturnar og skapa nýárssstemningu yfir borðinu.

Kveiktu á kertum og skreyttu borðið með einhverju sem glitrar. Það skapar ávallt hátíðlega stemningu. Fáðu útrás fyrir sköpunargleðina og mundu eftir góða skapinu.

**Gleðilegt nýtt ár!**


JÓLAGJÖFIN
ER Í THE PIER
-40%
BÚSÁHÖLD
VERÐ FRÁ
29.900
MYNDIR
VERÐ FRÁ
990
NÝ SENDING
AF KERTUM
71.920
Áður 89.900
3 FYRIR 2
46.320
Áður 57.900
JÓLAVARA
-50%
STAKIR -20%
STÓLAR
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Lífið VÖLVUSPÁ 2013

**Völva Lífsins þykir sannspá enda með áratuga reynslu þegar kemur að spádómum því óskaði Lífið eftir að hún skoðaði framtíð lands og þjóðar árið 2013.**

Árið 2013 heilsar okkur með heldur aðgerðalitlu veðri, og verður þannig sennilega allan janúarmánuð, en þá breytir um og margar krappar lægðir eiga eftir að lenda hjá okkur í febrúar og mars.

Það verður sem sagt umhleypingasamt í febrúar og mars en fremur hlýtt hér sunnanlands. Í öðrum landshlutum verður mikill snjór enda norðlægar áttir ríkjandi meirihluta vetrar.



## VEÐUR OG FRÉTTIR

### Snjóflóð

Ég er hrædd um að snjóflóð verði sem tekur mannslíf, mér sýnist það vera á Vestfjörðum norðanverðum. Þar sem veður verða rysjótt verður einnig erfitt fyrir sjómennina að stunda sína vinnu og svo eru vandræði með fiskveiðistjórnun sem á eftir að hafa miklar afleiðingar til hins verra víða um land, einkum í hinum smærri byggðarlögum. En þegar gefur mun vel veiðast og verð á fiski verður betra en oft áður. Kvótamálin fara í endurskoðun hjá nýrri ríkisstjórn. Aflaheimildum verður breytt þannig að menn mega veiða fyrir sig og sína án vandkvæða. Ríkið mun svo selja aflaheimildir að hluta. Eftir árið fer svo allt þetta kerfi í endurskoðun og kemur breytt og bætt þaðan í febrúar 2014.

### Hlýtt sumar

Tíðarfar sumarsins verður misjafnt en sumarið í heild sinni verður hlýtt, en kemur seint á Norðurlandi og Vestfjörðum. Vestan- og sunnanlands verður rakt og hlýtt vor, en sólin skín má segja í allt sumar og fá Sunnlendingar sannkallað sumar, hlýtt en mætti vera meiri væta á köflum. Fyrir norðan og vestan verða júlí og ágúst sólríkir og nokkuð hlýir en júní kaldur og þurr. Á Austurlandi verður einnig gott um miðbik sumarsins, en ansi mikil úrkoma og þungbúið veður yfir stóran hluta sumars.

Árið endar með miklum veðurhvelli, það verður bæði hvasst og mikil ofankoma. Mér sýnist mannvirki vera þar í hættu og eitthvað verður um rafmagnsleysi yfir áramótin.

### Jörð mun skjálfa

Eldsumbrot verða undir sjó og koma ekki til með að valda skaða hjá okkur að neinu ráði. Ég sé ekki eld koma upp á landi, en þó er hugsanlegt að það gerist í lok árs 2013 og verða þá nokkuð mikil eldsumbrot.

Jörð mun skjálfa svo til í öllum landshlutum á árinu og mér sýnist að verði nokkuð stór skjálfti, held að hann tengist norðausturhorninu en það verður ekki mikið tjón sýnist mér og engin mannslíf í húfi þar.

### Banaslysum í umferðinni fækkar

Banaslys í umferðinni verða færri á árinu 2013 en mörg undanfarin ár. Ekki dregur þó bensínverð úr akstri landsmanna, sem ferðast meira innanlands en oft áður. Einnig aukast enn ferðalög útlendinga á eigin vegum um Ísland þannig að í heild verður umferð á vegum úti meiri en verið hefur að minnsta kosti undanfarin tvö ár. Stórt sjóslys sé ég í mars, þar verður manntjón.

Eldsvoðar verða tíðir og ekki færri en á síðastliðnu ári. Það mun kosta að minnsta kosti tvö mannslíf. Það er sýnist mér á austanverðu landinu.

## ÞJÓÐMÁLIN

### Nýir flokkar fá lágmarksfylgi

Í þjóðmálunum ber árið 2013 mikinn keim af því að vera kosningaár. Stjórnarflokkarnir hafa sig mikið í frammi, lofa ýmsu og halda sínum „heiðri" á lofti, á meðan stjórnarandstaðan berst um á hæl og hnakka við að rétta sinn hlut.

Kosningarnar verða ekki afgerandi á nokkurn hátt. Sjálfstæðismenn fá minna fylgi en haldið er, en það er að hluta til vegna þess að forystan er ekki fólksins í landinu. Framsókn heldur sínu og fær heldur meira en lítur út fyrir. Nýir flokkar fá lágmarksfylgi. Samfylking og Vinstri græn tapa fylgi, Vinstri græn meira en Samfylking, sem velur sér öflugan og vinsælan foringja á árinu. Það er Guðbjartur Hannesson sem þar mun standa við stjórnvölinn, eftir afgerandi kosningu.

### Jóhanna lætur til sín taka

Steingrímur verður enn í forystu VG, hann er samt orðinn þreyttur og þarf að passa upp á heilsuna. Í VG er mikil ólga og ófriðaröldur sem erfitt er að lægja, þannig að það er erfitt hjá Steingrími. Úr flokknum fara margir á árinu, bæði óróaseggir og dugnaðarfólk.

Jóhanna hættir eins og hún er búin að segja, en hún er ekki hætt að láta til sín taka og verður áberandi í sambandi við stórt mál þegar líða tekur á árið. Þetta mál snertir innflytjendur á Íslandi og fær hún stóra rós í hnappagatið fyrir framgöngu sína þar. Henni veitir ekki af, því minnisvarðinn sem hún ætlaði að reisa sér með nýju stjórnarskránni og stjórnlagaþinginu misheppnast gersamlega.

Sú stjórn sem tekur við að loknum kosningum sýnist mér vera sjálfstæðismenn og VG ásamt nýjum flokki. Annars verður stjórnarmyndunin erfið og þunglamalegt að koma saman nýjum stjórnarsáttmála.

Völva Lífsins framhald á næstu opnu



20% afsláttur af allri jólavöru



Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-18

LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | Sími 5516646




**HOMME**
**by DAVID BECKHAM**
THE NEW FRAGRANCE

## Enn eitt grínið hjá Jóni Gnarr



Hanna Birna fer á þing. Hún á eftir að verða afgerandi stjórnmálamaður og foringi Sjálfstæðisflokksins, en því miður ekki alveg strax.



Jón Gnarr fer ekki í landspólitíkina. Það er bara eitt af hans gríni að láta fólk halda að hann ætli á Alþingi. Hann verður borgarstjóri út kjörtímabilið og svo hverfur hann úr stjórnmálum sýnist mér til annarra starfa.

## Dorrit í aðalhlutverki





Nýi biskupinn okkar Agnes M. Sigurðardóttir vinnur að ýmsum breytingum innan kirkjunnar sem munu líta dagsins ljós á árinu. Hún vinnur hægt og hljótt og kemur ýmsum góðum málum í framkvæmd og lagar til í sínum ranni.

Það verður hljótt um forsetann okkar Ólaf Ragnar Grímsson fram yfir mitt ár en þá kemst hann í sviðsljósið á jákvæðan hátt. Það tengist samskiptum við Asíu og mér finnst þar koma friðarmerki á loft sem hann á þátt í. Dorrit Moussaieff verður þar í aðalhlutverki. Hún hefur sambönd sem vert er að taka eftir. September og október eru erfiðir hjá henni sökum veikinda en hún nær sér að fullu upp úr því.

## Útlendingar ákafir að eignast hér land



Ferðamannastraumur til Íslands heldur áfram að aukast. Útlendingar verða ákafari en áður að eignast hér land, það eru ekki bara Kínverjar þó að þeir hafi mikinn áhuga. Nokkuð verður um mál á árinu þar sem erlendir aðilar fá Íslendinga til að leppa fyrir sig kaup og svo verður enn óljósara en áður hvar á að draga mörkin á milli þeirra sem mega kaupa og hinna sem þurfa að fá einhverja til að hjálpa sér. Miklir fjármunir verða settir í ferðamannaiðnaðinn á árinu og á það eftir að skila sér margfalt.

Grímsstaðir á Fjöllum verða enn í umræðunni hjá Kínverjum og Bandaríkjamönnum líka finnst mér. Þar verða miklar breytingar.

Jarðhitinn okkar verður nýttur til nýrra hluta á árinu. Það mun laða til okkar ríka útlendinga í stórum stíl. Ég sé talsverðar framkvæmdir í kringum það, bæði norðan- og sunnanlands. Sýnist mér að þarna sé byrjun á einhverju nýju sem verður stöðugt og öflugt fyrirtæki, sem á eftir að skapa mikla vinnu fyrir fólkið í kring.

## Vel menntaðir Íslendingar flýja

Atvinnuástandið verður síst betra en á síðasta ári. Ég sé flótta frá landinu af vel menntuðu og hæfu fólki eins og verið hefur undanfarin ár. Seinni hluta ársins verða settir miklir fjármunir í að snúa hjólum atvinnulífsins á ný og tekst það ýmislegt vel, einkum í að setja á laggirnar lítil fyrirtæki í iðnaði. Ég sé matvælaiðnað þar í stóru hlutverki. Tvö stór fyrirtæki eiga í miklum fjárhagslegum erfiðleikum, annað kemur ekki á óvart en hitt héldu menn að stæði vel.

Í árslok má segja að margir góðir hlutir hafi gerst og við erum enn sem fyrr dugleg og bjartsýn. Ný atvinnutækifæri virka líka sem vítamínsprauta á bjartsýni almennings.

Útrásarvíkingarnir sækja sumir fast að á árinu að stofna ýmis fyrirtæki hér og flytja peningana sína heim aftur. Ég sé tvo einstaklinga sem tekst það en svo vakna stjórnvöld og reynt verður að setja undir þann leka. Það er þó erfitt en tekst allavega að hluta.

## Neyðarástand í heilbrigðismálum

Í heilbrigðiskerfinu liggur við neyðarástandi í mars og apríl. Svo koma lagfæringar sem bjarga málum um stundarsakir en þær duga skammt. Nýr heilbrigðisráðherra fær erfitt verk að vinna að taka þar til, en mér sýnist að hann hafi mikla burði til góðra verka. Gerð verður breyting sem færir einkaframtakið meira inn í, sérstaklega læknisþjónustu, það leysir vandann um stund en verður ekki ódýrara til lengri tíma litið.

## Stórt skref í íbúðamálum

Mál Íbúðalánasjóðs verða fyrirferðarmikil á árinu. Þar verður stigið stórt skref í átt til breytinga sem mér sýnist verða til þess að ungt fólk og fólk sem missti húsnæði kemst á einhvers konar kaupleigu, ekki ósvipað og gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Það lægir ýmsar öldur en gerir heila stétt manna – fasteignasala – ólíkt vinnuminni en verið hefur lengi.

Einkum verða lífeyrissjóðirnir teknir til alvöru endurskoðunar. Þar eru samt mörg ljón í veginum. Ýmiss konar hagsmunaaðilar sem ekki vilja láta hrófla við neinu af ótta við maðkana sem leynast undir steini þar, eins og víða annars staðar í fjármálaheiminum. Þar á eftir að koma upp stórhneykslismál á árinu. Það mál snertir nokkuð marga.

## Erlendum stúdentum fjölgar

Menntamálaráðherrann hefur sig lítið í frammi en nýr ráðherra í þeim málaflokki á eftir að breyta ýmsu til betri vegar. Þó verða engar afgerandi breytingar á árinu 2013.

Erlendir stúdentar sækjast enn mjög eftir að hefja nám í íslenskum háskólum og mun þeim fjölga mikið á árinu. Verður uppi hávær umræða um að hækka gjöld til náms í háskólum landsins og kemst það í framkvæmd að einhverju leyti.

Olíuleit úti fyrir Norðausturlandi verður að veruleika og miklar framkvæmdir í þá veru hefjast á árinu. Ekki finnst þó olía á árinu en borun og rannsóknir gefa tilefni til bjartsýni. Þá kemur einnig upp umræða um álver á Bakka. Það verður bara umræðan þetta árið en húsnæði mun hækka á þessum slóðum og athafnasemi manna aukast í takt við olíuleitina.




Völva Lífsins framhald á næstu opnu

# Góð jólagjöf!

Reykjavíkur apótek verður með fjölbreytt úrval af allskyns gjafavöru fyrir jólin.
Mikið úrval af bað- og ilmvöru auk ýmissa annarra góðra kosta.




Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 I Sími: 511-3340 I Fax: 511-3341 I www.reyap.is I reyap@reyap.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# ERLENT

## Mikill óróleiki erlendis

Í Evrópu er mikill óróleiki og mörg ríki illa stödd. Gæti trúað að Evrópusambandið mundi byrja að líða undir lok á árinu. Þar kraumar mikil valdabarátta undir og forræðishyggja stjórnarmanna gerir ekki gott fyrir ríkin almennt. Við eigum eftir að sjá miklar breytingar á valdastrúktúrnum í álfunni sem mun byrja á árinu 2013. Hvort það verður til góðs læt ég ósagt látið en það verða breytingar.

Mikill óróleiki verður í Asíu og Afríku. Ég er hrædd um að liggi nærri alvarlegum átökum, en sýnist að hægt verði að bera klæði á vopnin á elleftu stundu. Verðmætt efni finnst í jörð í Afríku og verður mikil leynd yfir því til að byrja með. Ég held að það sé vegna þess að innfætt menntafólk þar í landi hefur töglin og hagldirnar í málinu. Þetta er efni sem á eftir að breyta miklu í ýmsum léttum iðnaði, mér finnst eins og það komi mikið í staðinn fyrir plast.

## Stórir skjálftar

Það verða stórir jarðskjálftar á árinu í Suður-Ameríku og Asíu. Í Suður-Ameríku verður mikill skaði, ég sé næstum fjöllin hrynja yfir borg. Veðrátta á suðurhveli jarðar verður mun rysjóttari en verið hefur og meiri kuldi.

Nýr páfi verður kosinn á árinu og upp koma háværar raddir innan kaþólsku kirkjunnar um breytingar og leiðréttingar í ýmsum kirkjunnar málum.



# FJÖLMIÐLAR OG FRÆGIR

## Miklar breytingar hjá fjölmiðlum

Í heimi fjölmiðlanna á Íslandi verða miklar breytingar og hrókeringar. Árvakur heldur sínu og þar verður allt við það sama, Davíð Oddsson og félagar í sínum stólum. Birtingur stendur svo höllum fæti að þar þarf að fá einhvern stóra bróður til hjálpar.

Eitthvert nýtt fyrirkomulag á sjónvarpsmarkaðnum mun breyta þar miklu. Þarna kemur til sögunnar ný tölvutækni sem ég get ekki sagt meira um því ég hef ekkert vit eða inngrip í þau mál en það verða miklar breytingar. En ýmsir fjölmiðlar eiga erfitt, ég er t.d. hrædd um að Pressan syngi sinn svanasöng á árinu.

## Logi fer í sjálfsskoðun

Logi Bergmann Eiðsson kemur áfram við sögu í fjölmiðlum. Hann fer í mikla sjálfsskoðun á árinu og hjá honum verða miklar breytingar. Í lok árs kemur út önnur bók eftir hann að hluta sem á eftir að rjúka út sem heitar lummur.



Páll Magnússon sjónvarpsstjóri verður mjög umdeildur um mitt ár en heldur sínum stól. Þar á bæ eru miklar sviptingar bak við tjöldin og fáum við lítið að vita um það fyrr en í lok árs þegar miklar breytingar verða. Þær tengjast að hluta til nýrri ríkisstjórn.



Völva Lífsins framhald á næstu opnu


# GEFÐU ÍSLENSKA GJÖF UM JÓLIN!

Gjafabréf frá ATMO er frábær jólagjöf.

Meira en **60 ÍSLENSKT VÖRUMERKI** á einum stað
Opið alla daga fram að jólum frá **11- 22** og á Þorláksmessu frá **11-23**
Næg bílastæði í bílahúsinu beint á móti **ATMO**






ATMO
atmo.is | s. 552-3600 | Laugavegur 91

# 1877 2012















Þann 16. júní 1877 var prentað fyrsta eintakið af blaðinu Ísafold og markar það upphaf Ísafoldarprentsmiðju. Í ár fögnum við 135 ára afmæli og erum stolt af því að vera elsta starfandi prentsmiðja landsins og eitt elsta starfandi fyrirtæki á Íslandi. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu, er leiðandi í hagkvæmum lausnum, hefur vaxið og styrkst í kreppunni og stendur sterkari en nokkru sinni fyrr.



# Við höfum prentað í 135 ár

**Gildin okkar eru: ÁREIÐANLEIKI - METNAÐUR - HAGKVÆMNI**

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
**www.isafold.is**

## Þóra Arnórsdóttir finnur ekki taktinn

Þóra Arnórsdóttir er komin aftur til starfa hjá Ríkissjónvarpinu en finnur illa taktinn. Ég held að hún verði ekki nógu heilsugóð á árinu. Hún hættir hjá sjónvarpinu í október og mér sýnist að hún vinni sjálfstætt fyrir fjölmiðil eitthvað eftir það.

Elín Hirst er farin úr fjölmiðlum yfir í pólitík og á eftir að gera þar nokkrar rispur og hún fær mikið fylgi. Mér finnst eins og hún fari í nýjan flokk sem kemur manni að á þingi.

Pétur Jóhann Sigfússon og Þorsteinn Guðmundsson koma með nýjan sjónvarpsþátt á árinu sem fær góða dóma hjá ungu fólki en þeir ná ekki að skemmta 40+.

Auðunn Blöndal mun einnig verða á skjánum en líka leika í kvikmynd eða einhverjum þáttum sem lofa góðu fyrir hann.

Fréttakonurnar á Stöð 2 þær Sigríður Elva og Sigrún Ósk eignast báðar stúlkur á árinu. Það gengur allt vel en margir munu sakna þeirra af skjánum, en þær koma aftur.

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir hverfur af landi brott. Ég sé Ástralíu hjá henni, hún verður erlendis að gera garðinn frægan næstum allt árið. Í einkalífinu má segja að hún setji í bið á meðan.






## Unnur Birna söðlar um

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir stofnar fyrirtæki út úr öðru fyrirtæki. Það gengur vel. Ég sé hönnuði vinna mikið fyrir hana, þetta verður einhvers konar umboðsfyrirtæki sýnist mér. Hún mun eignast dreng á árinu og blómstra sem aldrei fyrr.








## Bubbi Morthens fjölgar sér

Bubbi Morthens og eiginkona hans Hrafnhildur Hafsteinsdóttir eru sæl með sig og sína. Það eru góðir tímar hjá þeim og nýtt barn, drengur, á árinu. Bubbi verður störfum hlaðinn við að semja og koma sinni tónlist á framfæri. Það er mikil og góð orka í kringum hann og þau bæði.

Völva Lífsins framhald á næstu opnu




## Aðeins sýnt út janúar 2013

2012 sýningar
23. des kl. 14:00 — Forsýning (örfá sæti laus)
26. des kl. 19:30 — Frumsýning (uppselt)
27. des kl. 19:30 — 2. sýning (uppselt)
28. des kl. 19:30 — 3. sýning (uppselt)

2013 sýningar
3. jan kl. 19:30 — 4. sýning (uppselt)
4. jan kl. 19:30 — 5. sýning (örfá sæti laus)
9. jan kl. 19:30 — Aukasýning
10. jan kl. 19:30 — 6. sýning (örfá sæti laus)
11. jan kl. 19:30 — 7. sýning (örfá sæti laus)
16. jan kl. 19:30 — Aukasýning (örfá sæti laus)
17. jan kl. 19:30 — 8. sýning (örfá sæti laus)
18. jan kl. 19:30 — 9. sýning (örfá sæti laus)
24. jan kl. 19:30 — 10. sýning
25. jan kl. 19:30 — 11. sýning

Þjóðleikhúsið er á Facebook, fylgstu með – *facebook.com/leikhusid*



## Linda P færir gjaldeyri til landsins

Linda Pétursdóttir heldur áfram með Baðhúsið og bætir við sig í nýju fyrirtæki. Þar verður hún með heilsuátak fyrir erlenda ferðamenn, ekkert ósvipað og Jónína Benediktsdóttir en þetta verður vandaðra, gerir stormandi lukku og færir mikinn gjaldeyri til landsins.



Rikka, Friðrika Hjördís Geirsdóttir, kemur með eitthvað nýtt og spennandi matarkyns á árinu. Hún verður einnig áberandi í skemmtanalífinu.

Ásdís Rán Gunnarsdóttir verður ekki mikið í sviðsljósinu á árinu. Hún er ekki ánægð með lífið fyrri part ársins 2013 en það breytist með haustinu.



Bryndís Ásmundsdóttir og Fjölnir Þorgeirsson njóta foreldrahlutverksins og litli drengurinn þeirra dafnar vel. Það eru góðir straumar kringum þau á árinu.



# LISTAFÓLK OG MENNING

Ungt listafólk blómstrar sem aldrei fyrr og margar spennandi hugmyndir og verk koma frá því á árinu.

## Baltasar í aðalhlutverki

Líf færist enn á ný í kvikmyndagerð. Ég sé Baltasar Kormák í aðalhlutverki. Þar á hann stórleik sem á eftir að færa honum verðlaun. Hann verður mjög upptekinn erlendis á árinu í leik en einnig er einhver leikstjórn þar. Hann hefur því ekki mikinn tíma til að vinna í leikhúsunum hér á árinu.

Íþróttaálfurinn Magnús Scheving eignast enn fleiri tvífara á árinu og mun vilja leita réttar síns í því sambandi. Það er ekki bara í Ameríku heldur sýnist mér hann vera eitthvað að leiðrétta sinn hlut í Asíu og Ástralíu.

Sveppi, Sverrir Þór Sverrisson, er enn að senda frá sér vöru sem selst. Hann leikur í kvikmynd á árinu og munu margir segja að þetta sé það besta sem komið hefur frá honum.

## Ósætti innan Vesturports

Vesturport með sína leikara mun enn gera garðinn frægan og fara víða með sýningu sem slær í gegn. Einn meðlimurinn fer þó út úr grúppunni þar sem kemur til ósætti sem ekki næst að lagfæra. Þessi einstaklingur er fullfær um að koma sér áfram í hörðum heimi listarinnar og gerir stóran samning sem heldur heiðri viðkomandi á lofti lengi enn og færir einnig mikla fjármuni.



Nína Dögg Filippusdóttir verður mikilvirk á árinu. Árið 2013 verður hennar ár í fleiri en einum skilningi.

## Hilmir Snær fær eftirsótt verðlaun

Hilmir Snær Guðnason á eftir að leika hlutverk á árinu sem færir honum eftirsótt verðlaun en hann þarf að passa upp á heilsuna, það er orkuleysi í kringum hann sem orsakast af einhverjum veikindum.



Ólafur Darri Ólafsson mun verða áberandi á árinu fyrir leik í að minnsta kosti tveimur kvikmyndum, önnur myndin tengist erlendu kvikmyndafyrirtæki.
Almennt mun kvikmyndaiðnaðurinn blómstra á árinu.

Elva Ósk Ólafsdóttir mun sinna nýjum málum á árinu, mér finnst það ekki tengjast leik heldur í sambandi við fjölmiðla og kynningar einhvers konar. Hún verður mikilvægur tengiliður til erlendra framleiðenda.

Björn Thors er enn að gera það gott. Hann verður lítið áberandi fyrri hluta ársins en með haustinu mun hann vera með aðalhlutverk sem tekið verður eftir.

## Leikhússtjóri hættir

Magnús Geir Þórðarson borgarleikhússtjóri mun eiga gott ár en ég held að hann muni hætta í Borgarleikhúsinu seinni hluta ársins og hverfa til annarra starfa. Hann er fær í flestan sjó.

Tinna Gunnlaugsdóttir heldur áfram í Þjóðleikhúsinu og er nú vaxandi. Hún hefur átt erfitt undanfarið þótt ekki hafi það komið fyrir sjónir almennings, en nú er að birta til hjá henni. Einkalífið verður mjög gott hjá henni á árinu.

Ilmur Kristjánsdóttir er sú íslenska leikkona sem hvað skærast skín á árinu. Hún fær mörg og stór hlutverk og skilar þeim vel af sér. Ég sé hana bæði á fjölunum og í kvikmyndum.

Selma Björnsdóttir verður í hálfgerðri kreppu nánast allt árið en október er hennar mánuður og þá fara hjólin að snúast svo um munar bæði í einkalífi og vinnu.



## Þórunn Erna Clausen sér ljósið

Þórunn Erna Clausen slakar á á árinu. Hún verður ekki mikið í sviðsljósinu en vinnur vel í sínum málum bak við tjöldin. Þetta er árið sem hún sér aftur ljósið. Ég held að hún finni sér lífsförunaut sem hún er bættari með að hafa sér við hlið. Maí kemur sterkur inn hjá henni.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir snýr sér að kvikmyndaleik, það er rífandi gangur hjá henni en hún þarf að passa sig að ofgera sér ekki á köflum.

Völva Lífsins framhald á næstu opnu



evʌlín

E-LABEL



Frábært úrval af E-Label og evalín vörum.
Íslensk hönnun í jólapakkann.

E-Label / evalín / Laugavegi 32 /sími 5713811

## Spaugstofan hættir

Aníta Briem mun halda áfram að leika vestanhafs. Hennar stjarna mun skína sem aldrei fyrr á árinu en hún er ekki alveg nógu ánægð í einkalífinu. Þar eru hnökrar sem erfitt reynist að slétta, en sem leikkona verður hún á toppnum og vinnur til verðlauna sem mörgum mundu þykja eftirsóknarverð.



Spaugstofan er held ég að hætta í núverandi mynd. Þar er ósamkomulag en Örn Árnason heldur áfram ásamt einum félaga sem ég get ekki sagt hver er og þeir búa til nýja „stofu“.

## TÓNLIST

Emilíana Torrini hefur hægt um sig enda mikið erlendis. Hún er þó alltaf að semja góð verk en vantar að koma sér betur á framfæri.

Of Monsters and Men hefur gert góða hluti erlendis og verður ekkert lát á velgengni hljómsveitarinnar. Eftir heimsreisuna og aðra sigra sé ég stór tækifæri opnast hjá henni á árinu. Þar verða þó mannabreytingar seinni hluta ársins. Einn meðlimur fer út og annar bíður á línunni og tekur við.

Jón Jónsson, sem nýbúinn er að gera risasamning í Bandaríkjunum, er bara rétt að byrja. Hann er hæfileikaríkur og kann að nota sína hæfileika.



Ásgeir Trausti mun senda frá sér plötu með haustinu sem hlýtur ekki síðri viðtökur en platan sem kom út á þessu ári. Hann er einn af okkar framtíðarlistamönnum á sviði dægurlagatónlistar.




## Páll Óskar heldur á nýja braut

Páll Óskar Hjálmtýsson er að fara inn á glænýjar brautir. Hann á eftir að gefa út afraksturinn fyrir næstu jól. Þar er á ferðinni meistarastykkið hans. Páll Óskar mun einnig taka þátt í stórum tónleikum erlendis á árinu.



Björk Guðmundsdóttir mun hvíla röddina eins og hún getur þetta árið en vinna meira efni sem seinna mun hljóma í eyrum heimsbyggðarinnar. Það er eins og hún geti alltaf fundið upp á einhverju nýju og spennandi.

## Friðrik Ómar í kreppu

Friðrik Ómar Hjörleifsson er í hálfgerðri kreppu á árinu. Það er eins og hann finni ekki rétta taktinn í lífinu. Hann heldur áfram að hafa sönginn sem aðalatvinnu en mér finnst hann ekki nógu hamingjusamur. Mikið verður rætt um ættleiðingu barns hjá honum á árinu en ég held að hann kjósi að bíða með það.



Þórunn Antonía mun breyta um stíl á árinu og verður það henni til góðs. Í hennar einkalífi eru líka góðir hlutir að gerast og ég sé hamingjuna geisla af henni á öllum vígstöðvum.

## Sambandið endist ekki út árið

Anna Mjöll Ólafsdóttir verður ekki mikið í sviðsljósinu hér heima en í Ameríku er hún að verða nokkuð þekkt, aðallega fyrir „skilnaðarmálið“. Hún er komin með nýjan elskhuga en ég efast um að það endist út árið.

Í söngnum kemur hún með smell. Þar hittir hún í mark og kemst mjög ofarlega á vinsældalistann.

Mugison heldur í horfinu. Þetta verður rólegt ár hjá honum, en gott. Hann er að þróa nýjan stíl hjá sér sem á eftir að hafa mikil áhrif á hans gengi til góðs.

Retro Stefson er hljómsveit sem lendir í ótrúlegum lukkupotti á árinu. Það gerist í júlí. Ég vil ekki segja neitt meira um það að svo stöddu.

Systkinin KK og Ellen munu vinna meira saman á árinu en oft áður og kemur bara gott út úr því. Þau verða störfum hlaðin allt árið. Vinsældir þeirra verða ekki minni en verið hefur.



## Bó stofnar fyrirtæki

Björgvin Halldórsson mun stofna fyrirtæki á árinu í kringum sig og tónlistina. Þar koma nokkuð margir að og á eftir að ganga vel hjá honum og hans fólki.

Í klassískum söng er ástandið tiltölulega óbreytt en þó kemur fram á sviðið ungt söngpar sem á framtíðina

Völva Lífsins framhald á næstu opnu


„EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFAÐ"
DJÖFLAEYJAN
★★★★
„ÁHORFENDUR FÖGNUÐU OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL"
FRÉTTABLAÐIÐ
„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!"
BJÖRK EIÐSDÓTTIR
ritstýra á Séð og heyrt
DO NOT DISTURB
SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU
Miðasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is
Miðasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga
BLAKKÁT
Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR • HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON • MAGNÚS GUÐMUNDSSON
Föstud. 4. jan. kl. 20:00 Örfá sæti laus
Fimmtud. 10 jan. kl 20:00 Örfá sæti laus
Fimmtud. 17. jan. kl 20:00 Örfá sæti laus
Föstud. 18. jan. kl. 20:00 Uppselt!
Föstud. 25. jan. kl. 20:00
Gjafakort til sölu í Gaflaraleikhúsinu.
Þökkum frábærar móttökur á árinu !
midi.is
finndu okkur á facebook

hildur hafstein
workshop



Fallegar gjafir
fyrir flottar konur

Hildur Hafstein
/ Workshop

Laugavegi 20 b,
(Klapparstígsmegin)

fyrir sér. Harpan verður ekki nógu mikið notuð af klassískum söngvurum en þó verður sett upp gömul þekkt ópera á árinu.

Diddú, Sigrún Hjálmtýsdóttir, fer í samstarf við aðila í dægurtónlistinni og gerir garðinn frægan þar.

# ÍÞRÓTTIR

Íþróttafólk er mjög áberandi á árinu. Kvennaliðið í handbolta á eftir að gera garðinn frægan á stórmóti á árinu. Mér sýnist að þær komi heim með verðlaunapeninga. Þær eru vel að sigrinum komnar, leggja allt í þetta. Þar innanborðs eru mjög margar efnilegar konur, ég vil ekki nefna nein nöfn því heildin er svo sterk og góð.

Ásdís Hjálmsdóttir mun eiga gott ár. Sigrar á stórmóti og fær silfur á öðru. En seinni hluta ársins er hún að glíma við meiðsli sem plaga hana talsvert.

Gylfi Þór Sigurðsson spilar áfram með Tottenham og mun verða betri og eftirsóttari á árinu en nokkru sinni.

## Eiður Smári sest á skólabekk

Eiður Smári Guðjohnsen dregur sig endanlega í hlé og sest á skólabekk. Hann á gott og rólegt ár fram undan.

Björgvin Páll Gústavsson heldur áfram að verja skotin fyrir okkur. Hann mun spila mest erlendis á árinu en hann skiptir um lið og einnig land, ég sé Þýskaland koma upp í kringum hann. Hann er alls ekki kominn á toppinn drengurinn sá. Í einkalífinu er allt í blóma hjá honum.

Sævar Birgisson skíðakappi keppir á erlendu stórmóti og stendur sig betur en nokkur Íslendingur hefur gert lengi. Hann á framtíðina fyrir sér og virðist sleppa við meiðsli, sem er frábært.

María Guðmundsdóttir fer einnig utan á mót eftir að hafa sigrað á stórmóti hér heima og nær góðum árangri í alpagreinum.

Parið sem sigraði í Dans Dans Dans hefur sig lítið í frammi. Eftir þessi úrslit er almenningur ekki ánægður með keppnina og þyrfti að breyta framkvæmd fyrir næstu keppni, en ég er hrædd um að það verði ekki gert þannig að keppnin líður fyrir það.

## Byrjunin á botnspyrnunni

Þegar ég lít yfir árið með jákvæðnina að leiðarljósi finnst mér við standa okkur ótrúlega vel. Þjóðin í heild er hamingjusöm og fólk reynir að gera það besta úr málunum. Við erum þó enn á botninum og þokumst sorglega lítið upp á við en ný ríkisstjórn mun hjálpa okkur vel í baráttunni og við skulum segja að árið 2013 sé byrjunin á botnspyrnunni upp á við.











Hjá okkur finnur þú úrval af erlendum bókum
IÐA
FASHION
CENTURY
TIM WALKER STORY TELLER
AUDREY HEPBURN
bókastoðir verð 3.995
hnöttur með ljósi verð 19.990
DANGER! Women Artists at Work
verð 6.995
THE JOY OF HOME
THE ULTIMATE DESIGN GUIDE TO CREATING YOUR PERFECT HOME
Naomi Cleaver
verð 8.995
MODERN FURNITURE CLASSICS
from 1900 to Now
verð 3.995
TIM WALKER
STORY TELLER
verð 10.995
HUGH JOHNSON JANCIS ROBINSON
THE WORLD ATLAS OF
WINE
verð 9.995
Bob Willoughby
AUDREY HEPBURN
PHOTOGRAPHS 1953-1966
TASCHEN
verð 12.995
MILLER'S
20 DESIGN
verð 3.995
DK
FASHION
THE ULTIMATE BOOK OF COSTUME AND STYLE
verð 8.995
THE WORLD ATLAS OF
WHISKY
DAVE BROOM
verð 8.995
RON KIMBALL
Automobiles
ELEGANCE ON WHEELS
verð 10.995
EGYPT
People—Gods—Pharaohs
TASCHEN
verð 2.995
Ancient Civilizations
CHINA
THE WORLD'S OLDEST LIVING CIVILIZATION REVEALED
verð 7.995
finndu okkur á facebook
IÐA Lækjargata 2a 101 Reykjavík sími 511-5001 opið 9 - 22 alla daga
IÐA ZIMSEN Vesturgata 2a 101 Reykjavík sími 511-5004 opið 9 - 22 alla daga

# SKREYTIR KÖKUR EFTIR PÖNTUNUM


Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

„Ég geri nú þetta mér til skemmtunar, lögfræðin og pólitíkin eiga enn þá hug minn allan," segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður Heimdallar og laganemi við HÍ. Áslaug hefur vakið athygli fyrir færni sína í kökuskreytingum nýverið, en áhugamálið þróaðist út í viðskiptahugmynd. „Ég hef selt kökur fyrir afmæli og aðrar veislur og sumir kaupa köku fyrir makann sinn til að gefa að gjöf," segir Áslaug Arna, sem segir baksturinn góða tilbreytingu frá bókalestrinum.


Glæsileg rósakaka


Þau gerast ekki fallegri.


Girnilegar jólakökur.

## Helgar-MATURINN



**Þegar þau Ólína Jóhanna Gísladóttir, eigandi Kastaníu, og Jóhannes Ásbjörnsson bjuggu á Ítalíu fyrir um áratug fóru þau á matreiðslunámskeið í litlum bæ sem heitir Urbino. „Þar lærðum við að gera saltimbocca. Við höfum eldað hann reglulega síðan og reynum að hafa hann a.m.k. einu sinni yfir hátíðarnar. Hann er léttur og einfaldur og gott mótvægi við allan þunga jólamatinn. Saltimbocca er bestur með bragðmiklu hvítvíni og góðum vinum," segir Ólína.**

### Saltimbocca

Ferskar kjúklingalundir (algengt er að nota kálfakjöt á Ítalíu)
Fersk salvíublöð (helst stór )
Parmesan ostur
Ítölsk hráskinka
Maldon-salt
Íslenskt smjör
Hvítvín



**Aðferð:**
Skolið og þerrið lundirnar og leggið á disk. Leggið sneið af parmesanosti ofan á lundirnar (best að sneiða ostinn eftir endilöngu með ostaskera). Leggið salvíublað ofan á ostinn. Vefjið lundirnar inn í hráskinku (u.þ.b. hálft skinkublað utan um hverja lund). Hitið matskeið af smjöri og klípu af salti á pönnu. Steikið lundirnar í u.þ.b. 2 mín. á hvorri hlið við meðalhita. Hráskinkan límist saman við steikinguna og lokar ostinn og salvíuna inni. Þegar búið er að steikja er 2 msk. af smjöri bætt á pönnuna og skvettu af hvítvíni. Svo er brasið skafið úr pönnubotninum og hrært saman við.
Leggið lundirnar á fat og hellið af pönnunni yfir lundirnar.

Gott er að bera þetta fram með einföldu meðlæti, t.d. klettasalati með kirsuberjatómötum og mozzarella-osti og hrísgrjónum. (við setjum oft basilolíu út í grjónin).




GLEÐILEGA HÁTÍÐ

2012

# HÁTÍÐ Í MIÐBORG OG BÆ





## Jólaopnun miðborgar er hafin!

**Opið til kl. 22:00 öll kvöld til jóla og til 23:00 á Þorláksmessu.**

## Jólabærinn Ingólfstorgi

**Kíktu við í jólabæinn Ingólfstorgi, þar sem þú finnur notalegar verslanir og mikla jólastemningu.**
**Opinn til 22.00 frá 20. desember.**

## Næg bílastæði

**Víðsvegar um miðborgina og í bílahúsum við Hörpu, Tollhús, Arnarhól og í Grjótaþorpi.**

*Jólagjöfin sem öllum hugnast!*
**Munið Gjafakort Miðborgarinnar okkar.**
Fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgar.

## Viðburðir næstu daga

**Föstudagur kl. 17:00.**
Ingólfstorg – Jólatríó/Raunar og Grýla.
Skólatorg – Kvika.
Laugatorg – Drengjatríóið Norrington.
Ingólfstorg – Drögum úr Jólavættaratleiknum á Rás 2 í beinni útsendingu frá Ingólfstorgi. Skila þarf inn þátttökuseðlum á Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Aðalstræti 2 í síðasta lagi 20. desember.

**Laugardagur**
Hlemmur – Jónas Sig. og Ómar Guðjóns. kl. 15:00.
Ingólfstorg – Langholtsdætur/ Raunar og Grýla kl. 17:00.
Skólatorg – Nemendur Kristjáns kl. 17:00.
Laugatorg – Kvika kl. 17:00.

**Þorláksmessa**
Ingólfstorg – Lunch Beat kl. 14:00 – 15:00
Friðargangan hefst á Hlemmi kl. 18:00, Hamrahlíðarkórinn syngur.
Dagskrá Friðargöngu á Ingólfstorgi kl. 19:00.
Jóhann Friðgeirsson, Garðar Thor Cortes og Snorri Wium syngja við undirleik Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur á Ingólfstorgi kl. 21:00.
Jólasveinar, sönghópar, lúðrasveitir og kórar verða á ferð um miðbæinn og skapa hina sönnu jólastemningu.



Finndu jólavættirnar! Taktu þátt í skemmtilegum ratleik. Fæst í fjölmörgum verslunum.

MIÐBORGIN OKKAR

Global Blue

**Verum, verslum og njótum**
— þar sem jólahjartað slær.
www.midborgin.is

Brandenburg

## fasteignir


EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

Félag Fasteignasala

### Ljósheimar – í álklæddu lyftuhúsi á 5. hæð.





Rúmgóð 3ja herbergja 96,8 fm íbúð á 5.hæð í fallegu álklæddu lyftuhúsi. Góð sameign. Endurnýjað fallegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi. Parket. Mjög gott útsýni. Mjög góð staðsetning, örstutt í góðar verslanir bæði í Skeifunni og Glæsibæ og útivistarparadísina í Laugardalnum. **Verð 22,9 m.**

**Upplýsingar á skrifstofu Eignamiðlunar í síma 588-9090 eða hjá Þórarni lögg. Fs í síma 899-1882**


## tilkynningar

# AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1.mgr. 41. gr. og 1.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

1. **Austurhraun 9, tillaga að breytingu deiliskipulags Molduhrauns.**
   Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits og lóðar.
2. **Vesturhluti Urriðaholts, breyting á ákvæði skipulagsskilmála.**
   Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á ákvæði um inn- og útdregna byggingarreiti.
3. **Keldugata 20, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
   Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 3 í 6. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.
4. **Hraungata 3-17, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
   Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 8 í 11-16. Byggingarmagn íbúða svo til óbreytt en eykst í bílageymslum.
5. **Hraungata 25-39, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
   Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 8 í 12. Byggingarmagn íbúða svo til óbreytt en eykst í bílageymslum.
6. **Bæjargata 1 og 3-7, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
   Tillagan gerir ráð fyrir fækkun íbúða úr 6 í 5, lóðirnar sameinast og húsagerðir breytast. Byggingarmagn minnkar.
7. **Víkurgata 1-9, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
   Tillagan gerir ráð fyrir fækkun íbúða úr 5 í 4. Byggingarmagn minnkar.
8. **Dýjagata 2-8, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
   Tillagan gerir ráð fyrir að íbúðum fækki úr 4 í 3. Byggingarmagn minnkar.
9. **Holtsvegur 23-25, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
   Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 12 í 16-19. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.
10. **Holtsvegur 27-33, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
    Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 6-8 í 6-9 á hverri lóð. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.
11. **Holtsvegur 35-37, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
    Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 22-24 í 22-27. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.
12. **Holtsvegur 39-47, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
    Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða úr 33-42 í 32-45. Byggingarmagn íbúða helst óbreytt en eykst í bílageymslum.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 21. desember 2012 til og með 4. febrúar 2013. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 4. febrúar 2013.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Tækni- og umhverfissvið



**BÚRADAGAR Í DÝRALANDI**

Tilboð á fiskabúrum með ljósi, hitara og hreinsidælu Stærð 40 cm verð 9.990,- án hitara Stærð 60 cm verð 12.990,- Stærð 80 cm verð 19.995,- Dýraland Mjódd s.587-0711 Dýraland Kringlan 7 s.588-0711 Dýraland Spöngin 23 s.587-0744



**DVERG SCHNAUZER**

Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Uppl. í s. 897 6229.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Til leigu fullbúin 55fm íbúð á besta stað í HFJ. Upplýsingar í síma 845-9572.

Er með 15 fm. herbergi til leigu í Rvk. Sameiginlegt eldhús. Sími 865 8769

Fullbúið Herb. til leigu í Hjarðarhaga, 107. Uppl. s. 899 0910

Íbúð til leigu. 65 fm, 2ja herbergja. Leifsgata, 101 Reykjavík. 140 þ.kr/ mán. Uppl. í síma 892 4344.

Góð tveggja herbergja íbúð í Hlíðunum til leigu. Upplýsingar í síma 892 2095.

### Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**

Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti. **orlofshus.is Leó 897 5300**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

### Bílskúr

**BÍLSKÚR TIL LEIGU**

24 fm. Stór og fínn bílskúr með heitu vatni og rafmagni. Staddur við 108 RKV Hafa samband í símanr. 898 3799.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**POSZUKUJEMY**

rzemieslnikow/osob z doswiadczeniem w pracy na budowie

**S. 690-4499**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT — KORNIÐ — BAKARÍ

**AFGREIÐSLUFÓLK ÓSKAST!**

á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf.

**Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

**ÍSLENSK FYRIRTÆKI SEM STARFAR Í NOREGI.**

Óskar eftir smiðum sem hafa áhuga á að starfa í Noregi á næsta ári. Vinsamlegast skráið nafn og símanúmer á iceland61@gmail.com

Yfirvélstjóra vantar á Gullhólma Sh201 sem gerður er út á línuveiðar (útilega) frá Stykkishólmi. Vélarstærð 1038 kw. Uppl. í s. 430 4200.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

**KVENGLERAUGU**

Töpuðust fyrir ca. 2 vikum milli Slippbarsins og Flyðrugr. Hluti leiðar í taxa. Brúnar spangir að utan og bláar að innan. S. 892 3902

### Einkamál


**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999


**SÍMADÖMUR 908 1666**

Spjalldömur, hlökkum til að heyra í þér.

Eldri karlmaður langar að kynnast konu á aldrinum 63 - 67 ára sem ætti auka herbergi með aðgang að snyrtingu. Góð leiga í boði, á bíl. Er reglusamur. Sími 777 3949.

# OPIÐ ALLA HELGINA

## OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



**USB GLINGUR**

Glæsilegt úrval af skemmtilegu USB glingri frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!

**FRÁ 990**

HENTUGT Í ALLA PAKKA




**PROTAB26 IPS**

Glæsileg spjaldtölva með einstökum 10" IPS HD fjölsnertiskjá búin allri nýjustu tækni og Multi Core Mali400 3D skjákjarna

**34.900**

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA:)



**SMART TV**

Fyrir þitt sjónvarp, vafraðu á netinu, kíktu á Facebook, spilaðu kvikmyndir og tónlist, þráðlaust lyklaborð með mús fylgir.

**29.900**

JÓLAGJÖF FYRIR SJÓNVARPIÐ ÞITT;)

**OPNUNARTÍMAR**

ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** yndi, **6.** íþróttafélag, **8.** fyrirboði, **9.** poka, **11.** tveir eins, **12.** ámæla, **14.** nautnalyf, **16.** skóli, **17.** óhreinka, **18.** móðurlíf, **20.** tvíhljóði, **21.** truflun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurrka út, **3.** þys, **4.** úða, **5.** lögg, **7.** frumefni, **10.** gums, **13.** sigti, **15.** kássa, **16.** skordýr, **19.** aðgæta.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lyst, **6.** fh, **8.** spá, **9.** mal, **11.** rr, **12.** álasa, **14.** ópíum, **16.** fg, **17.** ata, **18.** leg, **20.** au, **21.** ónáð. **LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** ys, **4.** sprauta, **5.** tár, **7.** halógen, **10.** lap, **13.** sía, **15.** mauk, **16.** fló, **19.** gá.






# Faðmaðu hvolp

**BAKPANKAR**
Stígs Helgasonar



Ef þú ert að lesa þessi orð þýðir það að heimurinn fórst ekki í nótt. Það er ágætt – margir eru langt komnir með jólaundirbúninginn og það er ekki heldur búið að afgreiða rammaáætlun á Alþingi. Það væri synd ef ragnarök spilltu því góða máli. Kannski trúðu ekki margir þessum heimsendaspám en við hljótum samt að geta notað tækifærið til að gleðjast yfir því að framhald verði á jarðvist okkar um sinn og jafnvel endurmetið okkur aðeins í leiðinni.

**HVER VEIT** nema Barack Obama og samlandar hans fari á fætur í dag og ákveði að fyrst þessi heimur okkar er á annað borð enn til mætti kannski bæta hann örlítið með því að farga þó ekki væri nema öðru hverju vopni í landinu. Kannski Annþór og Börkur vakni í klefunum sínum á Litla-Hrauni, hittist í útivist og sammælist um að héðan í frá ætli þeir að vera góðir við annað fólk. Maður getur alltaf vonað.

**OG HVAÐ** getur þú gert til að bæta heiminn í dag? Hér er hugmynd:

**HJÓLAÐU** upp að Esjurótum, gakktu upp á topp (eða allavega upp að steini) með Christmas Card from a Hooker in Minneapolis með Tom Waits á lúppu í eyrunum og king size Lion Bar í mittistöskunni, horfðu yfir jólalýsta borgina og hugsaðu: Ef menn hefðu nú lesið rétt í dagatal Mayanna og það hefði sannarlega liðið undir lok á nákvæmlega þessum degi, og ef – bara ef – þessir frumbyggjar Suður-Ameríku hefðu í raun verið gæddir óbrigðulli spádómsgáfu, nú þá væri þetta óreiðukennda en fallega hrúgald sem við köllum Reykjavík rústir einar – alelda, á kafi í sjó eða glóandi hrauni, orðið að dufti – eða einfaldlega gufað upp í eilífðina. En við sluppum með skrekkinn.

**HJÓLAÐU** svo til baka, hlauptu smávegis útundan þér og gerðu eitthvað viðbjóðslega væmið og krúttlegt. Hringdu í strákinn eða stelpuna sem þú ert skotin(n) í og syngdu Waterfalls með TLC í símann (líka rappið), keyptu fallhlífarstökksnámskeið fyrir þig og mömmu þína, bakaðu smákökur og farðu svo niður að Tjörn og gefðu öndunum þær, færðu ömmu þinni bol með mynd af hipphopphljómsveit, segðu upp ef þér finnst óbærilegt í vinnunni og keyptu þér flug aðra leiðina til Súrínam, gefðu útigangsmanni sjónvarpið þitt (og rafstöð), teiknaðu hjartnæm skilaboð í héluna á framrúðuna á bíl nágrannans (makaðu einhverju á hana til að krota í ef það er ekki frost) og umfram allt: finndu þér hvolp og faðmaðu hann (að fengnu hans samþykki).

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



tl.is
TÖLVU LISTINN

# OPIÐ TIL KL. 22 Í KVÖLD!

## AUKASENDINGIN KOMIN!

**Vinsæla 10" spjaldtölvan með Android 4.0 er lent. Taska og heyrnartól fylgja. Takmarkað magn!**

Spjaldtölvur eru skemmtilegasta leiktækið fyrir börn og unglinga og frábær gjöf. Þær eru einfaldar í notkun og börnin geta nálgast þúsundir ókeypis leikja og skemmtilegra smáforrita, farið á netið, horft á bíómyndir, hlustað á tónlist, tekið ljósmyndir eða myndbönd og lesið rafbækur. Allt í einu tæki sem hægt er að taka með sér hvert sem er.

Google play




5 PUNKTA SNERTISKJÁR

19.990


500GB
USB3 VASAFLAKKARI
Seagate
Seagate Expansion
11.990


PHILIPS
24" WLED SKJÁR
FRÁBÆR SKJÁR
Philips 247E3LSU2
34.990


VINSÆL GJÖF
LOKUÐ HEYRNARTÓL
PHILIPS
Philips SHP2000
3.490


15,6" INTEL PENTIUM
TOSHIBA
C850-1C8
99.990


SÁ VINSÆLASTI
HD SJÓNVARPSFLAKKARI
A.C.Ryan
Playon!HD
19.990


BAMBOO PEN TEIKNIBORÐ
WACOM
Wacom Bamboo Pen A6
12.990


ÞRÁÐLAUS PRENTARI OG SKANNI
EPSON
Epson XP202
13.990


ENGAR SNÚRUR
ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL
AKG
AKG K912
9.990


HÁTALARAKERFI MEÐ BASSA
Logitech
Logitech Z313
7.990


BAKLÝST RAZER LYKLABORÐ
RAZER
Razer LYCOSA
14.990


MEÐ LÓÐBOLTA
145 HLUTA VERKFÆRASETT
MANHATTAN
Rep Tool Kit 145
17.990


Logitech
FORRITANLEG LEIKJAMÚS
Logitech G400
6.990




**ÁTT ÞÚ EFTIR AÐ KOMA MEÐ ÞINN SPJALDTÖLVUMIÐA?**

Komdu á Suðurlandsbraut og athugaðu hvort þú átt spjaldtölvu hjá okkur.




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |



# Gullfalleg barnabók

BÆKUR ★★★★★

**Ólíver**
Birgitta Sif. Sigþrúður Gunnarsdóttir.
**MÁL OG MENNING**




Það er ekki oft sem á fjörur okkar rekur eins fallega íslenska barnabók og Ólíver eftir Birgittu Sif. Ólíver er skrifuð og teiknuð fyrir yngri kynslóðina, börn þriggja til fimm ára, og fjallar um hvernig það er allt í lagi að vera svolítið öðruvísi.

Ólíver segir frá litlum dreng sem á ekki aðra vini en tuskudýrin sín þrjú. En það er bara allt í lagi. Ólíver les mikið, ímyndunarafl hans fer á flug og hann og vinirnir þrír lenda í miklum ævintýrum. Kassar og púðar eru úlfaldar sem vinirnir fjórir ríða yfir eyðimörkina í leit að fjársjóði, sófar eru hrörlegar brýr sem þeir fikra sig varlega yfir. Einn daginn spilar Ólíver á píanó fyrir vini sína, en nú bregður svo við að þeir liggja grafkyrrir og klappa ekki. Ólíver leggur af stað, aleinn, í glænýtt ævintýri og eignast nýja vinkonu. Ólivía er lítil stúlka sem er líka afskaplega sérstök.

Myndirnar í bókinni eru léttar og lifandi, en ekki sérlega íslenskar. Glæsileg, frönsk yfirvaraskegg prýða efri varir karlmanna, herbergin í timburhúsunum er veggfóðruð og rauðar og hvítar sólhlífar skýla sundlaugargestum fyrir sólinni. Rómantískur blær er yfir teikningunum, og þær eru með sepíaáferð eins og á gömlum ljósmyndum.

Góðar samræður á milli mynda og texta einkenna bestu barnabækurnar, þegar myndirnar styðja ekki bara við textann heldur lifa sjálfstæðu lífi. Myndirnar í Ólíver segja aðra og meiri sögu en textinn sjálfur. Þær endurspegla sálarlíf Ólívers. Þegar honum líður vel, þá er mikið að gerast á myndunum, þær eru stútfullar af dýrum og fólki og hlutum. Yngstu lesendurnir geta starað á þessar blaðsíður tímunum saman og alltaf fundið eitthvað nýtt. En þegar Ólíver er einmana tekur tómarúmið blaðsíðurnar yfir.

Ólíver er fyrsta bók Birgittu Sifjar. Birgitta lauk meistaranámi í Bretlandi í myndskreytingum fyrir barnabækur og þessi menntun skilar sér svo sannarlega í bókinni. Sagan var upphaflega skrifuð á ensku en hún kom út í Bretlandi síðastliðið haust. Hér birtist hún í íslenskri þýðingu Sigþrúðar Gunnarsdóttur. Ég er spennt að sjá hvað gerist þegar Birgitta spreytir sig á að teikna íslenskan söguheim.

**Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg saga um ímyndunaraflið, góða vini og börn sem eru svolítið sérstök.




# Vildi ná hinu fullkomna jafnvægi

Víkingur Heiðar Ólafsson og Kristinn Sigmundsson fluttu Vetrarferð Schuberts á Listahátíð. Í kjölfarið fóru þeir í stúdíó og tóku ljóðaflokkinn upp. Útgáfurnar báðar er að finna á nýjum disk þeirra sem hrósað er í hástert af gagnrýnendum.

Víkingur Heiðar Ólafsson gaf nýverið út Vetrarferð Schuberts á mynddiski og geisladiski í flutningi hans og Kristins Sigmundssonar söngvara. Vetrarferðin er þriðji diskurinn sem útgáfufyrirtæki Víkings Heiðars, Dirrindí, gefur út. Fréttablaðið sló á þráðinn til Víkings Heiðars og forvitnaðist um útgáfuna og tildrög hennar. „Mig hafði lengi langað til þess að takast á við Vetrarferðina, verk sem ég hafði þekkt í tíu til fimmtán ár, og mannaði mig svo loks í að spyrja Kristin Sigmundsson hvort hann væri til í að flytja flokkinn með mér í fyrra. Flutningurinn tókst vel til held ég, ferlið var kannski svolítið öðruvísi en alla jafna þar sem Kristinn hefur flutt ljóðaflokkinn reglulega undanfarin 30 ár og ég aldrei áður,“ segir Víkingur og bætir við að þeir Kristinn hafi smollið vel saman strax á fyrstu æfingunni. „Það kom okkur nánast á óvart hversu sammála við vorum um túlkunina á sumum stöðum og höfðum svo ólíka nálgun annars staðar. Alls staðar náðum við lendingu en samstarfið var dýnamískt, við erum mjög hreinskilnir báðir.“



**VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON** Segir samstarfið við Kristinn Sigmundsson hafa verið mjög dýnamískt. MYND/KAROLINA

### Tilraunir á stærri skala

Tónleikarnir sem voru í Eldborg voru teknir upp með útgáfu mynddisks í huga en Víkingur segir að hann hafi fljótlega langað til að taka verkið einnig upp í stúdíói og gefa út bæði tónleikaupptöku og stúdíóupptöku um leið.

„Vetrarferðin er svo ólík frá degi til dags og tónleikar vissulega allt annað form en stúdíóupptaka. Mig langaði afar mikið til þess að taka upp Vetrarferðina í stúdíói og reyna að komast eins nálægt þeirri sýn sem ég hafði á verkið og hægt er að komast. Tónlist Schuberts er beinskeytt og berskjölduð og að sumu leyti er auðveldara að flytja flokkinn á tónleikum en í hljóðveri. Túlkunarmöguleikarnir eru svo margir að það getur orðið óhemju flókið mál að hafa valmöguleikann að horfa til baka á miðri leið, eins og maður gerir óumflýjanlega í hljóðverinu. En á móti kemur að þar getur maður leyft sér tilraunir á enn stærri skala, prófað sig áfram með smæstu smáatriðin, þessi hlutföll í tónlistinni sem erfitt er að koma í orð, en sem allir skynja þó þegar vel tekst til. Öll hugsunin á bak við útgáfuna miðast við þetta fullkomna jafnvægi milli raddar og píanós sem er að finna hjá Schubert, það fyrirfinnst ekki taktur af „undirleik“ í Vetrarferðinni. Útkoman voru tvær ólíkar Vetrarferðir,“ segir Víkingur Heiðar en þess má geta að gagnrýnandi Fréttablaðsins, Jónas Sen, hrósaði túlkun Víkings Heiðars og Kristins í hástert og gaf disknum fimm stjörnur.

### Umbúðir og innihald

Víkingur segir mjög gleðilegt að fá hrós fyrir diskinn og útgáfuna sem hann stendur í sjálfur. „Ég hef miklar skoðanir á umbúðum geisladiska, hvaða pappír á að nota og hvernig myndir eiga að vera og fæ auðvitað að ráða allri umgjörð sjálfur sem ég viðurkenni reyndar að er mjög tímafrekt. Ég var svo heppinn að vinna með frábærum listakonum, þeim Helgu Gerði Magnúsdóttur hönnuði og Karólínu Thorarensen ljósmyndara, að allri myndrænni framsetningu. Það var óskaplega langt ferli að finna rétta tóninn, en við ákváðum á endanum að hafa tvær forsíður, maður veit eiginlega ekki alveg hvernig maður á að snúa disknum, þ.e.a.s. hvor hliðin snýr fram og hvor aftur. Og við vildum fanga þennan hráa tón í þessum allt að því óþægilegu nærmyndum, en samt með hlýjum litum.“

### Er frekar óþolandi

„Það kallast á við hljóminn á upptökunni sem er tekin upp með close-up hljóðnemum, en samt með fylltum og mjúkum hljómi. Ég hef verið að vinna með frábærum tónmeistara, Christopher Tarnow, og það var gaman að hann skyldi líka fá tilnefningu fyrir bestu upptökustjórn til Íslensku tónlistarverðlaunanna um daginn. Ég var svolítið ánægður með það, þar sem ég er örugglega frekar óþolandi við hann, endalaust að biðja hann um enn eina útgáfuna af upptökuhljómi og prófa nýjar klippingar,“ segir Víkingur Heiðar áður en blaðamaður sleppir honum aftur út í Kaliforníusólina en hann er staddur í fríi í Hollywood um þessar mundir. „Ég ákvað þegar var sem mest að gera hjá mér í haust að bóka frí og hitta gamlan skólafélaga hér. Fer svo aftur til Berlínar þar sem ég bý og ætla að halda jólin að þessu sinni en það verður í fyrsta sinn sem ég held jólin annars staðar en heima á Íslandi. Mér líst bara mjög vel á jólastemminguna í Berlín,“ segir hann að lokum.

sigridur@frettabladid.is

## Spilar fyrir Obama í Washington

Það er ýmislegt á döfinni hjá Víkingi Heiðari á komandi ári, meðal annars einleikstónleikar í Washington á menningarhátíðinni Nordic Cool sem haldin verður í febrúar. Í tengslum við þessa hátíð verður efnt til hátíðarkvöldverðar þar sem meðal annars er búist við friðarverðlaunahafa Nóbels og forseta Bandaríkjanna, Barack Obama. „Þetta er skemmtilegt ævintýri og hressandi. Það verða að mér skilst þrjú skemmtiatriði á milli rétta þetta kvöldið, þar á meðal mun ég flytja eitt verk,“ segir Víkingur Heiðar.

„Ég hef sett saman mjög skemmtilegan kokteil af norrænum verkum fyrir einleikstónleikana sem hittir vonandi í mark, þetta er mjög metnaðarfull hátíð þar sem fulltrúar frá öllum Norðurlöndum og öllum listgreinum flytja verk.“

> **Öll hugsunin á bak við útgáfuna miðast við þetta fullkomna jafnvægi milli raddar og píanós sem er að finna hjá Schubert**




Olga rúm, Medipocket 20 dýna ásamt tveimur náttborðum

**Verð: 256.500.-**

**Verð áður: 342.000**

# SVEFNHERBERGIS TILBOÐ

Mediline heilsurúm til í öllum stærðum og 6 stífleikum, Mediline heilsurúmið er klæðskerasniðið að þínum þörfum: Íslensk Hönnun og hugvit sem stendur öðru framar. **Berið saman verð og gæði**

## NAPCO HEILSURÚM




**Napco heilsurúm**
160x200
tvöfalt fjaðurkerfi
með höfðagafli

Jólatilboð
**188.600.-**
Verð áður: 269.400.-

## SVEFNHERBERGIÐ




**Liam rafmagnsrúm**
160x200
tvö náttborð og
Mediline heilsudýna

Jólatilboð
**392.700.-**
Verð áður: 561.000.-

## MEDILINE HEILSURÚM



**Mediline heilsurúm**
160x200

Jólatilboð
Verð frá: **154.160.-**

VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI Á ÖLLUM RÚMUM*

## SATIN SÆNGURVER



**Satin sængurver**
Frá Seba og
Fussenegger
Mikið úrval

Jólatilboð
Verð frá: **9.200.-**

## DÚNSÆNG



**Dúnsæng** 800gr.
90% andadúnn
10% andafiður
hreinsað

Jólatilboð
**21.520.-**
Verð áður: 26.900.-

## HRÚGÖLD



**Hrúgöld**
Margir litir
Flott gjöf í unglinga
herbergið

Jólatilboð
**19.920.-**
Verð áður: 24.900.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Þar af lántökugjald 3.25% og þóknun sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu.

## NOEL JÓLAILMURINN ER KOMINN

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI***

**Opið alla daga til jóla**



> **Mörkinni 4** > 105 Reykjavík > Sími: 533 3500
> **Hofsbót 4** > 600 Akureyri > Sími: 462 3504
> **Opnunartímar:** Virka daga 10-18 | Laug 10-16 > **www.lystadun.is**

# Hreint og beint

BÆKUR ★★★★★

**Paintings/Málverk**
Eggert Pétusson
**CRYMOGEA**

Bókin Paintings / Málverk sem fjallar um verk Eggerts Péturssonar myndlistarmanns, kemur sér beint að efninu. Fremst er samtal Þorláks Einarssonar og Kristjáns B. Jónassonar við listamanninn. Það er unnið þannig að listamaðurinn segir frá í fyrstu persónu frásögn í gegnum nær allan textann, sem er hluti af þessari vel völdu, beinskeyttu og einbeittu nálgun bókarinnar. Að loknu samtalinu, sem er mátulega langt, koma myndir af úrvali af málverkum Eggerts í tímaröð. Aftast er svo hin dæmigerða ferilskrá á einni blaðsíðu, eins og jafnan í listaverkabókum og sýningarskrám. Það er engin ævisaga í bókinni, eða æviágrip, utan það sem kemur fram í orðum Eggerts sjálfs, enginn listfræðitexti og enginn upphafinn formáli. Þessi hreina og beina nálgun bókarinnar er meðal þess sem gerir hana jafn góða og raun ber vitni.

Það þarf varla að kynna Eggert lengur fyrir fólki, verk hans hafa fengið góða kynningu á síðustu árum, og hann notið mikilla vinsælda. Verkin hafa líka selst eins og heitar lummur, eins og listamaðurinn er ófeiminn við að tala um í textanum. Málverkin höfða enda til fegurðarskyns almennings; litskrúðug blóm úr íslenskri náttúru breiða úr sér yfir myndflötinn þannig að menn geta, sérstaklega í stærri verkunum, týnt sér í blómahafinu og komið að verkunum aftur og aftur og séð eitthvað nýtt í hvert sinn, eða rétt eins og Eggert segir sjálfur í samtalinu í bókinni: „Málverk er aldrei eins. Í hvert skipti sem litið er á það hefur það breyst.“

Það sem maður lærir samt á lestri bókarinnar er að hér er á ferð listamaður sem er ekki allur þar sem hann er séður.



**ÁN TITILS** „Málverk er aldrei eins. Í hvert skipti sem litið er á það hefur það breyst,“ segir Eggert. MYND/GUÐMUNDUR INGÓLFSSON.

Bókin er í stóru en nokkuð óvenjulegu mjúku broti sem samt fer vel í hendi. Það er ánægjuleg upplifun að blaða í henni fram og til baka. Hönnun þeirra Hildigunnar Gunnarsdóttur og Snæfríðar Þorsteins er óaðfinnanleg og spilar letur, pappír og annað vel með efni bókarinnar. Prentun er sömuleiðis frábær og gerir verkunum góð skil.

Það sem mörgum kann að finnast sérstakt við bókina, og gæti jafnvel pirrað einhverja, er það hvað margar myndanna í bókinni eru litlar. Menn gætu spurt sig; af hverju að vera með myndina pínulitla á blaðsíðunni, þegar nóg pláss er allt í kring. Svarið við því er augljóslega það að myndirnar eru birtar í hlutfallsstærð, þ.e. myndirnar eru hlutfallslega í réttum stærðum innbyrðis. Þessi aðferð gefur betri tilfinningu fyrir raunstærð myndanna og því hvernig listamaðurinn vinnur, og rímar þar að auki við þá „sérviskulegu“ aðferð listamannsins við málunina að mála alltaf blómin og jurtirnar í raunstærð.

> **Fyrir þá sem vilja kynnast ekki bara verkum listamannsins, heldur einnig hugmyndafræðinni á bak við verkin, tilraunamennskunni, vinnubrögðunum og hvernig verkin hafa þróast í gegnum tíðina er þessi bók frábær inngangur.**

Fyrir þá sem vilja kynnast ekki bara verkum listamannsins, heldur einnig hugmyndafræðinni á bak við verkin, tilraunamennskunni, vinnubrögðunum og hvernig verkin hafa þróast í gegnum tíðina er þessi bók frábær inngangur. Þeir sem hafa hingað til hafa skoðað myndirnar án þess að kafa dýpra, kynnast því hvernig listamaðurinn tengir verkin við gjörningalist, hugmyndalist og rýmislist, ásamt því auðvitað að fá innsýn í það hvernig hann velur myndefnið og hvernig hann vinnur frá hugmynd að fullkláruðu verki.

Hér fæst því talsvert meira kjöt á beinin fyrir áhugasama. Við fáum meira að segja að heyra það frá listamanninum að hann vilji að verkin hafi pólitíska rödd, og að þau séu innlegg í umræðu um náttúruvernd: „Þetta eru áróðursmyndir. Þær eru hápólitískar […].“, og að lokum má nefna að listamaðurinn leyfir sér að gera góðlátlegt grín að kaupæðinu sem hefur myndast í kringum verk hans. **Þóroddur Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Afar vel heppnuð og falleg bók, sem spilar með sérvisku listamannsins.


# Helgarblað Fréttablaðsins






**Hann gerir okkur öll að betri manneskjum**

Knattspyrnumaðurinn Ólafur Ingi Skúlason og eiginkona hans Sigurbjörg Hjörleifsdóttir eru búsett í Belgíu ásamt tveimur börnum sínum. Líf þeirra tók nýja stefnu þegar sonur þeirra kom í heiminn.

**Meðal efnis núna um helgina**

FITON / SÍA



**Áhrif tölvuleikja á börn og unglinga**

Tölvuleikir geta verið ávanabindandi, haft áhrif á heilsu og tilfinninganæmi.





**Ár bókarinnar**

Hvernig var bókmenntaárið 2012? Yfirlit yfir bókadóma ársins í blaðinu.



**Rúgbrauð og rauðrófur**

Gómsætir munnbitar af ýmsu tagi. Spennandi smáréttir á jólaborðið.



**Solla á bláum kjól besta jólalagið**

Leikskólakrakkar á Hvammi í Hafnarfirði ræða um jólahald.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ

Tilboðin gilda **21. - 23.** desember




## GEOMAG SEGULLEIKFÖNGIN VINSÆLU!

Örva hugmyndaflug barna á öllum aldri þar sem hægt er að skapa hina ótrúlegustu hluti úr þeim.

- Geocolor 14
- Geo Glow – 20
- Geocolor 20
- Geo Dynamic Starter
- Geocolor 42
- Geo 42 just Pink
- Geo Glow – 42
- Geo Dynamic Classic
- Geopanels 46
- Shrimmer Pink 42
- Geocolor 60
- Shrimmer Pink 60
- Ice 60
- Geo Dynamic Master
- Geo Panels 84
- Geo Glow – 96
- Pastel Panels 84
- Geocolor - 132

**25% afsláttur**

*efst á óskalistanum*

**nettó** *leikföng*

*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Jenna lýgur

BÆKUR ★★★★☆

**Hvítfeld**
Kristín Eiríksdóttir
JPV




Pétur Gautur í samnefndu leikriti Ibsens líkti sjálfinu við lauk: Maður getur skrælt af honum lag eftir lag þar til ekkert er eftir án þess að komast að kjarnanum, kjarninn er ekki til. Þegar öll lög hafa verið skræld burt er tómið eitt eftir. Jenna Hvítfeld, aðalpersóna og sögumaður fyrstu skáldsögu Kristínar Eiríksdóttur, minnir að sumu leyti á Pétur Gaut. Raunar má sjá í henni fleiri bókmenntalegar fyrirmyndir og hliðstæður. Í jólaundirbúningnum miðjum minnir hún t.d. meira en lítið á stallsystur sína í jólakvæði Tom Waits sem nefnist Jólakort frá hóru í Minneapolis. Sú lýsir fyrst aðstæðum sínum á sæmilega jákvæðum nótum, óléttu, eiginmanni og nýju lífi en viðurkennir í lokaerindinu að hún sé að ljúga öllu saman og sitji í fangelsi þar sem hún bíður eftir reynslulausn.

Jenna Hvítfeld birtist í fyrstu köflum sögunnar sem kona sem er með allt sitt sæmilega á þurru og hefur fundið sér innihaldslitla en tiltölulega örugga tilveru í úthverfi í bandarískri borg. Hún hefur gefist upp á eðlisfræðinámi og skilið við moldríkan eiginmann en býr ein með dóttur sinni. Í bakgrunni er fjölskylda hennar, í föðurætt er hún komin af embættismönnum og lögfræðingum af Hvítfeldættinni, móðurættin er af lægri stigum.

Fastmótuð tilvera Jennu kemst í uppnám þegar yngri systir hennar, fíkillinn Eufemía, deyr og hún þarf að koma heim í jarðarförina. Upptakturinn að sögu Jennu gæti þannig verið byrjunin á nokkuð hefðbundinni íslenskri ættarsögu. En það kemur fljótlega í ljós að í þessari sögu er ekkert eins og það sýnist og allra síst sögukonan sjálf, Jenna Hvítfeld. Sagan sem fylgir í kjölfarið einkennist af afhjúpunum og lygum. Fortíð Jennu er önnur en lesandann býður í grun og þegar flett er ofan af einni lygi kemur önnur í ljós. Fjölskylda hennar á einnig sínar beinagrindur og þær af hrikalegra taginu.

Hvítfeld er þannig fjölskyldusaga þar sem hefðbundin form og mynstur slíkra sagna eru teygð og toguð í ýmsar áttir. Um leið fjallar hún um það að segja sögur, sögur sem við notum til að skýra sjálfsmynd okkar og stað í heiminum, litlar goðsagnir sem halda fjölskyldum saman eða sundra þeim. Í heimi Jennu falla slíkar goðsagnir ein af annarri og þegar mál eru krufin – eða laukurinn skrældur – er óvíst að þar finnist nokkur kjarni, nokkur sannleikur annar en sá sem felst í því að skálda sífellt upp nýjar og nýjar sögur.

Sögur Jennu og fjölskyldu hennar segir Kristín af fádæma öryggi og list. Jenna er ekki eini blekkingameistarinn í þessari bók, yfir henni vakir söguhöfundur sem fær lesandann til að trúa lygum og efast um sannleikann á hverri síðu. Í sinni fyrstu skáldsögu sýnir Kristín fádæma tök á forminu, það má mikið vera ef þetta er ekki upphafið að ferli stórbrotins skáldsagnahöfundar.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær skáldsaga um íslenska fjölskyldu, sannleika og lygi.



# Óregluleg mynd af heild

## Kjarvalssýning í anda salon-sýninga sett upp á Kjarvalsstöðum. Nokkur hundruð verk verða til sýnis.

Nokkur hundruð verk eftir Jóhannes S. Kjarval í eigu Listasafns Reykjavíkur verða dregin fram í dagsljósið á sýningunni Mynd af heild sem verður á Kjarvalsstöðum frá og með 21. desember 2012. Sýningin er í anda salon-sýninga, þar sem verkin þekja alla veggi Kjarvalssalarins, frá gólfi og upp í loft, án nokkurrar reglu. Á sýningunni er lögð áhersla á óvænt samhengi verkanna, en þema, tímaskeið, viðfangsefni og tímaröð eru látin lönd og leið. Áhorfandinn nálgast verk Kjarvals án fyrirmæla og skyggnist inn í hugarheim hans á eigin forsendum. Margir muna eflaust eftir svipaðri uppsetningu á Kjarvalsverkum árið 2009, en svo vel tókst til þá að ástæða þótti til þess að endurtaka leikinn.

Kjarval ánafnaði Reykjavíkurborg stóran hluta listaverka sinna og persónulegra muna árið 1968. Hluti gjafarinnar var sýndur í fyrsta sinn við opnun Kjarvalsstaða árið 1973. Safnið hefur vaxið jafnt og þétt með tíð og tíma en bæði hafa verið keypt verk í safnið og því borist fjöldi ómetanlegra gjafa frá einstaklingum.

Sýningin stendur til 20. maí.

### Kjarval

Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885-1972) skipar sérstakan sess í íslenskri menningar- og listasögu sem einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar fyrr og síðar. Hann var goðsögn í lifanda lífi og í augum margra persónugervingur hins rómantíska listamanns og bóhems. Rætur hans lágu í hinu íslenska bændasamfélagi en líf hans og listsköpun tengist menningarlegri viðreisn þjóðarinnar á fyrri hluta 20. aldar órjúfandi böndum. Íslendingar hafa gegnum verk hans lært að skoða á nýjan hátt náttúru landsins, fólkið og þann ævintýraheim sem er að finna í landslaginu og í huga þjóðarinnar. Verkum Kjarvals hefur oft verið skipt í þrjá meginflokka: Landslagsmyndir, teikningar og táknræn málverk.



**KJARVAL Á KJARVALSSTÖÐUM** Á sýningunni er lögð áhersla á óvænt samhengi verkanna, en þema, tímaskeið, viðfangsefni og tímaröð eru látin lönd og leið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ARINN – FYRIR RÓLEGA OG RÓMANTÍSKA JÓLASTEMNINGU!




VERÐ FRÁ KR.
79.990
ELISE ARINN

realflame 790 KR. DÓSIN




ÖRUGGT OG UMHVERFISVÆNT.
Real Flame arinn-eldsneyti í dós. Real Flame gelið er snarkandi og róandi á köldum haustdögum. Sótar ekki. Logar í þrjár klukkustundir.

KASSI 24 DÓSIR
15% AFSLÁTTUR KR. 16.116

HÚSGAGNAHÖLLIN

OPNUNARTÍMI: Mán. 17. til sunn 23. des. 10-22. Aðfangadag 10-13 • SÍMI: 558 1100

# GK

REYKJAVIK



Shoe the Bear
Herra
28.900



Sneaky Fox -
4.900



Stella McCartney -
72.900



Shoe the Bear
Herra/Dömu
36.900



McQ
by Alexander McQueen -
50.900



Shoe the Bear
Herra/Dömu
28.900



Sneaky Fox -
5.500



Fashionology -
11.900



Shoe the Bear
Herra/Dömu
29.900



Sneaky Fox -
4.900



Shoe the Bear
Herra/Dömu
36.900



Sneaky Fox -
4.900

MM6
maison martin margiela

STELLA McCARTNEY

ALEXANDER McQ MQUEEN

GK Reykjavík - Laugavegur 66 - 565 2820

# Minningar barna um fyrra líf

Nýlega komu út hjá Almenna bókafélaginu endurminningar **Erlendar Haraldssonar,** fyrrum sálfræðiprófessors, Á vit hins ókunna, sem Erlendur skráði í samvinnu við **Hafliða Helgason**. Grípum hér niður í frásögn Erlendar af rannsóknum á minningum barna um fyrra líf.

**Á vit hins ókunnuga**
**Höfundar:** Erlendur Haraldsson og Hafliði Helgason
**Útgáfa:** Almenna bókafélagið
**Fjöldi síðna:** 256

Ian Stevenson hafði mikinn áhuga á minningum frá fyrra lífi sem sum börn töldu sig búa yfir. Hann tók að rannsaka einstök dæmi upp úr 1950. Þetta vatt hratt upp á sig og hann fór að frétta af slíkum tilvikum víða um heim. Hann hóf rannsóknir á Indlandi og síðan bárust þær út til landa eins og Sri Lanka, Tælands, Tyrklands og Líbanons og til Suður-Ameríku. Fá tilvik komu fram frá Evrópu en þó fundust dæmi um þau þar líka.

Þegar Stevenson hafði unnið að slíkum rannsóknum í fjölda ára og ritað um þær margar greinar og nokkrar bækur af sinni alkunnu nákvæmni og samviskusemi, vildi Uppfuyhann fá óháða aðila til að gera nokkrar slíkar rannsóknir til að sjá hvort aðrir fengju sömu niðurstöður. Stevenson fór þess á leit við mig að ég gerði slíka rannsókn. Ég var fús til þess. …

Ég rakst mjög fljótlega á eftirtektarverð tilvik en sum þeirra voru á þann veg að enginn einstaklingur fannst sem samsvaraði lýsingum barnsins og hafði dáið áður en það fæddist. Stundum voru þessar meintu minningar svo almenns eðlis að engin leið var að rekja þær. En stundum var frásögn barnanna um mjög óvenjulega og sértæka atburði. Tvennt leiddi okkur oftast á sporið. Börnin sögðu stundum frá því hvar þau höfðu búið, ekki nákvæmt götuheiti en bæ eða hérað. Hitt var að þau skýrðu frá því hvernig dauða þeirra hefði borið að og hver aðdragandi hans hefði verið. Sérstaklega var eftirtektarvert hversu mörg þeirra sögðu frá andláti sínu og kjarninn í því var að þau greindu frá aðdraganda þess þegar þau dóu, eins og síðustu minningum af fyrra lífi. …

Ég rannsakaði í Líbanon tilvik meðal drúsa sem eru einn af fjórum megin trú- og þjóðfélagsflokkum í Líbanon. Þar gerði ég athugun á 30 tilvikum og birti greinar þar sem fjórum þeirra er rækilega lýst. Eitt tilvikanna var næsta ótrúlegt.

### Tilvikið um Nazih Al-Danaf

Þetta var piltur, Nazih að nafni, sem fór strax mjög ungur að tala um það að hann hefði borið vopn, tvær skammbyssur og fjórar handsprengjur, verið með öðrum orðum vel vopnaður. Drengurinn sagðist hafa verið fullorðinn, hafa átt hús og börn og að vopnaðir menn hefðu komið, skipst hefði verið á skotum og þeir síðan skotið hann. Nazih sagði einnig frá því í hvaða bæ hann hefði átt heima. Hann vildi fara heim að sækja vopnin sín. Foreldrar hans sinntu þessu ekki lengi vel. Hann átti mörg systkini.

Ég tók viðtöl við foreldrana og systkinin hvert í sínu lagi og þeim bar einstaklega vel saman um hvað drengurinn hefði sagt. Hann sagðist einnig hafa átt heyrnarlausan vin, að konan hans væri fallegri en núverandi mamma hans. Hann sagði helli vera nálægt húsinu sínu og taldi upp fleiri atriði. Nazih sagðist hafa átt heima í Kabershamun sem er lítill bær í um 17 km fjarlægð frá heimili hans. Fjölskyldan lét loks undan kvabbi drengsins og fór með hann þangað. Þegar komið var að aðalkrossgötunum í miðbænum vísaði hann á næsta veg til vinstri, síðan skyldi beygja til vinstri yfir á annan veg og hann skyldi aka á enda. Þar var stansað og drengurinn hljóp þar upp bratta götu til vinstri og faðir hans á eftir honum. Þarna átti hann að hafa átt heima. Á meðan héldu móðir hans og systir sig niðri við bílinn. Ungur maður í neðsta húsinu við bröttu götuna var þar að þvo bílinn sinn. Hann sá til mæðgnanna, tók þær tali og spurði að hverju þau væru að leita. Þær sögðu honum að drengurinn teldi sig hafa átt heima við þessa götu í fyrra lífi og væri að leita að húsinu og fjölskyldu. Þær segja unga manninum frá fullyrðingum drengsins um fyrra líf og spyrja hvort hann þekki nokkurn þarna sem hafi verið skotinn, hafi borið byssur og handsprengjur og átt rauðan bíl. Ungi maðurinn segir það eiga vel við föður sinn sem hafi dáið fyrir mörgum árum. Hann spyr um aldur drengsins og kallar síðan á móður sína sem var að vinna á akri rétt hjá. Þá komu Nazih og faðir hans, sem höfðu hlaupið rétt upp fyrir, niður götuna og að húsinu.

Þessi ekkja bjó þarna með tveimur börnum sínum á unglingsaldri. Hún hafði átt mann sem hafði látist í átökum meðan á borgarastyrjöldinni stóð. Hann hafði verið lífvörður leiðtoga drúsa í Líbanon og einnig verið skrifstofustjóri í höfuðstöðvum þeirra í Beirút. Eina nóttina réðust menn inn í höfuðstöðvarnar, drápu tvo verði við varðhliðið, ruddust inn í húsið og þar var maður hennar skotinn til bana. Árásarmennirnir hurfu síðan á brott. Engin merki voru um að hann hefði fellt neinn en ekki er hægt að útiloka að það hafi gerst og árásarmenn hefðu tekið með sér á brott fallinn félaga. Þetta var hvorki hægt að staðfesta né hrekja. Annað í frásögn drengsins kom heim og saman við líf þessa manns sem hét Fuad Khaddage.

Ekkjan var í fyrstu mjög tortryggin og spurði drenginn spurninga, til dæmis hver hefði smíðað hliðið að húsinu og hann svaraði því réttilega. Hún spurði hann líka hvort hún hefði slasast á meðan þau bjuggu í Ainab sem var ekki langt frá. Hann svaraði því til að hún hefði farið úr axlarlið sem reyndist rétt. Hún spurði hann hvort dóttir þeirra hefði veikst og drengurinn svaraði um hæl að hún hefði orðið alvarlega veik af inntöku lyfja sem hann átti og hún hafði komist í. Drengurinn spurði á móti: „Hvar er tunnan sem ég notaði þegar ég kenndi þér að skjóta?“ Í ljós kom að það var ryðguð tunna úti í garði sem þau höfðu notað þegar hann kenndi henni að skjóta. Þau buðu drengnum inn í húsið. Hann vildi fá vopnin sín og gekk að skáp í einu herberginu þar sem þau höfðu verið geymd en þau voru ekki þar lengur. Fjölskyldan hafði látið frá sér vopnin. Ekkjan skýrði mér og túlki mínum, Majd Abu-Izzeddin, frá þessu svo að þetta er beint frá henni haft. Fleira fór þeim á milli sem of langt mál yrði að rekja hér. Allt reyndist rétt sem drengurinn sagði svo að ekkjan sannfærðist um að hann væri maður hennar endurborinn.

### Prófaði drenginn

Fuad Khaddage hafði átt bróður sem var á lífi og það var farið með Nazih heim til hans. Bróðirinn, Sheik Adeeb, vildi líka prófa drenginn og spurði hvernig hann gæti sannað að hann hefði verið bróðir hans. Drengurinn svaraði: „Ég gaf þér byssu.“ Bróðirinn spurði þá hvernig byssu. „Það var Czech sextán“, og það var rétt. Sheik Adeeb bað drenginn að segja sér hvar hann hefði búið með fyrstu konu sinni. Nazih bað hann þá að koma með sér út á götuna. Þeir gengu eftir henni nokkurn spöl. Þar nemur drengurinn staðar, bendir fyrst á hús eitt og segir að faðir sinn hafi búið þar og síðan á húsið við hliðina þar sem hann hafi búið með fyrri konu sinni. Fuad Khaddage hafði verið tvíkvæntur og skilið við fyrri konu sína.

Seinna kom Sheik Adeeb í heimsókn til Nazih og lagði skammbyssu á borðið og spurði hvort þetta væri byssan sem hann gaf honum. Drengurinn leit á hana og svaraði neitandi. Þetta reyndist rétt. Allt virtist rétt sem frá drengnum kom, fullyrtu bæði ekkjan, Najdiyah, og fyrrverandi mágur hennar, Sheik Adeeb. Það sem var óvenjulegt um þetta tilvik var að það bættust við fjölmargar fullyrðingar hjá drengnum þegar hann var spurður og hitti fólkið og þær stóðust. Oftast er það svo, að lítið sem ekkert nýtt bætist við, þegar börnin koma á fyrri slóðir. Um Sheik Adeeb er það að segja að hann var háttsettur starfsmaður Middle East Airlines (MEA) í Beirút. Sheik-titillinn meðal drúsa merkir ekki að þar fari höfðingi eða fyrirmaður heldur að maðurinn hafi fengið skólun í trúfélagi drúsa en þeir fara mjög dult með trú sína og trúarrit þeirra eru ekki gefin út.

### Gott samband við fjölskylduna

Í framhaldinu myndaðist gott samband milli þessarar fjölskyldu og drengsins og þegar ég var þarna var augljóslega mjög hlýtt á milli drengsins og þessarar meintu fyrrum fjölskyldu hans.

Hve vel bar 22 fullyrðingum Nazihs um fyrra líf saman við staðreyndir í lífi Fuad Khaddage? Allar sem unnt var að prófa hvort væru réttar eða ekki, reyndust réttar. Reyndar var ein sem vafi lék á. Drengurinn hafði sagt að hann hefði fengið deyfisprautu í handlegginn þegar hann var fluttur í sjúkrabíl á sjúkrahús. Fuad var hins vegar skotinn í höfuðið í návígi og lést samstundis. Erfitt er því að skilja hvers vegna honum hafi verið gefin sprauta í handlegginn en ekki er það óhugsandi. Þá voru örfá önnur atriði sem ekki var unnt að segja til um hvort væru rétt eða ekki.

Tilvikið um Nazih var afar merkilegt og það svo að það gat varla verið satt. Ég eyddi miklum tíma í að ræða við fólk sem var vitni en allt kom fyrir ekki, það bar öllum saman og öll prófanleg atriði reyndust rétt. Ég ritaði langa grein um þetta tilvik í Journal of Scientific Exploration (2002).




**YFIRNÁTTÚRULEGT** Nazih Al-Danaf fór snemma að krefjast þess að fá vopnin sín aftur. Hann lýsti atvikum úr fyrra lífi og þekkti sem sitt fyrra heimili hús Fuads Khaddage sem hafði verið myrtur nokkrum árum áður. Frásögn drengsins kom heim og saman við líf Fuads sem hafði verið lífvörður helsta leiðtoga Drúsa í Líbanon.

> **Drengurinn sagðist hafa verið fullorðinn, hafa átt hús og börn og að vopnaðir menn hefðu komið, skipst hefði verið á skotum og þeir síðan skotið hann.**

> **Allt reyndist rétt sem drengurinn sagði svo að ekkjan sannfærðist um að hann væri maður hennar endurborinn.**



Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
sími 511 1900 - www.michelsen.is
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

BIRTING LÝSINGAR

**Útgefandi:** OFAN VÍ fagfjárfestasjóður, kennitala 461211-9840, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

OFAN VÍ fagfjárfestasjóður hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa væri tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 20. desember 2012 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og gefin út rafrænt og birt á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnti opinberlega þann 20. desember 2012 um að skuldabréfin væru tekin til viðskipta og er 21. desember 2012 fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði.

Skuldabréfin eru gefin út af OFAN VÍ fagfjárfestasjóði sem rekinn er af Stefni hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgáfu nemur 1.150.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er OFANVI 11 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000021004. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 1 kr. að nafnverði. Tilgangur með því að fá skuldabréfin tekin viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um OFAN VÍ fagfjárfestasjóð og skuldabréfaflokkinn OFANVI 11 1 má finna í lýsingu sjóðsins. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta í Kauphöllinni.

Reykjavík, 20. desember 2012
**Stjórn Stefnis hf.**

STEFNIR
Arion banki




**I AM** A GAME CHANGER



**I AM THE NIKON D600.** Ég er heill heimur nýrra möguleika. Með 24 megapixla og heilramma FX myndflögu sem áður var aðeins ætluð í myndavélar fyrir fagmenn, fanga ég minnstu smáatriði með HDR tækni og fullri HD kvikmyndatöku. Ég er atvinnumyndavél fyrir alla. **nikon.is**

*At the heart of the image*

Nikon

# Árlegi Kraumslistinn kynntur

Árleg plötuverðlaun Kraums tónlistarsjóðs voru kynnt í fimmta sinn á miðvikudag en Kraumslistann skipa sex íslenskar breiðskífur. Markmið sjóðsins er að veita framsæknum, leitandi og framúrskarandi listamönnum viðurkenningu fyrir útgáfur sínar.



**BIÐ** Gestir voru eftirvæntingarfullir.



**DÝRÐ Í DAUÐAÞÖGN** Fyrsta plata Ásgeirs Trausta er meðal þeirra sem skipa Kraumslistann í ár.



**VIÐURKENNING** Pétur Ben tók við viðurkenningu frá Jóhanni Ágústi Jóhannssyni, framkvæmdastjóra Kraums.



**JÓLIN**...og dreypt var á veigum eins og vera ber.



**RÆÐUHÖLD** Árni Matthíasson, formaður dómnefndar.



**MÆÐGIN** Unnur Malín úr Ojba Rasta og „reggíbarnið“ Unnsteinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Fissler. Perfect every time.

*Kynslóðir elda með okkur*

*Fissler pottar, pönnur og önnur búsáhöld í miklu úrvali. Einnig vandaðir hraðsuðupottar sem gera matseldina hraðari og hollari. Þýsk hágæðavara.*

MADE IN GERMANY

*Fissler hefur framleitt hágæða potta og pönnur í Þýskalandi í 167 ár.*

ÚTSÖLUSTAÐIR

Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

Líf & List
SMÁRALIND

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Heimilistæki ht.is
Umboðsmenn um land allt
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500




WWW.ELLABYEL.COM – INGÓLFSSTRÆTI 5 – SÍMI 551 5300 – 101 REYKJAVÍK
OPIÐ TIL KL. 22 FRAM AÐ JÓLUM OG KL. 23 Á ÞORLÁKSMESSU
ÍSLENSK HÖNNUN



# Sviðsett samband

LEIKHÚS ★★★★☆

**Strindberg: Aftur og sem aldrei fyrr**

Leiksýning Nemendaleikhússins

**Leikarar:** Elma Stefanía Ágústsdóttir, Thelma Marín Jónsdóttir, Þorleifur Einarsson, Arnar Dan Kristjánsson, Oddur Júlíusson, Hildur B. Arndal, Salome R. Gunnarsdóttir, Þór Birgisson, Arnmundur E. Björnsson, Hafdís Helga Ingadóttir.
**Kennari og leikstjóri:** Egill Anton Heiðar Pálsson.

Undir styrkri stjórn Egils Antons Heiðars Pálssonar steypa leiklistarnemar á þriðja ári í Listaháskóla Íslands saman tveimur verkum eftir August Strindberg sem verður að þéttri uppákomu um samskipti og ást eða ástleysi. Verkin eru Fröken Júlía og Leikið með eldinn.

August Strindberg er ekkert sjálfgefinn og einfaldur enda sýna verkin tvö sem Nemendaleikhúsið hefur valið að hræra saman í eitt að hann er stórfenglega næmur á samskipti og þær innri hugsanir og hugdettur sem fylgja því ofurvenjulega, nefnilega að hugsa, finna og lifa með annarri persónu. Fröken Júlíu skrifar hann fyrir þáverandi eiginkonu sína, leikkonuna Siri von Essen, og kvenpersónan í seinna verkinu, Leikið með eldinn, á að vera hún eða hefur miklar skírskotanir til þeirra erfiða samlífs. Hvað var svona erfitt? Einmitt þessarar spurningar hafa ótal höfundar spurt sig og fundið við mismunandi svör. Sumir fræðimenn eru þeirrar skoðunar að Strindberg hafi sett líf sitt og uppákomur allar á svið til þess að geta svo unnið úr þeim í verkum sínum. Flestir eru á því að Strindberg hafi verið hömlulaus snillingur sem þrátt fyrir sjálfsdýrkun hafi verið einkar næmur á allt í umhverfinu, eins og sést í verkum hans. Hann skrifaði jafnt á frönsku sem sænsku og hafði miklar áhyggjur og bar umhyggju fyrir móðurmáli sínu.

Í þessum verkum sem hér var steypt saman kemur einkar vel fram hversu vel honum farnast að leika sér að tungunni í nánu sambandi fólks. Egill Heiðar hefur valið þá leið að láta leikarana ungu leika sömu hlutverkin sem endurtekin eru frá mismunandi sjónarhóli og fór vel á því, þó atriðið fræga þegar þjónninn Jean burstar stígvél greifans hafi kannski verið fulloft endurtekið. Leikurinn að eldinum kom heldur betur út og þar var meiri framvinda úr verkinu sjálfu. Leikaraefnin ungu stóðu sig mjög vel og leikmyndin átti sinn þátt í að gera verkið gott. Hér var bæði grínast og spriklað í fötum og án þeirra og kannski fullmikið gert úr nektinni, eins og til að sýna að þetta getum við. Það er miðsumarnæturbrjálæði sem einkennir stemninguna og brúin milli leikverkanna er algerlega áreynslulaus. Nokkuð reyndi þó á þolrif áhorfenda þar sem verkið var heldur langt í flutningi. Við hittum fyrir þrjár Júlíur, þrjá þjóna og tvöfalda uppsetningu hlutverkanna úr Leika með eldi. Hér verður ekki gert upp á milli leikara enda skiluðu þeir allir hlutverkum sínum með sóma og var framsögn þeirra til einstakrar fyrirmyndar. Það hömluleysi sem Strindberg er oft kenndur við kom hér mjög vel fram. Vonandi verður sýningin tekin aftur upp eftir áramótin.

**Elísabet Brekkan**

**NIÐURSTAÐA:** Sýning sem fangar hömluleysi Strindbergs vel. Leikurinn að eldinum kom betur út en Frú Júlía. Leikaraefnin stóðu sig fantavel.

# Óljósar myndir af fjölskyldu

BÆKUR ★★☆☆☆

**Kantata**

Kristín Marja Baldursdóttir

**JPV-ÚTGÁFA**




Kristín Marja Baldursdóttir hefur glatt bókmenntasinnaða Íslendinga með bókum á borð við Mávahlátur, Hús úr húsi, Karitas og Óreiða á striga. Nýjasta bók hennar, Kantata, er kynnt sem „stórbrotin og margradda fjölskyldusaga þar sem þræðir fléttast, spinnast, vindast og rakna“.

Í upphafi bókarinnar er lýst óumbeðinni myndatöku í jarðlest í París. Sú myndataka á eftir að koma við sögu síðar og hrinda af stað atburðarás sem persónur sögunnar eiga miserfitt með að takast á við.

Aðalpersónur eru hjónin Nanna og Gylfi, sem eru vel stæðir hóteleigendur, og Hjálmar hálfbróðir Gylfa, frægur og vinsæll leikari sem býr hjá Ingdísi móður sinni. Finnur, föðurbróðir bræðranna og endurskoðandi, og Dúi, frændi Finns, sem býr hjá honum og vinnur sem móttökustjóri eins hótelsins, Senna, ættleidd dóttir Nönnu og Gylfa, og Olli, hundur Dúa, koma líka við sögu.

Ljósmyndarinn Aloked Achmad Maurice Hamand kemur hreyfingu á líf fjölskyldunnar þegar hann mætir á svæðið og vill fá að mynda karlmennina og nota myndirnar í bók sem hann hyggst gefa út eftir Íslandsdvöl sína. Ljósmyndarinn skrásetur það sem hann sér í gegnum myndavélarlinsuna, en eins og gengur eru menn missáttir við afraksturinn og þá sögu sem hann vill segja með myndunum.

Til að byrja með þótti mér erfitt að henda reiður á persónum sögunnar, en það lagaðist í þann mund sem ég sótti mér penna og ætlaði að fara að punkta niður hjá mér helstu persónur og fjölskyldutengsl.

Sjónarhornið er breytilegt, en það sem er einna skemmtilegast við söguna er að stundum er það hjá persónum sem eru ekki vanar að hafa orðið; förðunarfræðingi leikarans, nuddara, ritara og síðast en ekki síst, hundinum Olla.

Ótti við hið óþekkta, útlendingahatur og íslamófóbía er eitt af því sem höfundur lætur persónur sínar takast á við í sögunni. Verðugt viðfangsefni, en hér er rasisminn fullýktur og fyrirsjáanlegur. Það er ákaflega lítill háski í sögunni. Persónurnar dunda sér við garðyrkjustörf og laxveiði, hlusta á sígilda tónlist og hittast í settlegum grillveislum, þar sem drukkin eru dýr vín. Í raun er manni alveg sama um þessar manneskjur. Þær eru hvorki skemmtilegar né leiðinlegar og það sem knýr þær áfram er afskaplega óljóst.

Ég varð raunar hissa yfir því hvað höfundi virðist liggja fátt á hjarta. Þegar endirinn nálgaðist bjó ég mig undir einhvern óvæntan snúning, eitthvað sem varpaði ljósi á persónurnar og tengsl þeirra, en varð fyrir vonbrigðum. Kantata þykir mér æði bragðdauf saga um fremur lítt spennandi fjölskyldu.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Bragðlítil fjölskyldusaga um fordóma og það að ekki sé allt sem sýnist.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 21. DESEMBER 2012**

### Sýningar

**17.00** Sýningin Umskurður verður opnuð í Dúfnakofanum (kaffihúsinu) í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á henni eru klippiverk eftir Hrafn Hrólfsson. Sýningin stendur til 1. janúar.

### Hátíðir

**15.00** Fögnuður verður haldinn í Hjartagarðinum í tilefni vetrarsólstaða, loka tímatals mayanna og nýs upphafs. Það er No Borders Iceland sem stendur fyrir hátíðinni og fjöldi listamanna kemur fram.

### Uppákomur

**11.00** Gluggagægir kíkir í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.

**12.10** Ljósmyndarinn Mats Wibe Lund dregur út sigurvegara í leiknum Setja í skóinn hjá Mats. Leikurinn er í tengslum við ljósmyndasýningu hans í Ljósmyndasafni Reykjavíkur og fer útdrátturinn fram þar.

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins er opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**15.00** Kaffi Framsókn, Hverfisgötu 33, býður í vöfflukaffi. Ingibjörg Reynisdóttir leikari og rithöfundur les upp úr bók sinni, Gísli á Uppsölum.

### Tónlist

**12.00** Gissur Páll Gissurarson og Árni Heiðar Karlsson koma fram á Jólatónum Munnhörpunnar í Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

**17.30** Jara spilar á Undiröldunni í Kaldalónssal Hörpu. Undiraldan er tónleikaröð Hörpu í samstarfi við 12 Tóna. Sindri Eldon & The Ways stíga einnig á svið. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Blúsfélag Reykjavíkur og Vinir Dóra efna til Jólablúsgjörnings í Rúbín við hliðina á Keiluhöllinni.

**21.00** Camerarctica leikur ljúfa tónlist við kertaljós á tónleikunum Mozart við kertaljós í Garðakirkju. Aðgangseyrir er kr. 2.500 en kr. 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara og frítt fyrir börn.

**22.00** Ýmsir listamenn koma fram á jólatónleikum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Útgáfu- og jólatónleikar Brother Grass verða haldnir á Café Rosenberg. Boðið verður upp á frumsamin, notaleg og tímalaus jólalög og skemmtilega gesti. 20 ára aldurstakmark og aðgangseyrir er kr. 2.900. Hægt er að kaupa miða við hurð eða á midi.is.

**23.00** Hljómsveitin Ojba Rasta heldur góðgerðatónleika til styrktar Mæðrastyrksnefnd á Faktorý. Meðal gesta verða Egill Ólafsson, Gnúsi Yones úr Amöbu Dömu og Birkir B úr Forgotten Lores.

### Leiðsögn

**12.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýningu Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Lauslega farið með staðreyndir – sumt neglt og annað saumað fast, og sýningu Þuríðar Rósar Sigurþórsdóttur, Hinumegin. Báðar sýningarnar standa nú yfir í Hafnarborg og er aðgangur ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



# Jólaskósprengja Í fullum gangi

**Grafarholti opið**
Virka daga milli kl. 11 og 18
Laugardag milli kl. 11 og 16
Sunnudag milli kl. 13 og 17

**Smáratorgi opið**
Virka daga milli kl. 11 og 22
Laugardag milli kl. 11 og 22
Þorláksmessu milli kl. 11 og 23

LÁGMARK 50% afsláttur

ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM

Þú finnur okkur á: facebook

## Vörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlunni • Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Toppskórinn Markaður
Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys´R´us

www.skor.is



**Í SJÓNVARPIÐ** Zac Posen tekur við keflinu af Michael Kors í raunveruleikaþáttunum Project Runway. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýr stjórnandi Project Runway



Hönnuðurinn Zac Posen tekur við dómarahlutverki í raunveruleikaþættinum Project Runway. Þar tekur hann við keflinu af bandaríska fatahönnuðinum Michael Kors sem hefur tekið þátt í síðustu tíu seríum af raunveruleikaþættinum vinsæla.

Project Runway ætti að vera sjónvarpsáhorfendum og tískuáhugafólki vel kunnugur en hann snýst um að finna næstu stjörnu í fatahönnunarheiminum. Þessi sería verður sú ellefta og er hennar beðið með mikilli eftirvæntingu.

Project Runway er stjórnað af ofurfyrirsætunni Heidi Klum og tekur Posen sér sæti við hlið hennar, tískuritstjóra bandaríska Elle, Ninu Garcia, og Tim Gunn. Kors mun þó koma fram sem gestadómari í lokaþættinum en meðal annarra gestadómara í nýju seríunni eru Kristen Davis, Susan Sarandon, Bette Midler og Joan Rivers.

Dansk julegudstjeneste
holdes i domkirken mandag den
24. december kl. 15.00
ved pastor María Ágústdóttir.
Danmarks ambassade




# HVER Á RÖDDINA?

Við lifum og hrærumst í neyslusamfélagi og auglýsingar glymja í eyrum okkar daglega hvort sem er í útvarpi eða sjónvarpi. Auglýsingar geta vakið upp ljúfar minningar, líkt og gamla, góða Coca Cola-jólaauglýsingin, pirrað okkur eða slegið í gegn líkt og Vodafone-froskurinn. En hvaða fólk er á bak við raddirnar sem hvetja okkur daglega til aukinna viðskipta?

## INGVAR E. SIGURÐSSON



Ingvar er rödd **Icelandair-flugfélagsins** og óskar þér góðrar ferðar.

## EGILL ÓLAFSSON



Leikarinn og söngvarinn er meðal annars rödd **Toyota-bílategundarinnar**.

## STYRMIR SIGURÐSSON



Leikstjóranum er margt til lista lagt, hann er rödd **TM**.

## GÍSLI ÖRN GARÐARSSON



Vesturportleikarinn talar inn á auglýsingar **Landsbankans**.

## UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR



Leikkonan talar inn á auglýsingar **Lyfju** og **Smáralindar**. Hlustið eftir því næst.

## HILMIR SNÆR GUÐNASON



Leikarinn vinsæli er rödd **Arion banka**.

## RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR



Söngkonan ljær **Húsgagnahöllinni** rödd sína.

# Anchorman 2 í bíó í desember

Eitt ár er í frumsýningu gamanmyndarinnar um fréttaþulinn Ron Burgundy.

Aðdáendur gamanmyndarinnar Anchorman geta glaðst yfir því að framhaldsmyndin Anchorman: The Legend Continues kemur í bíó á næsta ári. Slæmu fréttirnar fyrir þá er að hún kemur ekki út vestanhafs fyrr en 20. desember.

Þá snýr Will Ferrell aftur sem fréttaþulurinn Ron Burgundy. Með önnur hlutverk í myndinni fara Steve Carell, Christina Applegate og Paul Rudd. Á næsta ári verða liðin níu ár síðan fyrri myndin kom út og því hefur biðin verið ansi löng eftir framhaldinu.

Vince Vaughn verður áfram í hlutverki andstæðings Burgundy, Wes Mantooth. Á hinn bóginn er óvíst hvort Ben Stiller snúi aftur. Orðrómur hefur einnig verið um að Kristin Wiig verði á meðal leikara.

Fyrri myndin, Anchorman: The Legend of Ron Burgundy, fjallaði um fréttaþulinn Burgundy sem átti erfitt með að sætta sig við ráðningu fréttaþularins Veronicu Corningstone.



**ANCHORMAN** Will Ferrell var í aðalhlutverki í fyrri myndinni, Anchorman: The Legend of Ron Burgundy.

markhonnun.is

Tilboðin gilda **21. - 23.** desember




GÍSLI Á UPPSÖLUM

**2.971** KR




RIPLEY'S 2013
ÓTRÚLEGT EN SATT

**3.466** KR

# Jólabókin leynist í nettó




STUÐ VORS LANDS

**11.697** KR




LEIÐIN Á TOPPINN

**1.973** KR






FÓTBOLTABÆKUR

**1.973** KR STK

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og/eða myndavíxl

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri



**NÝ PLATA** Queens of the Stone Age gefur út nýja plötu í mars.

## Queens með plötu í mars

Næsta plata Queens Of The Stone Age kemur út í mars á næsta ári. Þá verða liðin sex ár síðan Era Vulgaris kom út.

Eins og komið hefur fram trommar Dave Grohl úr Foo Fighters á plötunni eins og hann gerði á Songs For The Deaf sem kom út 2002. Josh Homme, forsprakki Queens of the Stone Age, sagði nýlega að lögin sem búið væri að taka upp með Grohl hljómuðu eins og að hlaupa í draumi. Trent Reznor og Nick Oliveri, fyrrum bassaleikari sveitarinnar, spiluðu einnig á plötunni.

# ZERO DARK THIRTY BEST

Kvikmynd um leitina að Osama bin Laden er á toppnum hjá síðunni Metacritic.

Zero Dark Thirty í leikstjórn Kathryn Bigelow er besta kvikmynd ársins 2012 samkvæmt vefsíðunni Metacritic.com. Þar eru teknir saman topp tíu listar virtustu gagnrýnenda Bandaríkjanna og Bretlands yfir bestu myndir ársins, þar á meðal frá The Guardian, The New York Times, Time, Entertainment Weekly og Rolling Stone.

Zero Dark Thirty fjallar um leitina að Osama bin Laden og var nýlega tilnefnd til fernra Golden Globe-verðlauna. Myndin er með 95 í einkunn af 100 mögulegum hjá Metacritic. Síðasta mynd Bigelow, The Hurt Locker, hlaut sex Óskarsverðlaun og búast margir við því að Zero Dark Thirty feti í fótspor hennar á næstu Óskarsverðlaunahátíð í Hollywood.

Í öðru sæti á listanum er franska myndin Amour sem vann Gullpálmann í Cannes fyrr á árinu. Hún fjallar um fyrrum tónlistarkennara og hjón sem eru á níræðisaldri.

Númer þrjú á listanum er Lincoln í leikstjórn Stevens Spielberg, sem fjallar um Bandaríkjaforsetann Abraham Lincoln. Hún var tilnefnd til sjö Golden Globe-verðlauna á dögunum, þar á meðal aðalleikarinn Daniel Day-Lewis.

Moonrise Kingdom, nýjasta mynd Wes Anderson, er í fjórða sæti, og í því fimmta er The Master í leikstjórn Pauls Thomas Anderson (Magnolia, Boogie Nights). Hún er með Joaquin Phoenix og Philip Seymour Hoffman í aðalhlutverkunum og fjallar um náunga sem snýr aftur heim eftir að hafa verið í sjóhernum.



**BEST** Zero Dark Thirty í leikstjórn Kathryn Bigelow er besta mynd ársins 2012.



**AMOUR** Franska myndin vann Gullpálmann í Cannes.



**LINCOLN** Daniel Day-Lewis leikur fyrrum Bandaríkjaforsetann Lincoln.



**MOONRISE KINGDOM** Bruce Willis og Edward Norton leika í nýjustu mynd Wes Anderson.






**ÞÓRIR GEORG** „Eins og titillinn á plötunni gefur til kynna er hún nokkuð melankólísk, eða bitursæt svo slett sé á íslensku, sem er í takt við fyrri verk Þóris."

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vinnur á við hverja hlustun

TÓNLIST ★★★☆☆

**Þórir Georg**
I Will Die and You Will Die and It Will Be Alright
**KIMI RECORDS**



Margir muna eflaust eftir Þóri Georg undir nafninu My Summer as a Salvation Soldier. Hann hefur einnig verið meðlimur í hljómsveitunum Gavin Portland og Death Metal Supersquad og því átt nokkuð langan og fjölbreyttan feril þrátt fyrir ungan aldur. I Will Die and You Will Die and It Will Be Alright er önnur breiðskífa Þóris undir hans eigin nafni, en hann sér sjálfur um allt sem plötunni viðkemur – allt frá lagasmíðum og hljóðfæraleik til hönnunar umbúða.

Listamenn á borð við Will Oldham og Bill Callahan eru augljósir áhrifavaldar Þóris, sem virðist sækja í lágstemmdan hljóm indírokktónlistar frá miðvesturríkjum Bandaríkjanna. Eins og titillinn á plötunni gefur til kynna er hún nokkuð melankólísk, eða bitursæt svo slett sé á íslensku, sem er í takt við fyrri verk Þóris. Þetta eru róleg kassagítarlög í grunninn, með sterkum melódíum rafmagnsgítara og orgels, sem heppnast oft og tíðum ágætlega. Platan er ekki meðal þeirra aðgengilegustu en vinnur á við hverja hlustun. Bestu lög plötunnar eru „You Know" auk titillagsins, bæði mjög frambærileg. Lagið „Afmæli" er ástaróður Þóris til eiginkonu sinnar, með kímnum texta sem hægt er að brosa yfir. Lögin „Crawl" og „Rautt" hafa ákveðinn Kurt Weill, eða jafnvel Tom Waits-fíling og venjast þau furðuvel. Það sama á við um lagið „Changes," þar sem er orgelið leikur lykilhlutverk í góðum stíganda.

Björn Teitsson

**NIÐURSTAÐA:** Melankólískt en jafnframt fallegt verk frá áhugaverðum listamanni.

# VINSÆLAR JÓLAGJAFIR

~ÍSLENSK TÓNLIST ER~
JÓLAGJÖFIN
2012
-RANNSÓKNARSETUR VERSLUNARINNAR




2.499

**Fyrsta sæti tónlistans 14 vikur í röð!***




3 CD
3.999

ÁRITAR OG SPILAR
FÖSTUDAG Smáralind kl. 18
LAUGARDAG Kringlan kl. 13
SUNNUDAG Smáralind kl. 17



2.399




2 CD
2.999

ÁRITAR OG SPILAR
FÖSTUDAG Kringlan kl. 15
Smáralind kl. 17
LAUGARDAG Smáralind kl. 15




2.699




CD DVD
3.299




2.699




2.699




CD DVD
3.699




CD DVD
3.499

ÁRITAR & GALDRAR
LAUGARDAG Kringlan kl. 15
SUNNUDAG Smáralind kl. 13




2.499
DVD




2.799

ÁRITAR OG SPILAR
FÖSTUDAG Kringlan kl. 14
Smáralind kl. 19
LAUGARDAG Smáralind kl. 14

DVD

ÞORVALDUR & STEFÁN MÁNI ÁRITA
LAUGARDAG Smáralind kl. 16




2.999
DVD

24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.
* Samkvæmt tónlista Félags Hljómplötuframleiðenda.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**ÖLDUNGURINN OG ÖXIN** Þó Lee taki sig vel út með gítarinn er það hinn tvítugi Hedras Ramos sem spilar inn á plötuna.



**HALFORD III: WINTER SONGS** Hinn leðurklæddi söngvari Judas Priest er angurvært jólabarn inn við beinið. Sígildir jólaslagarar, nú með hetjugítarsólóum.




**A TWISTED CHRISTMAS** Fyrrum hármetalkóngarnir í Twisted Sister rokka upp jólalög sem allir þekkja. Heims um gól.




**THE NIGHT BEFORE CHRISTMAS** Hinn hamborgarasólgni strandvörður spreytir sig á jólalögum sem allir þekkja.




**HO, HO, HO** Dragdrottningin RuPaul fær ónefndan júrópoppþrjót sér til aðstoðar á þessari glórulausu plötu. RuPaul the rednosed drag queen svíkur engan.




**CHRISTMAS IN THE HEART** Gamla brýnið Bob Dylan ber í bakkafullan jólalagalækinn. Metsöluplata sem er samt eitthvað svo vandræðaleg.

> Á fyrri plötunni söng ég með minni rödd yfir þungarokk. Á nýju plötunni fer ég alla leið, þó ég öskri að vísu ekki.“
>
> *Christopher Lee*




**HUNG FOR THE HOLIDAYS** Hinn vitalaglausi William Hung, sem gerði garðinn frægan í American Idol, misþyrmir hér níu klassískum jólalögum.




**A COLT 45 CHRISTMAS** Eins smells undrið Afroman afskræmir sígild jólalög að hætti Sverris Stormskers. Typpahúmor í jólasveinabúningi.




**CHRISTMAS IS 4 EVER** Fönkkempan Bootsy Collins slappar bassann yfir frumsamin jólalög.




**CHRISTMAS ON DEATH ROW** Jólaplata frá vafasamasta plötufyrirtæki heims.




**CHRISTMAS IN THE STARS** Jól fyrir löngu síðan, í vetrarbraut langt, langt í burtu.

# Langafi jólarokkar

**Það er ekki á hverjum degi sem níræðir menn gefa út þungarokksplötur. En Christopher Lee hefur gert það þrisvar, og nú er hann í sannkölluðu jólaskapi.**

Enski stórleikarinn Christopher Lee er ekki af baki dottinn þrátt fyrir að vera orðinn rúmlega níræður, og í tilefni jólanna hefur hann sent frá sér tveggja laga smáskífu þar sem hann flytur Litla trommuleikarann og Heims um ból í þungarokksútgáfum.

Þessi riddaraslegni og djúpraddaði BAFTA-verðlaunahafi er þó enginn nýgræðingur í þungarokkinu, en hann á að baki tvær concept-plötur um keisarann Karlamagnús, auk þess að hafa unnið með sveitum á borð við Manowar og Rhapsody of Fire.

Að sögn Lee var það samt ekki fyrr en á seinni plötunni um Karlamagnús sem hann fór að syngja þungarokk. „Á fyrri plötunni söng ég með minni rödd yfir þungarokk. Á nýju plötunni fer ég alla leið, þó ég öskri að vísu ekki.“

Furðujólaplötur eru síður en svo nýjar af nálinni, og gullgrafarar á vegum Fréttablaðsins settu saman lista yfir þær furðulegustu.




**A JOHN WATERS CHRISTMAS** Kvikmyndaleikstjórinn og sóðalöppin John Waters velur sín uppáhaldsjólalög. Og að sjálfsögðu getur ekkert þeirra kallast „venjulegt“.





**TAPAÐI FYRIR GOMEZ** Ronan Farrow, sem er hér ásamt móður sinni Miu Farrow, sagðist hafa tapað í danskeppni við Selenu Gomez. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tapaði fyrir Selenu Gomez

Söngkonan Selena Gomez skemmti sér ásamt Ronan Farrow á þriðjudagskvöld. Gomez og Farrow, sem er sonur Miu Farrow og Woody Allen, eru bæði sérlegir sendiherrar UNICEF.

Vefsíðan HollywoodLife.com hefur það staðfest að Gomez og söngvarinn Justin Bieber eru nú endanlega hætt saman, en parið tók aftur saman í mjög skamman tíma eftir að fyrst voru sagðar fréttir af sambandsslitum þeirra. Gomez virðist ekki gráta sambandið, því á mynd sem Farrow birti á Twitter-síðu sinni, sést söngkonan faðma Farrow innilega. Við myndina skrifaði Farrow: „Ekki skora á hina yndislegu Selenu Gomez í danskeppni. Þú munt tapa.“

Farrow er menntaður lögfræðingur frá Yale-háskóla og starfar bæði sem blaðamaður og sérfræðingur hjá Hvíta húsinu. Hann sinnir mannúðarstörfum af miklum móð og mat tímaritið Forbes hann sem eitt af þrjátíu áhrifamestu ungmennum ársins 2012.

## Hröð og hávær Metallica

Lars Ulrich, trommari rokksveitarinnar Metallica, tjáir sig um væntanlega plötu sveitarinnar í janúarhefti tímaritsins Metal Hammer.

„Hún verður kraftmikil, hröð og háværr. Og það verða gítarsóló og alvöru sneriltromma,“ en þar vísar hann til plötunnar St. Anger, sem sveitin sendi frá sér árið 2003. Hún var harðlega gagnrýnd fyrir að innihalda hvorugt.

Lars segir nýja efnið vera rökrétt framhald af plötunni Death Magnetic, sem kom út fyrir fjórum árum, en þó verða aðdáendur sveitarinnar að bíða útgáfunnar til ársins 2014.

Í millitíðinni fá þeir þó dularfulla þrívíddarmynd frá hljómsveitinni, sem stefnt er á að komi út næsta sumar. - hva



**DJANGO UNCHAINED** Nýjasta mynd Tarantino er komin í bíó vestanhafs.

## Tarantino vill heiðarleika

Quentin Tarantino vill að ekki að fólki líði illa þegar þar horfir á myndirnar hans. Eina markmiðið hans er að persónurnar í myndinni séu sýndar á eins heiðarlegan og sannan hátt og hægt er.

Nýjasta mynd hans, Django Unchained, hefur verið tilnefnd til fjölda verðlauna, þar á meðal fimm Golden Globe-verðlauna. Einhverjir hafa samt amast yfir talsmáta leikaranna í myndinni. „Þegar ég er að semja handrit eru það persónurnar sem tala. Eina skyldan mín er að sýna þær í eins réttu ljósi og ég get,“ sagði hann við tímaritið Shortlist.

# Ánægð með fyrrverandi og bestu vinkonuna

**Leikkonan Drew Barrymore talar um ástarsamband fyrrverandi kærasta síns og bestu vinkonu í forsíðuviðtali.**

Leikkonan Drew Barrymore er í forsíðuviðtali í nýjasta tölublaði tímaritsins Allure. Þar talar hún meðal annars um það að besta vinkona hennar, gamanleikkonan Kristen Wiig, og fyrrverandi kærasti hennar Fabrizio Moretti, trommuleikari The Strokes, séu byrjuð saman. Moretti og Barrymore voru par árið 2005 en Barrymore er glöð yfir ráðahagnum. „Þetta er allt pínulítið skrýtið og smá eins og sifjaspell en svona virkar lífið víst. Þau passa mjög vel saman, þegar þau byrjuðu saman hugsaði ég strax „já auðvitað, þetta er fullkomin blanda“.

Barrymore er nýgift listaverkasalanum Will Koppelman og eiga þau saman dótturina Oliviu. Barrymore segist yfir sig hamingjusöm og að þau hjónin passi vel saman. „Bakgrunnur okkar er misjafn en við erum ekki andstæður. Við deilum ást á list, tónlist og erum ævintýragjörn,“ segir Barrymore sem segist vera farin að opna augun fyrir tískuheiminum en tengdafaðir hennar er fyrrum stjórnarformaður Chanel-tískuhússins. „Ég klæðist miklu meira Chanel en áður og mér líkar vel að tengjast fjölskyldufyrirtækinu.“



**HAMINGJUSÖM** Leikkonan Drew Barrymore er yfir sig hamingjusöm með nýbakaða eiginmanninum Will Koppelman.



**MEÐ FYRRVERANDI** Besta vinkonan, leikkonan Kristen Wiig, er byrjuð með fyrrverandi kærasta Barrymore.





**MEGAS RAULAR LÖGIN SÍN** „Það eru ekki alltaf jólin, eins og einhver sagði, en nú eru svo sannarlega jól fyrir aðdáendur Megasar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Megasarjól

TÓNLIST ★★★★☆

**Megas**
Megas raular lögin sín
**SENA**




Þegar það fréttist að von væri á nýrri fjórfaldri safnplötu með Megasi hugsuðu aðdáendur sér gott til glóðarinnar. Síðasta safnplata Megasar kom út fyrir tíu árum, á þrjátíu ára útgáfu afmæli söngvarans. Hún hét 1972-2002 og var algerlega skotheld tvöföld safnplata með aukaplötunni (Kristilega kærleiksblómin spretta í kringum) Hitt og þetta, sem hafði að geyma illfáanlegar og áður óútgefnar upptökur.

Nýja platan, sem kemur út á fjörutíu ára útgáfuafmælinu, er svipuð að uppbyggingu, nema nú eru diskarnir fjórir, eins og áratugirnir. Eða það hélt maður. En málið er ekki alveg svo einfalt. Þrjár fyrstu plöturnar í Megas raular lögin sín-pakkanum eru hugsaðar sem safn bestu laga Megasar. Þau eru samt ekki öll í upprunalegum útgáfum. Mörg laganna eru tekin af hljómleikum í gegnum tíðina, bæði með Hættulegri hljómsveit, Senuþjófunum og fleiri tónlistarmönnum. Þetta kemur á óvart og vekur blendnar tilfinningar. Að sumu leyti finnst manni að upprunalegu upptökurnar eigi að vera í svona yfirlitspakka. Dettur einhverjum í hug að tónleikaupptaka með Senuþjófunum frá 2009 af Gömlu gasstöðinni við Hlemm t.d. sé betri en upptakan af Fram og aftur blindgötuna? Varla. Að minnsta kosti ekki mér. Á móti kemur að fyrir okkur sem eigum gömlu plöturnar og 1972-2002 safnið er kærkomið að fá nýjar útgáfur með í pakkanum. Það hefur lítinn tilgang að gefa endalaust út sama dótið.

Fjórða platan í pakkanum er aukaplata. Á henni eru nokkur ný lög og glás af óútgefnum upptökum. Megnið af þessu efni er frá síðustu árum. Meðal nýju laganna eru þau lög sem Megas frumflutti í Hljómskálanum, bæði í Páskaþættinum og á tónleikunum á Listahátíð. Þarna eru líka upptökur úr sjónvarpsþáttum: Þar á meðal er Frægur sigur úr Kastljósinu 2010, sungið af Ágústu Evu Erlendsdóttur og Megasi. Snilldarlag í flottri útgáfu. Þarna er líka lagið Sortnar sentrúm sem Megas flutti við undirleik Víkings Heiðars Ólafssonar á tónleikum í Hörpu í sumar. Mjög flott. Og það er margt fleira gott, t.d. tvö lög frá tónleikum í Austurbæjarbíói 1984. Maður saknar þess samt að ekki hafi verið gramsað svolítið meira í gömlum upptökum. Hvað með Megakukl eða tónleikaefni frá áttunda áratugnum? En það bíður bara betri tíma.

Megas raular lögin sín er mjög flottur pakki. Eins og safnið hans Bó í fyrra og Ríó-safnið í ár er þetta innbundin harðspjaldabók. Það eru 68 bls. með myndum, textum og öllum upplýsingum í bókinni og svo eru diskarnir sjálfir í vösum aftast. Hönnunin er flott og mikið af glæsilegum myndum.

Það eru ekki alltaf jólin, eins og einhver sagði, en nú eru svo sannarlega jól fyrir aðdáendur Megasar. Heildarsafn texta í flottri bók og fjórföld plata með fullt af áður óútgefnu efni! Það gerist ekki betra. Á heildina litið er Megas raular lögin sín glæsilegur gripur. Ég set spurningarmerki við það að blanda nýlegum upptökum saman við upprunalegar eins og gert er hér, en samt er alveg á hreinu að þetta er pakki sem allir aðdáendur Megasar þurfa að eignast.

**Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Glæsilegur fjórfaldur safnpakki með bestu lögum Megasar og áður óútgefnu efni.















## Elskar íslenskt krem

Gallalaus húð leikkonunnar Umu Thurman hefur komist á síður blaða vestanhafs en hún þvertekur fyrir að hafa nokkru sinni lagst undir hnífinn. Aðspurð hvað hún geri til að halda sér svona vel þakkar hún íslenska EGF-dagkreminu fyrir og segist algjörlega elska það. Samkvæmt Dailymail í Bretlandi drekkur hún þar að auki mikið vatn og er líka dugleg að skvetta því framan í sig.

Leikkonan ber aldurinn afar vel en hún er 42 ára gömul. Hún eignaðist sitt þriðja barn í júlí síðastliðnum, dótturina Rosalindu Thurman-Busson, sem hún á með Arpad Busson en þau hafa verið saman með hléum frá árinu 2007.



**UMA** Leikkonan þykir með eindæmum ungleg og skýrir hún það með notkun á íslensku kremi og vatnsdrykkju.



**ÞAKKLÁTUR** Hugh Jackman er þakklátur eiginkonu sinni og segir hana hafa fært fleiri fórnir en hann.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Þakklátur eiginkonunni

Hugh Jackman lýsir eiginkonu sinni, Deborra-Lee Furness, sem stórkostlegustu leikkonu sem hann hafi á ævinni kynnst. Hann kveðst þakklátur fyrir stuðning hennar og vill að hún snúi brátt aftur á vinnumarkaðinn sjálf.

„Hjá okkur hefur fjölskyldan ávallt forgang, en ég er mjög meðvitaður um að Deb hefur fært fleiri fórnir en ég. Ég veit að hún mun snúa aftur í leiklistina og ég segi oft við hana: Þú verður að byrja að vinna aftur því þú ert of hæfileikarík til að gera það ekki," sagði Jackman í sjónvarpsviðtali við Katie Couric. Þegar hann var spurður hvort leiklistin geti haft slæm áhrif á sambandið segist Jackman kynna eiginkonu sína fyrir öllum mótleikkonum sínum áður en tökur hefjast.

„Margir spyrja mig: „Hvað finnst Deb um þetta?" Það sem ég geri er að ég býð öllum út að borða áður en tökur hefjast. Flestar mótleikkonur mínar verða hrifnari af Deb en mér," sagði hjartaknúsarinn.

## Ekki efni á sálfræðingi

Leikkonan Lindsay Lohan hefur ekki efni á sálfræðingi en hana langar að komast að hjá einum slíkum vegna nýs fangelsisdóms sem hún á nú yfir höfði sér. Frá þessu greinir vefsíðan Radar Online. „Lohan er í öngum sínum yfir að þurfa hugsanlega að fara aftur í fangelsi og vill leita sér hjálpar en hún hefur ekki efni á að fara til sálfræðings."



**LINDSAY LOHAN**

Lohan skuldar háar fjárhæðir, meðal annars er skatturinn á eftir henni, en á dögunum fékk hún peningagjöf frá Charlie Sheen sem kenndi í brjóst um vandræðagemlinginn. Lohan á yfir höfði sér nýjan fangelsisdóm vegna brota á skilorði, en undanfarin misseri hefur hún ítrekað verið tekin fyrir ölvun undir stýri, stuld og líkamsárásir.

# Saman eða í sundur?

### Selena Gomez og Justin Bieber hafa sést saman síðan sambandinu lauk.

Það er full vinna að fylgjast með sambandi Selenu Gomez og Justins Bieber þessa dagana. Eftir að staðfest var í byrjun nóvember að þau væru hætt saman sáust þau þó ítrekað saman, það fréttist af þeim að borða kvöldmat og eins sáust þau kyssast.

Nú á Selena þó að hafa fengið alveg nóg eftir að Justin tók upp á því að vingast við fyrrverandi kærasta hennar, Nick Jonas, í borðtennisleik.

Hún á í kjölfarið að hafa sagt sambandi þeirra endanlega lokið.



**ENDANLEGA LOKIÐ** Selena Gomez á nú að hafa fengið sig fullsadda á Justin í eitt skipti fyrir öll.
NORDICPHOTOS/AFP





**Í FRÍI** Vilanova hverfur úr sviðsljósinu næstu vikurnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Aðgerðin gekk vel

**FÓTBOLTI** Hinn 44 ára gamli þjálfari Barcelona, Tito Vilanova, gekkst í gær undir aðgerð vegna krabbameins. Félagið tilkynnti í gær að aðgerðin hefði gengið vel.

Þetta er önnur krabbameinsaðgerð þjálfarans á rúmu ári en hann var einnig skorinn upp í nóvember á síðasta ári.

„Aðgerðin gekk vel en það mun skýrast síðar hvenær hann snýr aftur. Sjúklingurinn hefur óskað þess að hann fái frið í veikindum sínum og að trúnaður sé um stöðu meðferðar," segir í yfirlýsingu frá Barcelona.

Vilanova fer nú í lyfja- og geislameðferð sem áætlað er að muni taka sex vikur. Hvernig heilsan verður eftir þá meðferð mun koma í ljós síðar.

Á meðan Vilanova er fjarverandi mun aðstoðarmaður hans, Jordi Roura, stýra Barcelona-liðinu. - hbg

## Aníta bætti eigið met

**FRJÁLSAR** Aníta Hinriksdóttir, hlaupakona úr ÍR, bætti eigið Íslandsmet í 600 metra hlaupi innanhúss á Jólamóti ÍR sem fram fór í Laugardalshöll í gær.

Aníta kom í mark á tímanum 1:27,73 sekúndur og bætti ársgamalt Íslandsmet sitt um tæpar fimm sekúndur.

Þetta er annað Íslandsmet Anítu á fimm dögum því hún bætti 34 ára gamalt Íslandsmet í 1000 metra hlaupi innanhúss á sunnudaginn.

# Phelps valinn sá besti í ár

AP-fréttastofan hefur valið sundkappann Michael Phelps íþróttamann ársins. Þetta er í annað sinn sem Phelps fær þessi eftirsóttu verðlaun. LeBron James varð annar. Phelps reynir fyrir sér í golfi þessa dagana.

**ÍÞRÓTTIR** AP-fréttastofan er byrjuð að verðlauna bestu íþróttamenn og þjálfara ársins. Útnefningar fréttastofunnar eru virtar enda stendur valinkunnt fólk á bak við kosningarnar.

Sundkappinn Michael Phelps hefur verið útnefndur íþróttamaður ársins árið 2012 hjá AP en hann lagði sundskýluna á hilluna eftir ÓL í London í sumar. Hann steig upp úr lauginni sem frægnasti íþróttamaður í sögu Ólympíuleikanna.

„Það er eiginlega bilað að hugsa um allt sem ég hef afrekað og gengið í gegnum. Ég hef haft síðustu mánuði til þess að setjast niður og átta mig á þessu öllu. Ég verð hreinlega fyrir áfalli stundum," sagði Bandaríkjamaðurinn ótrúlegi sem vann fjögur gull og tvö silfur á ÓL í London.

Phelps hlaut nú þessi verðlaun í annað sinn en hann fékk aðeins fleiri atkvæði en körfuboltamaðurinn LeBron James. Spretthlauparinn Usain Bolt varð síðan í þriðja sæti.

Þetta er mikill heiður fyrir Phelps því aðeins Carl Lewis, Tiger Woods, Lance Armstrong og Michael Jordan hafa hlotið þessi verðlaun oftar en einu sinni.

„Þetta er auðvitað mikið afrek því það er til svo ótrúlegt íþróttafólk úti um allan heim. Að fá svona verðlaun toppar algjörlega ferilinn hjá mér."



**LIÐTÆKUR** Phelps reynir nú fyrir sér í golfi. NORDICPHOTOS/GETTY



**ENGUM LÍKUR** Michael Phelps skrifaði íþróttasöguna á árinu sem nú er að líða. Hans afrek verða seint leikin eftir enda einstök. NORDICPHOTOS/GETTY

Phelps er aðeins 27 ára gamall og enginn hefur unnið fleiri gullverðlaun en hann í sögu Ólympíuleikanna eins og áður segir. Phelps á 18 gullverðlaunapeninga og 22 verðlaun frá ÓL í heild sinni. Hvoru tveggja met sem líklega verða seint slegin enda enginn íþróttamaður nálægt þessu meti hans.

„Þetta er nákvæmlega það sem ég vildi afreka á mínum ferli. Ég get alltaf verið stoltur af þessum árangri."

Phelps er gríðarlega hæfileikaríkur íþróttamaður og hann hefur nú ákveðið að helga sig golfíþróttinni. Hann er að vinna með einum þekktasta þjálfara heims, Hank Haney, og er samstarf þeirra tekið upp og verða gerðir þættir um þá félaga á Golf Channel. Phelps var einmitt á leiðinni út á golfvöll með Haney þegar hringt var í hann og honum tilkynnt um verðlaunin frá AP.

Afrek hans í sundlauginni gerðu heilmikið fyrir sundíþróttina. Sprengja varð í þátttöku barna, auglýsendur tóku við sér sem aldrei fyrr og áhorf á sundkeppnir jókst upp úr öllu valdi þegar hann var í lauginni.

Phelps vann AP-verðlaunin síðast árið 2008 er hann vann átta gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Peking. Þá sló hann met Mark Spitz yfir flest gullverðlaun á einum leikum.

Við tókum erfiðir tímar hjá sundkappanum. Eftir áralanga þjálfun ákvað hann að prófa að lifa lífinu. Ímynd hans varð þá fyrir miklum skaða þegar náðist mynd af honum reykja kannabis í teiti. Hann var lengi að koma sér í gang og æfa eins og maður fyrir leikana í London.

Löngunin í að verða einn besti íþróttamaður allra tíma varð yfirsterkari og hann fór til London og náði þeim árangri sem hann alltaf ætlaði sér. henry@frettabladid.is

### Íþróttafréttir ársins árið 2012

AP-fréttastofan hefur birt lista yfir stærstu íþróttafréttir ársins.

**1. PENN STATE.** Hinn goðsagnakenndi þjálfari Penn State-háskólans, Jerry Sandusky, reyndist vera barnaníðingur. Hinn 68 ára gamli Sandusky var dæmdur í 30-60 ára fangelsi fyrir brot sín.

**2. LANCE ARMSTRONG.** Hjólreiðakappinn reyndist vera svindlari og svindlið var skipulagt. Hann hefur misst alla Tour de France-titlana.

**3. NFL OFBELDI.** Sannað var að lið New Orleans Saints hefði greitt leikmönnum aukalega fyrir að meiða lykilmenn andstæðinganna.

**4. HEILAHRISTINGAR Í NFL.** Þúsundir fyrrum leikmanna NFL-deildarinnar hafa lögsótt deildina fyrir að vernda sig ekki nógu vel.

**5. ÓL Í LONDON.** Þóttu einstaklega vel heppnaðir.

Íslensk Panettone
Einn af jólagladningum Heilsuhússins
Fæst með rúsínum og sultuðum appelsínum, með súkkulaði og hrein - Pandoro.



Lífrænt hráefni
- Skemmtileg nýjung í jóla- og áramótaveislur
náttúrulega heilsuhúsið
Laugavegi • Kringlunni • Smáratorgi • Lágmúla • Akureyri • Selfossi

# Liverpool á leiðinni til Rússlands

Athyglisverðir leikir á dagskránni í 32 og 16 liða úrslitum Evrópudeildar UEFA.

**FÓTBOLTI** Liverpool fær erfitt verkefni í 32 liða úrslitum Evrópudeildar UEFA en liðið mætir hinu moldríka rússneska liði Zenit St. Pétursborg.

Það logar reyndar allt stafna á milli hjá Zenit þessa dagana í kjölfar þess að stuðningsmenn liðsins hafa krafist þess að liðið losi sig við alla leikmenn sem ekki eru hvítir á hörund. Þeir hafa einnig tekið sérstaklega fram að þeir vilji ekki sjá neina samkynhneigða í liðinu heldur, þó svo að ekki sé vitað til þess að neinn leikmanna liðsins sé hommi.

Þar sem Evrópumeistarar Chelsea lentu aðeins í þriðja sæti í sínum riðli í Meistaradeildinni fara þeir í 32 liða úrslit Evrópudeildarinnar. Chelsea fær þar slag gegn Sparta Prag og handan við hornið gæti Ajax beðið.

Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Tottenham fá erfitt verkefni, en þeir mæta franska liðinu Lyon og komist liðið áfram er líklegt að ítalska liðið Inter bíði.

„Lyon er frábær andstæðingur. Þetta er ein af rimmum umferðarinnar," sagði Andre Villas-Boas, stjóri Tottenham.

„Okkar rimma sem og rimma Liverpool og Zenit eru eins og Meistaradeildarrimmur. Það er mikilvægt fyrir þessa keppni að fá svona slag. Við erum lið sem vill komast í Meistaradeildina og við þá þurfum við að venjast því að spila við lið eins og Lyon sem hefur mikla reynslu í Meistaradeildinni og er gríðarlega sterkt."



**ÁFRAM GAKK** Liverpool ætlar sér stóra hluti í Evrópudeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrri leikirnir í 32 liða úrslitunum fara fram 14. febrúar og seinni leikirnir viku síðar. Sextán liða úrslitin verða aftur á móti spiluð 7. og 14. mars næstkomandi. - hbg

### 32 liða úrslit:

BATE - Fenerbahce
Inter - CFR Cluj
Levante - Olympiakos
Zenit St. Pétursborg - Liverpool
Dynamo Kiev - Bordeaux
Bayer Leverkusen - Benfica
Newcastle - Metalist
Stuttgart - Genk
Atletico Madrid - Rubin Kazan
Ajax - Steaua Búkarest
Basel - Dnipro
Anzhi - Hannover
Sparta Prag - Chelsea
Borussia Mönchengladbach - Lazio
Tottenham - Lyon
Napoli - Victora Plzen

### 16-liða úrslit:

Napoli - Victoria Plzen / Bate - Fenerbahce
Leverkusen - Benfica / Dynamo Kiev - Bordeaux
Anzhi - Hannover 96 / Newcastle - Metalist
Stuttgart - Genk / Mönchengladbach - Lazio
Tottenham - Lyon / Inter - CFR Cluj
Levante - Olympiacos / A. Madrid - Rubin Kazan
Basel - Dnipro / Zenit - Liverpool
Ajax - Steaua Búkarest / Sparta Prag - Chelsea


Panasonic
50"
VILDARVERÐ
VILD
SÉRTILBOÐ FYRIR FÉLAGA Í VILD
50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM
Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum.
Panasonic TXL50EM5
50" FHD 1080p LED sjónvarp með Vreal Engine. High Contrast filter. Game mode. 24p Smooth Film/Play Back. DVB-T/C stafrænn móttakari. USB, Scart, 2 HDMI, Component CI rauf, Composite, RCAHeyrnatólstengi, Optical út o.fl.
Panasonic TXL50EM5
199.990
FULLT VERÐ 249.990
Góðar gjafir og Gleðileg Jól
MYNDARAMMAR
INTENSO
Intenso Photomodel 7
Stafrænn 7" myndarammi með 800x600 punkta upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum. Skyggnusýningar.
VERÐ 12.990
MP3 SPILARAR
SanDisk
Sandisk Clip+2GB
Sansa MP3 spilari með 4GB minni, diktafóni, USB 2, OLED skjá og útvarpi með 40 minnum. MicroSD/SDHC kortarauf. 15 klst.á hleðslurafhlöðu.
VERÐ 12.990
HÁTALARAR
Bluetooth
JBL
JBL ONBEATAWAKEBLACK
Hátalalari með iPad / iPod / iPhone vöggu og 10w D klassa magnara. Bluetooth með HARMAN TrueStream. Vekjari. Spennibreytir og fjarstýring fylgir.
VERÐ 24.990
BLU-RAY SPILARAR
Panasonic
DVD VIDEO
Blu-ray Disc
Panasonic DMPBD75
Vandaður Blu-ray/DVD spilari á ótrúlegu tilboði. Nú er tækifærið til að skipta DVD spilaranum í Blu-ray spilara.
VERÐ 24.990
HEIMABÍÓ
SOUNDBAR
JBL by HARMAN
JBL SB100
Glæsilegt 60w SoundBar heimabíókerfi með Dolby Digital. HARMAN Display Surround. Bass Boost. RCA og Optical tengi. Lærir á fjarstýringu sjónvarpsins. Má festa á vegg.
VERÐ 39.990
SLR MYNDAVÉLAR
Þráðlaust tengi fylgir. Verðmæti 11.990
WU-1a
Nikon
Nikon D3200KIT1855VR
SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400, 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.
Nikon SCHOOL
Íslenskur leiðarvísir og 2,5 klst. ljósmyndanámskeið fylgir. Einnig fáanleg með öðrum linsum.
VERÐ 129.990
SM.IS
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Ronaldo mætir á kunnuglegar slóðir

Cristiano Ronaldo mun snúa aftur á Old Trafford á næsta ári en það varð ljóst í gær eftir að Real Madrid dróst á móti Manchester United í risaleik sextán liða úrslita Meistaradeildarinnar. Barcelona mætir liði AC Milan og Arsenal lenti á móti Bayern München.

**FÓTBOLTI** Nokkur af frægustu liðum fótboltans lentu saman í gær þegar dregið var í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu, en leikirnir verða í febrúar og mars á næsta ári. Það þarf því ekki að velta lengi fyrir sér hvaða viðureignir munu stela sviðsljósinu þegar útsláttarkeppnin fer af stað.

Stærsti leikurinn er án nokkurs vafa viðureign spænsku meistaranna í Real Madrid og Manchester United, efsta liðsins í ensku úrvalsdeildinni, og þetta verða sérstakir leikir fyrir stærstu stjörnu Real-liðsins.

Cristiano Ronaldo lék með Manchester United á árunum 2003 til 2009 og varð að einum besta fótboltamanni heims undir stjórn Sir Alex Ferguson. Hann var síðan seldur fyrir 80 milljónir punda til Real, þar sem hann hefur blómstrað enn frekar.

„Ég er viss um að þetta verður sérstakur leikur fyrir hann,“ sagði Emilio Butragueno, fulltrúi Real Madrid við útdráttinn.

**Sir Alex ætlar að panta góða vínflösku**

Umræðan í kringum leikinn mun einnig snúast um stjórana Jose Mourinho og Ferguson enda enginn búinn að gleyma rimmum þeirra þegar Mourinho stýrði Chelsea eða þegar Mourinho sló United út úr Meistaradeildinni þegar Portúgalinn var hjá Porto. Umræðan um Mourinho sem hugsanlegan eftirmann Sir Alex hefur einnig verið þrálát og setur enn meira krydd í aðdraganda leiksins.

„Þetta verður frábært tækifæri fyrir stuðningsmenn okkar að sjá Cristiano aftur og það er einnig gaman fyrir mig að hitta Jose. Ég mun panta eitthvert gott vín fyrir okkur,“ sagði Sir Alex Ferguson.

Bæði spænsku stórliðin fengu erfiða mótherja því Barcelona dróst á móti ítalska liðinu AC Milan. „Milan er eitt af stærstu félögum Evrópu og við berum fulla virðingu fyrir því. Það gengur kannski ekki alltof vel hjá Milan í deildinni en liðið er með frábæra leikmenn og fótboltinn breytist á hverjum degi,“ sagði Josep Maria Bartome, varaformaður Barcelona.

Þriðji risa-leikur sextán liða úrslitanna er síðan á milli Arsenal og Bayern München. „Við getum verið sáttir við þennan drátt en við megum alls ekki vanmeta þá,“ sagði Karl-Heinz Rummenigge, stjórnarmaður hjá Bayern, en Arsenal hefur verið í basli á leiktíðinni. Alla leikina í 16 liða úrslitunum, sem og alla leikdagana, má sjá hér til hliðar á síðunni.

ooj@frettabladid.is



CRISTIANO RONALDO

## 16 liða úrslit Meistaradeildarinnar

**12. febrúar og 6. mars**

- **Celtic** (Skotland) – Best: Vann 1967 / **Juventus** (Ítalía) – Vann 1985 og 1996
- **Valencia** (Spánn) – 2. sæti 2000 og 2001 / **Paris St.-Germain** (Frakkland) – Undanúrslit 1995

**13. febrúar og 5. mars**

- **Real Madrid** (Spánn) – Níu sinnum meistari / **Manchester United** (England) – Þrisvar sinnum meistari
- **Shaktar Donetsk** (Úkraína) – Fjórðungsúrslit 2011 / **Borussia Dortmund** (Þýskaland) – Vann 1997

**19. febrúar og 13. mars**

- **Arsenal** (England) – 2. sæti 2006 / **Bayern München** (Þýskaland) – Fjórum sinnum meistari
- **Porto** (Portúgal) – Tvisvar sinnum meistari / **Málaga** (Spánn) – Nýliði í keppninni

**20. febrúar og 12. mars**

- **Galatasaray** (Tyrkland) – Undanúrslit 1989 / **FC Schalke** (Þýskaland) – Undanúrslit 2011
- **AC Milan** (Ítalía) – Sjö sinnum meistari / **Barcelona** (Spánn) – Fjórum sinnum meistari





Skemmtilegu jólagjafirnar
BT
íslensk tónlist
2.499
Sverrir Bergmann
3.199
Stuðmenn í Hörpu
3.799
Megas
myndir
2.699
Steindinn okkar 3
2.699
Gói og baunagrasið
4.999
Frozen Planet
leikir
3.999
Q Force
10.999
Assassins Creed III
11.999
Farcry 3
ÖLLUM SJÓNVÖRPUM FYLGIR ÁSKRIFT AÐ SKJÁ EINUM Í 30 DAGA
32" 99.900
SAMSUNG
Samsung 32" LED EH4005
1366x768p - HD Ready
149.900 40"
199.900 46"
Full HD 1080
Samsung LED EH5005
1920x1080p - Full HD
SAMSUNG
249.900 40"
319.900 46"
449.900 55"
Full HD 1080
3D
Samsung bluetooth lyklaborð
Fylgir
Samsung LED 3D ES6575
1920x1080p - Full HD
heyrnartól
margar gerðir - verð frá 2.999
SKULL CANDY
SENNHEISER
Pioneer
29.900
AEG favola Plus Espresso Kaffivél
Ítalskt espresso kaffi beint í bollan
Notar LavAzza AMODO MIO Kaffi
24 LavAzza kaffihylki fylgja með
5.899
Blaupunkt útvarpsvekjari
Tvöföld vekjaraklukka
sýnir dagsetningu - 10 stöðva minni
7.899
Blaupunkt útvarpsvekjari
Með ljósvörpun
tvöföld vekjaraklukka
sýnir dagsetningu - 10 stöðva minni
11.899
Blaupunkt iClock 10
útvarpsvekjari
iPod vagga
ÖLLUM TÖLVUM FYLGIR NETFRELSI SKJÁS EINS Í 30 DAGA
15,6" SAMSUNG
123.900
Samsung 355E5C-S01
Skjár: 15.6" 1366x768 mattur
Örgjörvi: AMD Dual-Core E2-1800
Harður diskur: 500 GB SATA
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Windows 8
13,3" SAMSUNG
144.900
Samsung Series 5 - 535U3C-A04
Skjár: 13.3" 1366x768 LED
Örgjörvi: AMD DualCore A6-4455M
Harður diskur: 500GB
Vinnsluminni: 4 GB DDR3
Windows 8
15,6" SAMSUNG
248.900
Samsung Series 7 700Z5C-S03
Skjár: 15,6" HD LED 1600x900
Skjákort: NVIDIA GT640M 1GB
Örgjörvi: Intel i5 3210M 2.5Ghz
Harður diskur: 750GB SATA
Skemmtilegu jólagjafirnar fást í BT
Glæsilegur jólabæklingur
www.BT.is
BT Skeifunni - BT Glerártorgi - www.BT.is - s. 550-4444




## Hæsta framlag í leik í Dominosdeild karla

| | |
|---|---|
| 1. Haminn Quaintance, Skallagrímur | 28,0 |
| 2. Justin Shouse, Stjarnan | 27,9 |
| **3. Jón Ólafur Jónsson, Snæfell** | **26,8** |
| 4. Samuel Zeglinski, Grindavík | 26,5 |
| 5. Marcus Van, Njarðvík | 25,3 |
| 6. Benjamin Smith, Þór Þ. | 24,6 |
| 7. Michael Craion, Keflavík | 24,5 |
| 8. Aaron Broussard, Grindavík | 24,2 |
| 9. Jay Threatt, Snæfell | 24,0 |
| 10. George Valentine, Tindastóll | 23,8 |
| 11. Brian Mills, Stjarnan | 23,6 |
| 12. Darrel Keith Lewis, Keflavík | 22,5 |
| 13. Eric James Palm, ÍR | 22,2 |
| 14. Asim McQueen, Snæfell | 22,0 |
| 15. Marvin Valdimarsson, Stjarnan | 20,7 |
| 16. Drew Gibson, Tindastóll | 19,0 |
| 17. Carlos Medlock, Skallagrímur | 19,0 |
| 18. Sylverster Spicer, Fjölnir | 18,6 |
| 19. Nemanja Sovic, ÍR | 18,0 |
| 20. Brynjar Þór Björnsson, KR | 17,9 |
| 20. Sigurður Gunnar Þorsteinsson, Grindavík | 17,9 |





## Hæsta framlag í leik í Dominosdeild kvenna

| | |
|---|---|
| 1. Lele Hardy, Njarðvík | 32,5 |
| 2. Siarre Evans, Haukar | 31,6 |
| 3. Britney Jones, Fjölnir | 27,3 |
| 4. Crystal Smith, Grindavík | 25,8 |
| 5. Kieraah Marlow, Snæfell | 24,3 |
| 6. Patechia Hartman, KR | 18,4 |
| **7. Hildur Björg Kjartansdóttir, Snæfell** | **18,4** |
| 8. Sara Rún Hinriksdóttir, Keflavík | 18,1 |
| 9. Alda Leif Jónsdóttir, Snæfell | 17,6 |
| 10. Pálína Gunnlaugsdóttir, Keflavík | 15,9 |
| 11. Alberta Auguste, Valur | 15,8 |
| 12. Hildur Sigurðardóttir, Snæfell | 15,4 |
| 13. Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, KR | 14,9 |
| 14. Helga Rut Hallgrímsdóttir, Grindavík | 14,9 |
| 15. Bergdís Ragnarsdóttir, Fjölnir | 14,4 |
| 16. Jessica Ann Jenkins, Keflavík | 13,9 |
| 17. Kristrún Sigurjónsdóttir, Valur | 13,9 |
| 18. Helga Einarsdóttir, KR | 13,9 |
| 19. Salbjörg Sævarsdóttir, Njarðvík | 13,8 |
| 20. Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir, Keflavík | 13,2 |



**HAMINN QUAINTANCE HJÁ SKALLAGRÍMI** 20,8 stig, 10,9 fráköst og 4,6 stoðsendingar að meðaltali. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LELE HARDY HJÁ NJARÐVÍK** 28,3 stig, 19,1 frákast og 3,9 stoðsendingar að meðaltali í leik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Toppfólk körfunnar

Fréttablaðið rýnir í dag í tölfræði fyrri hluta Dominosdeildar karla og kvenna og skoðar hvaða leikmenn komust inn á topplistana í helstu tölfræðiþáttunum. Haminn Quaintance og Lele Hardy eru með hæsta framlagið í deildunum.

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleikssambandið tekur saman ítarlega tölfræði í leikjum sínum og er hægt að nálgast hana á heimasíðu KKÍ. Fréttablaðið hefur skoðað stöðu mála eftir fyrri hluta tímabilsins en hér fyrir neðan má finna helstu topplista deildanna tveggja.

Haminn Quaintance, framherjinn litríki hjá Skallagrími, er með hæsta framlagið í leik eftir tíu umferðir í Dominosdeild karla, en hann er rétt á undan þeim Justin Shouse hjá Stjörnunni og Jóni Ólafi Jónssyni í Snæfelli. Allir leiða þeir lista; Quaintance hefur stolið flestum boltum og varið flest skot, Justin er með flestar stoðsendingar og enginn hefur hitt betur úr þriggja stiga skotum en Jón Ólafur Jónsson.

Lele Hardy, spilandi þjálfari Njarðvíkurliðsins, er með hæsta framlagið í leik eftir fjórtán umferðir í Dominosdeild kvenna en næst á eftir henni er Siarre Evans hjá Haukum. Hinar ungu Hildur Björg Kjartansdóttir hjá Snæfelli og Sara Rún Hinriksdóttir hjá Keflavík eru efstar af íslensku leikmönnum deildarinnar. Hardy er allt í öllu hjá Njarðvík en hún er meðal efstu leikmanna í stigum (3. sæti), fráköstum (2. sæti), stoðsendingum (7. sæti) og stolnum boltum, þar sem hún er efst.

ooj@frettabladid.is

## DOMINOS-DEILD KARLA

### FLEST STIG

| | |
|---|---|
| 1. Eric James Palm, ÍR | 26,0 |
| 2. Benjamin Smith, Þór Þ. | 25,0 |
| 3. Justin Shouse, Stjarnan | 24,0 |
| 4. Samuel Zeglinski, Grindav. | 23,9 |
| 5. Carlos Medlock Skallagr. | 23,8 |
| 6. Jón Ólafur Jónss., Snæfell | 22,9 |
| 7. Aaron Broussard Grindav. | 22,9 |
| 8. Momcilo Latinovic, KFÍ | 21,2 |
| 9. Haminn Quaintance, Skall. | 20,8 |
| 10. Michael Craion, Keflavík | 19,7 |

### FLEST FRÁKÖST

| | |
|---|---|
| 1. Marcus Van, Njarðvík | 16,0 |
| 2. Michael Craion, Keflavík | 12,9 |
| 3. Haminn Quaintance, Skall. | 10,9 |
| 4. Brian Mills, Stjarnan | 10,3 |
| 5. Sylverster Spicer, Fjölnir | 10,1 |

### FLESTIR STOLNIR BOLTAR

| | |
|---|---|
| 1. Haminn Quaintance Skall. | 3,38 |
| 2. Darri Hilmarsson Þór Þ. | 2,60 |
| 3. Nigel Moore Njarðvík | 2,40 |
| 4. Guðmundur Jónss.,Þór Þ. | 2,33 |
| 5. Aaron Broussard Grindav. | 2,30 |

### FLESTAR STOÐSENDINGAR

| | |
|---|---|
| 1. Justin Shouse, Stjarnan | 10,0 |
| 2. Jay Threatt, Snæfell | 9,9 |
| 3. Drew Gibson, Tindastóll | 8,2 |
| 4. Samuel Zeglinski, Grindavík | 7,5 |
| 5. Benjamin Smith, Þór Þ. | 5,3 |

### BESTA 3JA STIGA NÝTING

| | |
|---|---|
| 1. Jón Ólafur Jónss. Snæfell | 59,2% |
| 2. Momcilo Latinovic KFÍ | 54,2% |
| 3. Eric James Palm ÍR | 52,2% |
| 4. Darri Hilmarsson Þór Þ. | 50,0% |
| 5. Björn Steinar, Grindavík | 47,8% |

### BESTA VÍTANÝTING

| | |
|---|---|
| 1. Eric James Palm ÍR | 94,6% |
| 2. Samuel Zeglinski Grind. | 92,7% |
| 3. Justin Shouse, Stjarnan | 92,4% |
| 4. Momcilo Latinovic, KFÍ | 91,3% |
| 5. Brynjar Þór Björnss., KR | 91,2% |



## DOMINOS-DEILD KVENNA

### FLEST STIG

| | |
|---|---|
| 1, Britney Jones, Fjölnir | 30,9 |
| 2, Crystal Smith, Grindavík | 28,3 |
| 3, Lele Hardy, Njarðvík | 28,3 |
| 4, Siarre Evans, Haukar | 22,2 |
| 5, Kieraah Marlow, Snæfell | 19,8 |
| 6, Sigrún Ámundadóttir, KR | 16,8 |
| 7, Pálína Gunnlaugsd,, Kef, | 16,8 |
| 8, Kristrún Sigurjónsd,, Valur | 16,6 |
| 9, Patechia Hartman, KR | 15,7 |
| 10, Jessica Jenkins, Keflavík | 15,6 |

### FLEST FRÁKÖST

| | |
|---|---|
| 1, Siarre Evans, Haukar | 19,3 |
| 2, Lele Hardy, Njarðvík | 19,1 |
| 3, Helga Rut Hallgrímsd,, Gri, | 10,6 |
| 4, Kieraah Marlow, Snæfell | 10,4 |
| 5, Fanney Lind Guð,, Fjölnir | 9,9 |

### FLESTIR STOLNIR BOLTAR

| | |
|---|---|
| 1, Lele Hardy, Njarðvík | 4,93 |
| 2, Crystal Smith, Grindavík | 4,90 |
| 3, Alberta Auguste, Valur | 4,29 |
| 4, Pálína Gunnlaugsd,, Keflav, | 3,50 |
| 5, Patechia Hartman, KR | 3,29 |
| 5, Gunnhildur Gunn,, Hauk, | 3,29 |

### FLESTAR STOÐSENDINGAR

| | |
|---|---|
| 1, Hildur Sigurðard,, Snæ, | 6,14 |
| 2, Patechia Hartman KR | 5,64 |
| 3, Britney Jones Fjölnir | 5,54 |
| 4, Crystal Smith Grindavík | 5,00 |
| 5, Alda Leif Jónsdóttir Snæ, | 4,21 |

### BESTA 3JA STIGA NÝTING

| | |
|---|---|
| 1, Alda Leif Jónsd,, Snæfell | 42,2% |
| 2, Jessica Jenkins, Keflavík | 38,1% |
| 3, Britney Jones Fjölnir | 35,0% |
| 4, Pálína Gunnlaugsd,, Kef, | 33,9% |
| 5, Margrét Rósa, Haukar | 33,3% |

### BESTA VÍTANÝTING

| | |
|---|---|
| 1, Britney Jones, Fjölnir | 90,29% |
| 2, Margrét Rósa, Haukar | 86,2% |
| 3, Hildur Björg Kjartansd, | 85,7% |
| 4, Jessica Jenkins, Keflavík | 82,1% |
| 5, Crystal Smith, Grindavík | 81,1% |



# HREYSTI *Jól*

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 24 ár
1988 - 2012

*Með magninnkaupum getum við nú boðið verð á líkamsræktarvörum sem ekki hafa sést áður. ATH. Takmarkað magn.*

***Kíktu á nýja og glæsilega heimasíðu www.hreysti.is***



SLENDERTONE SYSTEM ABS+
TILBOÐSVERÐ KR. 29.995.-
20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum
Verð áður kr. 34.995.-



TRX PRO -TILBOÐSVERÐ KR. 29.995.-
Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun
Verð áður kr. 39.995.-



TRIGGERPOINT NUDDRÚLLA
KR. 7.995.- Verð áður kr. 9.990.-
Með DVD kr. 9.995.-
Verð áður kr. 11.995.-



KULAE - HOT YOGA PAKKI
Yogadýna og handklæði
Verð frá kr.9.995.-



GYMBOSS
TÍMASTJÓRNUNARTÆKI / SKEIÐKLUKKA O.FL.
KR. 3.995.-
Frábært fyrir æfingar, hlaup, líkamsræktina o.fl.



REEBOK TRAMPOLIN
KR. 19.995.-

ROPE YOGA BEKKUR
**TILBOÐSVERÐ**
VERÐ KR. 59.900.-
Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun

ROPE YOGA FERÐASETT
**TILBOÐSVERÐ** VERÐ KR. 19.990.-
ROPEYOGA FERÐASETT+DÝNA
**TILBOÐSVERÐ** KR. 29.990.-



Gefðu fjölskyldunni bestu jólagjöfina



Life Fitness
VANDAÐ LIFEFITNESS HLAUPABRETTI
KR. 445.000.-



TIGER TAIL NUDDSTÖNG
KR. 3.995.- Verð áður kr. 5.995.-
- Tekur lítið pláss í íþróttatöskunni
- Sterkbyggt tæki með góða endingu
- Hjálpar vöðvum að ná sér og dregur úr hættu á meiðslum



HREYSTI BÓMULLARFATNAÐUR
T-BOLIR HERRA OG DÖMU
KR. 2.995.-

HETTUPEYSUR
TILBOÐSVERÐ KR. 4.995.-

HETTUPEYSUR RENNDAR
TILBOÐSVERÐ KR. 4.995.-

Frábært fyrir æfingar, hlaup, líkamsræktina o.fl.



50 kg. lóðasett
kr. 29.995.-
Verð áður kr. 39.995.-

20 kg. lóðasett
kr. 11.995.-
Verð áður kr. 14.995.-

YORK Sippubönd
Verð frá kr. 995.-

IronGym armbeygjustandar
kr. 4.995.-
Armbeygjustandar MAX
kr. 7.995.-

IRON GYM
IronGym æfingatæki, ótrúlega margir æfingamöguleikar, einfalt og öruggt

3,6 kg. handlóðasett
kr. 1.995.-
Verð áður kr. 3.990.-

Tæki til heimaþjálfunar
kr. 6.995.-
Verð áður kr. 8.995.-

Úrval af POLAR púlsmælum
Verð frá kr. 11.995.-

Skemmtileg jólagjöf
Boxpúði + Hanskar + Sippuband
kr. 14.995.-

Stórir boxpúðar
Verð frá kr. 12.995.-

YORK lakkaðar ketilbjöllur
4-32 kg

Verðdæmi:
4 kg. kr. 2.995.-
8 kg. kr. 5.995.-
12 kg. kr. 8.995.-
16 kg. kr. 11.995
20 kg. kr. 14.995.-

**Opið**

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 19.des. | kl. 10-18 |
| Fimmtudagur 20.des. | kl. 10-18 |
| Föstudagur 21.des | kl. 10-18 |
| Laugardagur 22.des | kl. 10-22 |
| Sunnudagur 23.des | kl. 10-23 |
| Mánudagur 24.des | kl. 10-12 |

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.20
### The X-Factor

Það er komið að stóru stundinni í hæfileikakeppninni The X-Factor. Úrslitaþátturinn var sýndur í beinni útsendingu sl. nótt og er nú aftur á dagskrá á hefðbundnum tíma. Valið stendur á milli þriggja keppenda og hlýtur sigurvegarinn 5 milljónir dollara í verðlaun.



## Í KVÖLD



### The Secret Circle

**POPPTÍVÍ KL. 20.15** Fyrsta þáttaröðin um ævintýri Cassie, sem flyst til fjölskyldu í smábænum Chance Harbor þegar móðir hennar deyr. Þar kemst hún að því að hún er ein af nokkrum unglingsstúlkum sem eru af nornum komnar og búa yfir óvenjulegum hæfileikum. Þættirnir eru byggðir á bókum L.J. Smith.

METACRITIC 55/100 IMDb 7,5



### Die Hard

**STÖÐ 2 KL. 22.35** Fyrsta myndin um hörkutólið John McClane sem er leikinn af eilífðartöffaranum Bruce Willis. McClane er staddur í jólapartíi í skýjakljúfi þegar glæpamenn gera þar atlögu. Þeir sjá fljótt eftir því að velja eiginkonu hans sem gísl. Klassísk jólamynd frá 1988 sem sýnd er í háskerpu.

Rotten Tomatoes 94% IMDb 8,3



### Thor

**RÚV KL. 21.40** Kyntröllið Chris Hemsworth leikur hér hrokafulla stríðsguðinn Þór. Sá er gerður útlagi úr Ásgarði af föður sínum, Óðni, leikinum af sjálfum Anthony Hopkins. Hann fer til að lifa meðal mannfólksins á jörðinni og þegar hann fellur fyrir Jane Foster, leikinni af Natalie Portman, breytist allt.

Rotten Tomatoes 77% IMDb 7,0

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hvað er stjórnun? **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**12.00 Maður og jörð – Fjöllin - Líf í þunnu lofti** *(5:8) (Human Planet) (e)*
**12.50 Maður og jörð - Á tökustað** *(5:8) (Human Planet: Behind the Lens) (e)*
**13.05 Kexvexmiðjan** *(5:6)*
**13.35 Njósnari** *(5:6) (Spy) (e)*
**14.00 Wallis og Játvarður** *(Wallis & Edward)*
**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.37 Jól í Snædal**
**18.02 Turnverðirnir** *(8:10)*
**18.15 Hrúturinn Hreinn**
**18.25 Í fyrsta sæti er ... - Söngkeppni framhaldsskólanna** *(e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Á tali við Hemma Gunn** Gestur þáttarins er Kristján Jóhannsson.
**20.30 Útsvar** Að þessu sinni mætast lið Fjarðabyggðar og Garðabæjar.
**21.40 Þór** *(Thor)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.35 Dráparinn – Vélræði dauðans** *(5:6) (Den som dræber: Dødens kabale)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.05 Hvítar gellur** *(White Chicks)*
**02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.05 Adam**
**11.45 Ævintýraeyja Ibba**
**13.05 Fame**
**15.05 Adam**
**16.45 Ævintýraeyja Ibba**
**18.05 Fame**
**20.10 Limitless**
**22.00 The Imaginarium of Doctor Parnassus**
**00.10 Second Sight**
**01.40 Limitless**
**03.30 The Imaginarium of Doctor Parnassus**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(17:22)*
**08.30 Ellen** *(66:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(49:175)*
**10.15 Til Death** *(5:18)*
**10.40 Two and a Half Men** *(2:16)*
**11.05 Masterchef USA** *(8:20)*
**11.50 The Kennedys** *(2:8)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Jólaréttir Rikku**
**13.40 Nothing Like the Holidays** Fyndin, hugljúf og skemmtileg mynd um jólahald stórrar og líflegrar fjölskyldu frá Púertó Ríkó í Chicago.
**15.25 Waybuloo**
**15.45 Tasmanía**
**16.10 Ævintýri Tinna**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.00 Nágrannar**
**17.25 Ellen** *(67:170)*
**18.10 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(21:24)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)*
**19.55 Týnda kynslóðin** *(15:24)* Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti.
**20.20 The X-Factor** *(26:27)* Það er komið að glæsilegum endaspretti hjá þessu hæfileikaríka fólki sem hefur allt að vinna og engu að tapa. Simon Covell, Britney Spears, L.A. Reid og Demi Lovato hafa fylgt þeim í gegnum þættina.
**21.05 The X-Factor** *(27:27)* Úrslitaþáttur
**22.35 Die Hard**
**00.45 Being John Malkovich** Craig Schwartz fær vinnu á undarlegum stað og uppgötvar göng bak við skjalaskáp nokkurn og lendir umsvifalaust inni í vitund kvikmyndaleikarans Johns Malkovich og dvelur þar í 15 mínútur.
**02.35 Nothing Like the Holidays**
**04.15 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)*
**04.40 Two and a Half Men** *(2:16)*
**05.05 Týnda kynslóðin** *(15:24)*
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.10 Spænsku mörkin**
**17.40 Þýski handboltinn: Lübbecke - Flensburg**
**19.05 HM 2011: Frakkland - Svíþjóð** Útsending frá leik í undanúrslitum.
**20.30 NBA: Oklahoma - Miami** Útsending frá öðrum leik liðanna í úrslitaeinvígi NBA.
**22.25 UFC 120**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.15 Sunnudagsmessan**
**17.30 Liverpool - Aston Villa**
**19.10 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
**19.40 Blackpool - Wolves** BEINT
**21.45 Premier League Preview Show 2012/13** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna og spáð í spilin fyrir leikina sem eru fram undan.
**22.15 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**22.45 Blackpool - Wolves**
**00.25 Premier League Preview Show 2012/13**
**00.55 Newcastle - Man. City**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Elías**
**09.25 Strumparnir**
**09.45 Latibær** *(1:18)*
**10.10 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**16.50 Villingarnir**
**17.15 Tricky TV** *(22:23)*
**17.40 Njósnaskólinn** *(1:13)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(18:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(8:25)*
**19.00 Friends** *(18:24)*
**19.25 Simpson-fjölskyldan** *(3:23)*
**19.50 How I Met Your Mother** *(17:20)* Í þessari þriðju seríu af gamanþáttunum komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynntist móður barnanna sinna.
**20.15 The Secret Circle** *(18:22)*
**21.00 Pretty Little Liars** *(19:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur.
**21.45 Friends** *(18:24)*
**22.10 The Vampire Diaries** *(18:22)* Unglingsstúlka fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**22.55 Sons of Anarchy** *(5:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.
**23.40 The Secret Circle** *(18:22)*
**00.25 Pretty Little Liars** *(19:25)*
**01.10 The Vampire Diaries** *(18:22)*
**01.55 Sons of Anarchy** *(5:13)*
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## STÖÐ 2 GULL

**18.10 Doctors** *(96:175)*
**18.55 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(21:24)*
**19.00 Ellen** *(67:170)*
**19.45 Það var lagið**
**20.45 Idol-Stjörnuleit**
**22.15 Idol-Stjörnuleit**
**22.50 Entourage** *(9:12)*
**23.20 Það var lagið**
**00.20 Idol-Stjörnuleit**
**01.50 Idol-Stjörnuleit**
**02.25 Entourage** *(9:12)*
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.35 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Top Chef** *(3:15) (e)*
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Survivor** *(7:15) (e)*
**19.00 Running Wilde** *(5:13) (e)*
**19.25 Solsidan** *(5:10) (e)*
**19.50 America's Funniest Home Videos** *(41:48) (e)*
**20.15 America's Funniest Home Videos** *(10:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.40 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Pátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Það eru konur sem eru í aðalhlutverkum í þetta kvöldsins.
**21.25 The Voice** *(15:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki. Dómarar þáttarins eru þau: Christina Aguilera, Adam Levine, Cee Lo Green og Blake Shelton. Loks er komið að úrslitakvöldinu sem allir sannir aðdáendur þessara frábæru þátta hafa beðið eftir. Nú kemur loks í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari.
**00.05 Excused**
**00.30 House** *(14:23) (e)*
**01.20 CSI: New York** *(18:18) (e)*
**02.10 A Gifted Man** *(16:16) (e)*
**03.00 Last Resort** *(5:13) (e)*
**03.50 CSI** *(10:23) (e)*
**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.50** Ryder Cup Official Film **1999 10.25** US Open **2012** *(2:4)* **16.00** World Tour Championship **2012** *(2:4)* **21.00** World Challenge **2012** *(2:4)* **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Eldað með Holta **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Sony Center

www.sonycenter.is

Opið til kl. 19
alla daga til jóla

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM







**FRÁBÆRT VERÐ**
32" MOTIONFLOW SJÓNVARP KDL32EX343
- HD READY 1366 x 768 punktar
- Motionflow X-Reality myndvinnslukerfi
- EDGE LED baklýsing
- Stafrænn móttakari

Tilboð 119.990.- Verð áður 129.990.-




**GLÆSILEG ÖRÞUNN HÖNNUN**
42" MOTIONFLOW SJÓNVARP KDL42EX443
- Full HD 1920 x1080 punktar
- Motionflow X-Reality myndvinnslukerfi
- EDGE LED baklýsing
- Stafrænn móttakari

Tilboð 169.990.- Verð áður 179.990.-




**5 STJÖRNU VERÐLAUNAHAFI**
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP KDL40HX755
- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing
- Opera netvafri innbyggður

Tilboð 209.990.- Verð áður 249.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645

12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN*
*3,25% lántökugjald og 320 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.



TAKTU ÞÁTT Í **LEIKNUM** Á FACEBOOK!

**OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER**

| | |
|---|---|
| FÖSTUD. 21. DES. | 10.00–22.00 |
| LAUGARDAGUR 22. DES. | 10.00–22.00 |
| ÞORLÁKSMESSA 23. DES. | 12.00–23.00 |
| AÐFANGADAGUR 24. DES. | 10.00–12.00 |
| JÓLADAGUR 25. DES. | LOKAÐ |
| ANNAR Í JÓLUM 26. DES. | LOKAÐ |
| GAMLÁRSDAGUR 31. DES. | LOKAÐ |
| NÝÁRSDAGUR 1. JAN. | LOKAÐ |

# **ÚRVAL** GJAFA FYRIR **ÚTIVISTINA**

PIPAR\TBWA • SÍA • 123298



**COLEMAN** HITABRÚSI **0,75 L.**
Léttur hitabrúsi með tvöfalda einangrun.
**3.990 KR.**



**CAMPINGAZ** GASHELLA
Fyrir einnota kút.
**2.490 KR.**



24% AFSLÁTTUR

**COLEMAN** FJÖLLITA HÖFUÐLJÓS
**5.300 KR.**
FULLT VERÐ 6.990 KR.



**COLEMAN** LED VASALJÓS
**2.490 KR.**



**COLEMAN** TRACK
Lítill og nettur svefnpoki.
**5.990 KR.**



**BERGANS** MITTISTASKA
Svört.
**7.490 KR.**



**ABU** ABUMATIC JUNIOR VEIÐISETT
**3.990 KR.**



**VEIÐIKASSI**
**3.890 KR.**



22% AFSLÁTTUR

**SCOTT** SKÍÐA-/VÉLSLEÐA-GLERAUGU
Hvít/gul/rauð.
**6.990 KR.**
FULLT VERÐ 8.990 KR.



22% AFSLÁTTUR

**SCOTT** SKÍÐA-/VÉLSLEÐAVETTLINGAR
Svartir.
**6.990 KR.**
FULLT VERÐ 8.990 KR.



**ICEWEAR** HNÉHÁIR ULLARSKOKKAR
Nokkrir litir.
**3.490 KR.**



**VARMA** ULLARHÚFA
Nokkrir litir.
**3.490 KR.**



**VARMA** ULLARVETTLINGAR
Nokkrir litir.
**2.990 KR.**



**ICEWEAR** HÚFA
Nokkrir litir.
**3.795 KR.**



**VARMA** HRINGTREFILL
Nokkrir litir.
**6.490 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 •
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **ellingsen.is**

Munið gjafabréfin!




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

HELGIN



**„Á föstudaginn ætla ég að DJ-a á splunkunýjum skemmtistað sem heitir Harlem, og svo spila ég með Retro Stefson í Sjallanum á Akureyri á laugardagskvöldið.“**

Sveinbjörn Thorarensen tónlistarmaður, betur þekktur sem Hermigervill, er tilnefndur sem upptökustjóri ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.

# Með hjartað í buxunum meðan á tökum stóð

## Arnór Pálmi Arnarson leikstýrir þriðju syrpu gamanþáttanna Hæ Gosi sem sýnd verður á nýju ári.

Þriðja syrpan af gamanþáttunum Hæ Gosi verður frumsýnd á Skjá einum í lok janúar. Leikstjóri þáttanna er Arnór Pálmi Arnarson, sem segist upphaflega ekki hafa búist við að þáttaraðirnar yrðu þrjár talsins. Í nýju þáttaröðinni er flakkað á milli tímaskeiða og segir Arnór að þannig fái áhorfendur betri innsýn í líf og tilfinningar persónanna.

„Þáttaröðin hefst þar sem sú síðasta endaði. Við förum meðal annars aftur í tímann og útskýrum af hverju sumir eru saman og aðrir eru ósáttir. Björn Jörundur fer með hlutverk í nýju þáttunum og leikur þar sjálfan sig og við spilum svolítið inn á það. Svo höldum við auðvitað áfram með fjölskyldudramatíkina,“ segir Arnór Pálmi.

Stikla úr nýju þáttunum var birt á Facebook-síðu þáttanna fyrir skemmstu og af henni að dæma má ætla að spennandi þáttaröð sé í vændum. „Já, stiklan er svolítið rosaleg. Fólk var ekki alveg visst hvort þetta væru spennuþættir eða gamanþættir. En þetta er sami húmorinn og áður, nema að núna bætist við sakamál á léttu nótunum.“

Í haust auglýstu framleiðendur þáttanna eftir bíldruslu til kaupa. Bíllinn þurfti að vera í ökuhæfu ástandi og átti að klessukeyra hann í spennandi áhættuatriði fyrir þáttinn. „Þetta var í fyrsta sinn sem við gerðum „stönt“ og við fengum atvinnumann til að negla bílnum á staur. Það voru allir með hjartað í buxunum á meðan á tökum stóð, en þetta tókst allt vel.“

Inntur eftir því hvort von sé á fjórðu þáttaröðinni svarar Arnór því neitandi. „Það hefur ekki verið rætt.“

**- sm**



**ÞRIÐJA ÞÁTTARÖÐIN KLÁR** Arnór Pálmi Arnarson leikstýrir þriðju þáttaröðinni af Hæ Gosi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Tíra í skammdeginu

## Alice Olivia Clarke beið ekki eftir því að keyra einhvern niður í myrkrinu heldur tók til sinna ráða og framleiðir nú glampandi skartgripi fyrir konur og karla.

„Ég byrjaði að horfa í kringum mig og sá að enginn var með endurskinsmerki,“ segir Alice Olivia Clarke, sem hefur um nokkuð skeið boðið upp á „ljómandi fylgihluti“ undir vörumerkinu Tíra.

„Ég var næstum því búin að keyra á manneskju og fór að hugsa um það í kjölfarið hvað ég gæti gert til þess að gera gangandi vegfarendur sýnilegri í umferðinni. Fullorðna fólkið lætur helst ekki sjá sig með hefðbundin endurskinsmerki.“

Alice flutti hingað til lands frá Kanada fyrir tuttugu árum og viðurkennir að hafa sjálf verið löt við að ganga með glitmerki. Hún hafi því fengið þá hugmynd að hanna eitthvað áberandi og flott fyrir íslenska skammdegið.

Fyrir nokkrum árum byrjaði hún að fikra sig áfram og úr urðu handhekluð blóm úr lopa og endurskinsþráðum. Eftirspurnin varð fljótlega mikil og Alice hafði ekki undan við framleiðsluna. Í dag nýtur hún aðstoðar fjölskyldunnar, auk þess sem hún hefur ráðið til sín tvær konur til viðbótar í heklið.

„Ég kalla þetta ljómandi fylgihluti vegna þess að þeir koma ekki í stað hefðbundinna endurskinsmerkja heldur eru þeir hugsaðir sem tískuvara sem sést vel í myrkri,“ segir Alice. Hún hefur aukið vöruúrvalið og reynt að höfða meira til karlmanna en áður, en það er hennar tilfinning að fullorðnir karlmenn séu verst sýnilegir allra í myrkrinu.

„Stundum finnst mér eins og þeir séu ragari við þetta. Þeir nenna ekki að hengja á sig þessi hefðbundnu og hef ég því reynt að finna eitthvað þægilegt og smart fyrir þá.“

**haukur@frettabladid.is**



**LJÓMANDI FYLGIHLUTIR ALICE** Olivia Clarke flutti hingað til lands frá Kanada fyrir tveimur áratugum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





# Of Monsters söluhæst á vínyl

## Um 400 eintök hafa selst af My Head Is an Animal. Ásgeir Trausti er í öðru sæti.

My Head Is an Animal með Of Monsters and Men er söluhæsta vínylplata ársins á Íslandi. Hún hefur selst í um 400 eintökum síðan hún kom út í lok október. Alls voru 500 númeruð eintök prentuð og hafa þau selst eins og heitar lummur. Geisladiskurinn hefur selst í um 20 þúsund eintökum, þar af 10 þúsund á þessu ári.

Tvær vínylplötur hafa selst í um 300 eintökum. Annars vegar Önnur Mósebók með Moses Hightower og hins vegar Dýrð í dauðaþögn með Ásgeiri Trausta. Sá síðarnefndi er uppseldur hjá Senu en prenta á fleiri eintök af Annari Mósebók hjá Record Records. Geisladiskurinn með Ásgeiri Trausta er sá vinsælasti á árinu. Búið er að dreifa honum í 21 þúsund eintökum og líklega verður 2.500 stykkjum bætt við.

Haraldur Leví Gunnarsson starfrækir Record Records, sem er afkastamesti vínylframleiðandi landsins. „Ég byrjaði ekki á þessu af viti fyrr en í ár. Maður hefur alltaf verið smeykur við þetta. Það hefur verið erfitt að selja upp í kostnað en núna finnst mér þetta vera að gera sig,“ segir hann.

Meðal fleiri vinsælla titla hjá útgáfunni eru nýjar plötur frá Retro Stefson og Tilbury sem hafa hvor um sig selst í um 200 eintökum. Ojba Rasta hefur selt um 180 vínylplötur, sem er um 30% af heildarsölu sveitarinnar, því diskurinn hefur farið í 6-700 eintökum. Geisladiskur Retro Stefson náði gullsölu í síðustu viku, sem eru 5 þúsund eintök.

Vínyláhugamenn geta mætt á Kex Hostel um helgina því þar verður haldinn annar vínylmarkaðurinn á skömmum tíma. Síðast seldust um 200 eintök fyrir um hálfa milljón króna.

**- fb**



**VINSÆL Á VÍNYL** Of Monsters and Men á vinsælustu vínylplötu Íslands á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY




OYSTER PERPETUAL DATEJUST LADY 31

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.michelsen.is

ROLEX

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Komnir aftur

Tveir helstu aðdáendur Íslands, Ástralarnir og Eurovision-sérfræðingarnir **Darryl Brown** og **Craig Murray** eru nú komnir aftur til landsins. Þeir unnustarnir hafa verið duglegir að ferðast þvert yfir hnöttinn til að heimsækja landið á síðustu árum og er þetta þeirra fjórða heimsókn á síðustu tveimur árum. Í vikulangri heimsókn sinni hingað leggja þeir mikið upp úr því að hitta fyrir vini sína úr síðustu heimsóknum en í þeim hópi eru meðal annars Páll Óskar, Hera Björg og Margrét Eir. Þeir eru miklir aðdáendur Frostrósa og halda á tvo slíka tónleika í þessari viku. Þeir skelltu sér einnig á tónleika með Mika á dögunum þar sem þeir voru sérstakir gestir Páls Óskars sem hitaði upp fyrir kappann.



### Megas syngur Evulag

„Hlusta á **Megas** syngja lag með texta eftir mig. Það er gaman," skrifar **Eva Hauksdóttir** skáld, stundum kennd við Nornabúðina, á Facebook-síðu sína. Út er nefnilega að koma hljómplatan Evulög þar sem tónlistarmaðurinn **Gímaldin Magíster** hefur samið lög við ljóð Evu. Á plötunni syngur Megas eitt laganna, Kvæði fyrir Pardus. Gímaldin er listamannsnafn Gísla Magnússonar, en hann er sonur Megasar, Magnúsar Þórs Jónssonar. Platan, sem mun vera væntanleg í verslanir í dag eða á morgun, er þegar komin út á netinu og hægt að kaupa hana á söluvef Gímaldins, hvort heldur sem er stök lög eða í heilu lagi. **- trs, óká**



## Mest lesið Vísir

1 Heimsendir handan við hornið – jólahreingerningin gæti verið sú síðasta
2 Benni ákærður fyrir vanskil á ársreikningi
3 Svona gæti heimsendir átt sér stað
4 Karlmaður beið bana í eldsvoða í nótt í Grundarfirði





